

Skipulagslýsing

Norður- Mjódd

Breyting á deiliskipulagi Norður Mjóddar, vegna Stekkjabakka 4-6 og Álfabakka 7 og nærsvæði. Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Maí 2023



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Svæðið.....	4
Skipulagsleg staða – forsendur	5
Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040	5
Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.....	6
Miðsvæði – M12	6
Uppbyggingarreitur 81.....	7
Deiliskipulagsáætlanir í gildi.....	8
Deiliskipulagssvæði sem liggja að reitnum:	8
Samræmi við aðrar skipulagsáætlanir	8
Tilgangur	10
Megin markmið.....	10
Áherslur og leiðarljós:	10
Efnistöð deiliskipulagsvinnunnar.....	10
Mat á umhverfisþáttum	10
Skipulagsferli	11
Helstu hagsmunaaðilar eru:.....	11
Helstu umsagnaraðilar í ferlinu eru:	11
Tímalína.....	11
Heimildir.....	12

Inngangur

Núverandi landnotkun á lóðunum Stekkjarbakka 4-6 og Álfabakka 7 mun taka breytingum í samæri við stefnu Aðalskipulags Reykjavíkur 2040. Svæðið er nú skilgreint sem miðsvæði og verður landnotkunin blandaðri heldur en áður. Til stendur að borgarlína muni liggja í nálægð við lóðirnar í Norður Mjódd.

Í vinnu vegna breytingar á deiliskipulagi verður áhersla á blandaða byggð. Á lóðunum verði komið fyrir íbúðum, matvöruverslun, atvinnustarfsemi, dvalarsvæðum og samgönguinnviðum. Breytingin felst m.a. í því að breyta byggingarreitum, lóðarmörkum, hæð húsa og fjölbreyttri landnotkun frá því sem gildandi deiliskipulag frá 1999 heymilar. Ekki er um stækkun lóða að ræða en lóðarmörk geta breyst.

Skipulagslýsing þessi er yfirlit yfir helstu áherslur deiliskipulagsbreytingarinnar, helstu forsendur, samræmi við aðrar skipulagsáætlanir og feril skipulagsvinnunnar. Með skipulagslýsingunni er verið að tryggja að almenningur og hagsmunaaðilar komi að skipulagsferlinu á fyrstu stigum og efla upplýsingagjöf. Lýsingin er unnin í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Lóðarhafi og skipulagsráðgjafi munu vinna breytingartillögu fyrir reitinn í náinni samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af skipulagssvæði.

Svæðið

Um er að ræða það svæði sem nær yfir atvinnulóðirnar Stekkjabakka 4-6 og Álfabakka 7 sem í dag eru hluti af stærri þjónustu- og miðbæjarkjarna sem var hannaður og útfærður út frá skipulagshugmyndum 8., 9. og 10. áratug síðustu aldar. Áætluð afmörkun svæðisins sem skipulagsbreytingin nær til afmarkast af Álfabakka til suðurs, vesturs og norðurs og Stekkjabakka til austurs. Lóðin Stekkjabakki 4-6 er 19.507 m² með aðkomu frá Stekkjabakka en Álfabakki 7 er 3.728 m² með aðkomu frá Álfabakka. Samtals eru lóðirnar 23.234 m².

Í dag er stærsti hluti svæðisins gróðrastöð en þar er einnig veitingastaður, bensinstöð, vínbúð og bílasala. Hluti af þessari starfsemi flyst yfir í Suður Mjódd. Núverandi byggð á reitnum er fremur sundurleit en stórt bílastæðaplan er einkennandi fyrir lóðirnar auk mikils gróðurs sem fylgir gróðrastöðinni. Byggingar á lóðinni Stekkjabakka 4-6 eru ágætt dæmi um sérhæfðar skemmur undir verslun og vöruhegmslur frá tíunda ártugnum. Bensinstöðin minnir aðeins að litlu leyti á upprunalegu bygginguna, sem þó er grafin undir mikið skyggni sem skýlir bensíndælum. Á lóð bensinstöðvarinnar er stórt malbikað plan með þvottastöð og geymslusvæðum fyrir m.a. gaskúta.

Skipulagssvæðið er innan borgarhluta Breiðholts og tilheyrir Neðra Breiðholti. Breiðholt er einn stærsti og fjölmennasti borgarhluti Reykjavíkur. Breiðholt er staðsett í austurhluta Reykjavíkur og þar rís byggð einna hæst innan borgarinnar en efsti hluti Breiðholts stendur í rúmlega 120 m hæð. Lægsti punktur Neðra Breiðholts er í Norður Mjódd í um 40 m hæð en landið hækkar til austurs og stendur hæst í ríflega 60 m hæð efst í Bökkunum. Borgarhlutinn er tiltölulega vel gróinn og víða vöxtugur gróður á opnum svæðum. Elliðaárdalurinn og umhverfi hans er mikið aðdráttarafi fyrir íbúa. Einkenni byggðarinnar eru fastmótuð íbúðarhverfi afmörkuð af stórum umferðaræðum og opnum útivistarsvæðum.



Mynd 2. Skematísk mynd sem sýnir afmörkun deiliskipulagssvæðis.



Mynd 3. Skipulagssvæðið í stærra samhengi.

Neðra Breiðholt afmarkast af Elliðaárdal í norðri, opnu grænu svæði í austri, Breiðholtsbraut í suðri og Reykjanesbraut í vestri. Neðra Breiðholt er vel staðsett á höfuðborgarsvæðinu með tilliti til almenningsamgangna vegna nálægðar við Mjódd, þar sem er tengistöð almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins og alls landsins. Auk þess sem stutt er í fjölbreytta þjónustu í Mjódd og Kópavogi. Í Breiðholti er menningarmiðstöðin Gerðuberg, Breiðholtslaug og Fjölbrautaskólinn í Breiðholti auk annarrar fjölbreyttrar atvinnustarfsemi. Elliðaárdalurinn umlykur hverfið í norðri og er þar eitt mest sóttu útivistarsvæði í borginni og er þar mikil trjárækt, laxveiði, fuglalíf og fjölbreytt stígakerfi. Íþróttasvæði ÍR er í Suður Mjódd og Leiknir í Efra Breiðholti.

Almennt er gönguleiðanet gott og öruggt í hverfinu. Góð tenging fyrir hjólandi og gangandi til norðurs að Elliðaárdal er um undirgöng. Umferð akandi og gangandi er almennt vel aðgreind með góðu umferðaröryggi. Göngufæri er fyrir þá íbúa sem búa næst Norður Mjódd í alla þá fjölbreyttu þjónustu sem er þar í dag. Breiðholtsskóli er grunnskóli hverfisins, fyrir nemendur í 1. – 10. bekk, og þar eru einnig þrír leikskólar, Arnarborg, Bakkaborg og Fálkaborg.


Skipulagsleg staða – forsendur

Forsendur skipulagsvinnunnar eru byggðar á skipulagslegri stöðu svæðisins í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040, Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 og öðrum stefnum Reykjavíkurborgar. Megin markmið þeirrar stefnumótunar sem þar kemur fram er m.a. að þetta byggð innan vaxtamarka á áhrifsvæðum Borgarlínu.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040

Stefna svæðisskipulagsins leggur m.a. áherslu á eftirfarandi þætti; hagkvæman vöxt, skilvirkar samgöngur, heilnæmt umhverfi og gott nærumhverfi.

Mjódd er skilgreind í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 sem bæjarkjarni þ.e. miðstöð opinberrar þjónustu, verslunar, almennrar



Mynd 4. Kjarnar og vaxtamörk ásamt samgöngu- og þróunarsvæðisskipulags.

þjónustu, atvinnu, menningar- og afþreyingar sem þjónar bæjarfélaginu. Í bæjarkjarna skal vera fjölbreytt starfsemi verslunar, afþreying og þjónustufyrirtæki sem þjónar sveitarfélaginu öllu eða hverfishluta þess. Miðað er við bæjarkjarna tengist framtíðar samgöngu- og þróunarsvæði. Gera skal ráð fyrir a.m.k. einni stoppustöð hágæðakerfis almenningsamgangna, Borgarlínu, og góðu aðgengi að strætisvagnleiðum. Göngu- og hjólavænt umhverfi sem er skjólgott og hvetur til útiveru. Hágæða umhverfi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur sem styðja mjög við virka ferðamáta. Blöndun byggðar snýr ekki einungis að breytilegri starfsemi, heldur einnig því að húsnæði sé fjölbreytilegt og ýti undir félagslega blöndun og fjölbreytni innan hverfa.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 sem var samþykkt 13. janúar 2022 og tók gildi 18. janúar 2022. Í stefnu aðalskipulagsins er gert ráð fyrir því að að minnsta kosti 90% allra nýrra íbúða á skipulagstímabilinu risi innan núverandi þéttbýlismarka. Markmiðið er að skapa heildstæðari og þéttari borgarbyggð og nýta þar með betur land og fjárfestingar í gatna- og veitukerfum og þjónustustofnunum. Með þéttari og blandaðri byggð er dregið almennt úr vegalengdum, samgöngukostnaði og umhverfisáhrifum samgangna og auðveldara er að stuðla að breyttum ferðavenjum og efla lýðheilsu. Einnig er tekið á mótun og yfirbragð nýrri og eldri byggðar, almenningsrýma og opinna svæða. Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er heimil uppbygging húsnæðis frá 4 og upp í 7 hæðir innan reitsins. Reiturinn er skilgreindur sem miðsvæði (M12) og borgarhlutakjarni þar sem Borgarlínan mun fara um og vera með biðstöð.

Miðsvæði – M12

Skilgreind landnotkun reitsins sem deiliskipulagsbreytingin nær yfir er miðsvæði, M12. Eftirfarandi skilgreiningar eiga við um svæðið:

Borgarhlutakjarni M12: „*Fjölbreytt verslun, m.a. sérvöruverslun og þjónusta og starfsemi sem þjónar heilum borgarhluta. Verslun og þjónusta, skrifstofur, stofnanir, afbreyting og íbúðir, einkum á efri hæðum bygginga. Matvöruverslanir Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 III. Landnotkun og önnur ákvæði um 98 uppbyggingu og þróun byggðar heimilar. Veitingastaðir í flokki I og II eru heimilir og veitingastaðir í flokki III geta verið heimilir, þó með takmörkuðum opnunartíma til kl. 1 um helgar og 23 á virkum dögum. Gististaðir í flokki I–III eru heimilir og eftir atvikum gististaðir í flokki IV, sjá töflu 19.3. Í SuðurMjódd er heimilt að vera með bílasölu samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi.*“



Mynd 5. Klippa úr þéttbýlisupprætti AR2040. Gula strikalínan afmarkar skipulagssvæðið á skematískan hátt.

Tafla 6.1. Miðsvæði í AR2040

Uppgefnar tölur varða aukningu byggingarmagns atvinnuhúsnæðis eingöngu. Heimildir um byggingu íbúða á umræddum svæðum, sjá töflu 3.1 og viðmið um þéttleika í kafla 3.6.1. Nettóaukning byggingarmagns atvinnuhúsnæðis (m²). Vikmörk byggingarmagns eru +20% og þau taka eingöngu til áætlaðrar aukningar atvinnuhúsnæðis.

	Stærð ha	Núverandi byggingarmagn (m ²)	Áætluð aukning byggingarmagns*
Spöngin (M11)	7,3	11.000	5.000
Mjódd-Suður-Mjódd (M12)	20,8	36.000	60.000
Melabúð+ (M13)	4,2	8.000	

Mynd 6. Hluti úr töflu 6.1 í AR2040.

Uppbyggingarreitur 81

Uppbyggingarreitur 81 í AR2040 er skilgreindur fyrir nýja íbúðarbyggð í Norður Mjódd sbr. töflu á mynd 7. Miðað er við að húsnaði sé frá 4 til 7 hæðum innan reitsins.

Stefna og viðmið aðalskipulags um þéttleika byggðar, blandaða starfsemi og byggingarmagn gefa einvörðungu til kynna mögulega hámarksnýtingu svæða. Endanleg ákvörðun um magn bygginga, fjölda íbúða, hæðir húsa og þéttleika á einstökum svæðum er ávallt tekin við gerð deiliskipulags, með tilliti til meginmarkmiða aðalskipulags um sjálfbæra þróun og gæði byggðar.

Gæði byggðar skiptir öllu máli, er kemur að gerð deiliskipulagsáætlana. Lesa þarf í takt byggðarinnar í kring, greina séreinkenni svæðisins. Huga þarf að borgarrýminu, hvernig er rýmið til að ferðast í og hvernig mótar svæðið tengingar á milli.

Leggja þarf áherslu á gróður, mýkt og jarðtengingar, að byggingar bjóði upp á fjölbreytileika og að svæðin á milli séu góð og mannvæn.

Við mótun íbúðarbyggðar í deiliskipulagi þarf að huga jöfnum höndum að þeim gæðum sem eru innandyra, innan íbúðanna og utandyra í þeim rýmum sem myndast milli húsanna og ætluð eru til útiveru, samveru og leiks. Hér geta einfaldir þættir eins og fjöldi og fjölbreytilegir inngangar skipt miklu máli.

Við endanlegt mat á umfangi uppbyggingar, ákvörðunum um hæðir húsa og byggingarform í deiliskipulagi þarf ávallt að taka mið af fjölmörgum atriðum sem snerta umhverfisgæði; svo sem dagsbirtu inni sem úti, skuggavarp, útsýni, loftræstingu, loftgæðum, hljóðvist og sólríku og skjólgóðum garðsvæðum og öðrum útisvæðum.

Tafla 3.1. frh. Svæði fyrir nýja íbúðarbyggð

	Nr.	Stærð ha*	Hæðir húsa (flokkur)**	Viðmið um þéttleika	Tilvisun – landnotkun
Breiðholt:					
Mjódd-Norður-Mjódd	81	12,5	4–7	Sjá kafla 3.6	M12

Mynd 5. Tafla úr AR2040.

Tafla 3.2. Almenn viðmið um hámarksþéttleika íbúðarbyggðar og blandaðrar byggðar eftir staðsetningu í borginni, annars vegar vegna nálægðar við almenningssamgöngur og hins vegar vegna nálægðar við fjölbreyttan atvinnukjarna. Samþykkt deiliskipulags á svæðum sem njóta herra nýtingarhlutfalls vegna nálægðar við stöðvar Borgarlinu er háð því að fyrir liggji tímasett áætlun um framkvæmdir við Borgarlinu á viðkomandi leið.

Flokkur nýtingar	Svæðisnýting**	Áhrifasvæði almenningssamgangna (fjarlægð frá biðstöðvum)*	Blönduð byggð. Nálægð íbúðarbyggðar við fjölbreytta atvinnukjarna.**
I	> 1,5 Það samsvarar um 150 íbúðum á ha svæðis eða meira.	Innan við 150 m frá S1 stöð	Landskjarni (sbr. svæðisskipulag) og miðlæg miðsvæði með blandaðri byggð íbúða og atvinnustarfsemi, miðsvæði M1–4 (þ.m.t. svæði M26 og M27), M5–M8 og önnur samgöngumiðuð svæði (sbr. skilgreining svæðisskipulags) með blandaðri og fjölbreyttri byggð íbúða, þjónustu og atvinnustarfsemi.
II	1,2–1,5 Það samsvarar um 120 til 150 íbúðum á ha svæðis.	150–300 m frá S1 stöð 0–150 m frá S2 stöð	Önnur miðsvæði þar sem lögd er áhersla á blöndun íbúða og atvinnustarfsemi.
III	0,6–1,2 Það samsvarar um 60 til 120 íbúðum á ha svæðis.	300–600 m frá S1 stöð 150–600 m frá S2 stöð 0–400 m frá S3 stöð	
IV	0,4–0,6 Það samsvarar um 40 til 60 íbúðum á ha svæðis.	400–600 m frá S3 stöð Innan við 400 m frá S4 stöð	
V	Yfirbragð og þéttleiki byggðar taki mið af nærliggjandi byggð.	Önnur svæði utan ofangreindra áhrifasvæða.	

Mynd 6. Tafla úr AR2040 um almenn viðmið um hámarksþéttleika íbúðarbyggðar og blandaðrar byggðar eftir staðsetningu.

Deiliskipulagsáætlanir í gildi

Í gildi er deiliskipulag fyrir reitinn sem heitir *Norður Mjódd* og var það staðfest 03.05.1999 og hafa verið unnar á því tvær breytingar. Bensínstöð var reist á svæðinu árið 1976 og önnur bensínstöð með bílalúgu var opnuð árið 1984. Breyting var gerð á deiliskipulaginu frá því að vera útivistarsvæði til sérstakra nota í blandaða notkun verslunar- og þjónustusvæðis og útivistarsvæðis til sérstakra nota s.s. gróðrastöðvar, garðlönd, íþróttasvæði og kirkjugarð.

Á lóð A; Stekkjarbakki 4-6 er nýtingarhlutfall allt að 0,3 og heimilt byggingarmagn allt að 5850 m². Bílastæði skulu vera lágmark 1 á hverja 37 m² húsnæðis. Á lóð C, Álfabakka 7 er heimil bensínstöð og smurstöð.

Á gildandi deiliskipulagsupprætti er kvöð um lagnir og aðkomu. Lóðarhafi mun í samstarfi við Veitur meta hvort þörf er að færa lagnirnar sem liggja um lóðina eða hvort staðsetning byggingareita muni taka mið af núverandi lögnum innan svæðisins.


Deiliskipulagssvæði sem liggja að reitnum:

1. Reykjanesbraut og Nýbýlavegur við Mjódd staðfest 07.09.2000.
2. Deiliskipulag Mjóddarinnar 1985 og 1991 staðfest 27.12.1985.
3. Hverfisskipulag Breiðholts tók gildi 4. maí 2022.


Samræmi við aðrar skipulagsáætlanir

[Hverfisskipulag Breiðholts](#) nær yfir allt Breiðholtið að undanskildri Mjóddinni en hún er skilgreind sem þróunarsvæði. Svæði sem þarf að vinna deiliskipulagsbreytingu á sem seinna meir verður fært undir hverfisskipulag Breiðholts þegar uppbyggingu er lokið. Skipulagsskilmálar hverfisskipulagsins flokkast í sjö áherslupætti: Samfélag, mannvirki, gæði byggðar, samgöngur, vistkerfi og minjar, orka og auðlindir og náttúruvá.

Helstu áherslur hverfisskipulagsins fyrir [þróunarsvæðið](#) eru byggðar á áherslum AR2040, M12 og uppbyggingarreit 81. Tekið verður mið af fyrirhuguðum framkvæmdum og áætlunum í nágrenni reitsins.



Mynd 7. Klippa úr gildandi deiliskipulagi Norður Mjóddar. Afmörkun með gulri línu sýnir mörk skipulagssvæðisins á skematískan hátt.



Mynd 8. Deiliskipulagssvæði sem liggja að skipulagssvæðinu.

Í deiliskipulagsvinnunni verður miðað við reglur Reykjavíkurborgar um fjölda stæða fyrir bæði hjól og bíla sem fram koma í Bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar, sem samþykktar voru í Borgarráði 10.01.2019.¹



Mynd 9. HverfisSKIPulagsuppdráttur fyrir skilmálaeiningu 6.1.4.p

¹ <https://skipulag.reykjavik.is/hverfisSKIPulag/breidholt/>

Tilgangur

Megin markmið

Megin markmið skipulagsvinnunnar er að skilgreina blandaða byggð sem tekur mið af fyrirhugaðri borgarlínubiðstöð, gæðum byggðar, rýmum á milli húsa og tengslum við nærumhverfið.

Deiliskipulagsbreytingin á að hljóta vistvottun BREEAM Communities. Með vottuninni er hugað að gæðum í umhverfis- og skipulagsmálum og skiptist ferlið upp í fimm megin flokka;

- Samráð og stjórnun.
- Félagslega og efnahagslega velferð.
- Auðlindir og orku.
- Landnotkun og vistfræði.
- Samgöngur og aðgengi.

Áherslur og leiðarljós:

- Blönduð byggð með fjölbreytt framboð íbúðargerða sem umlykur dvalarsvæði og inngarða.
- Taka mið af mannlegum kvarða byggðar og opinna dvalarsvæða.
- Sambætting fjölbreyttra samgöngumáta.
- Leggja áherslu á sólrik og skjólgóð dvalarsvæði sem tengja sig við núverandi byggð og stígakerfi.
- Móta umhverfi fyrir líffræðilegan fjölbreytileika og vatnsbúskap.
- Umhverfi sem tengir sig við núverandi byggð, útivistarsvæði og stígakerfi.
- Breyting á götukassa Stekkjabakka og Álfabakka.
- Taka mið af lagnakerfi innan svæðisins.
- Skoða lausnir á vestanverðum jaðri svæðisins m.t.t. hljóðvistar.

Efnistöð deiliskipulagsvinnunnar

- Skilgreina byggðarmynstur, landnotkun, lóðir, byggingarreiti, þéttleika, byggingarmagn og hæðir húsa.

- Skilgreina nærumhverfi, dvalarsvæði og almenningrými, tengingu þeirra við aðliggjandi stígakerfi og útivistarsvæði.
- skilgreina blágrænar ofanvantslausnir, lágmarks umfang gróðurs – svo hægt sé að tryggja líffræðilegan fjölbreytleika.
- Skilgreina samgönguinnviði, bíla- og hjólastæði, og hljóðvist.
- Skilgreina innviði s.s. sorplausnir og veitumannvirki.

Mat á umhverfisþáttum

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög nr. 111 / 2021 um umhverfismat áætlana þar sem deiliskipulagið mun ekki fela í sér framkvæmdir sem eru taldar upp í 1. viðauka sömu laga. Aftur á móti verður gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 5.4 gr. skipulagsreglugerðar 90/2013 sem og áherslur AR2040. Skoðuð verða áhrif skipulagstillögunnar á núverandi byggð og umhverfi. Eftirfarandi atriði verða m.a. skoðuð en ekki er um tæmandi upptalningu að ræða:

- Samfélag; íbúapróun, þjónusta, efnahagur, dvalarsvæði og lýðheilsa.
- Ásýnd og svipmót byggðar, útsýni, byggðarmynstur og varðveislugildi.
- Skuggvarp, sólar- og dagsbirtugæði og skjólmyndun.
- Samgöngur, umferðarsköpun, hljóðvist og loftgæði.
- Vatnsbúskapur og flóðahætta.
- Líffræðilegur fjölbreytileiki; náttúra og dýralíf.
- Minjar; fornminjar og menningarminjar.
- Hagkvæmni.
- Áhrif á innviði s.s. gatnakerfi, lagnir og skóla.

Einnig verður horft til áherslna sem þarf að taka tillit til vegna Breeam vottunar og annarra atriða sem koma fram við frekari þróun deiliskipulagsvinnunnar. Gerð verður jarðtæknileg úttekt á svæðinu. Húsakönnun og fornleifaskráning hefur verið unnin.

Skipulagsferli

Við vinnu deiliskipulagsins og á kynningartíma verður haft samráð við alla helstu hagsmunaaðila og umsagnaraðila. Á kynningartíma verður umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram ábendingar og athugasemdir sem geta komið að gagni við vinnu deiliskipulagsins.

Á meðan deiliskipulagsvinnan stendur yfir verður ferli vinnunnar aðgengilegt á vef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is.

Helstu hagsmunaaðilar eru:

- Íbúar í nærumhverfi skipulagssvæðis.
- Rekstraraðilar og lóðarhafar nærumhverfis skipulagssvæðis.
- Starfsfólk nálægra vinnustaða.
- Notendur svæðis.

Helstu umsagnaraðilar í ferlinu eru:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Verkefnastofa Borgarlínu
- Betri Samgöngur
- Strætó bs.
- Veitur ohf.
- Minjastofnun Íslands
- Íbúaráð og íbúasamtök í Breiðholti
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Kópavogsbær
- Eftirtaldar deildir, skrifstofur og svið Reykjavíkurborgar
 - Skrifstofa framkvæmda og viðhalds
 - Samgöngu- og borgarhönnunardeild

- Skrifstofa reksturs og umhirðu
- Skrifstofa umhverfisgæða
- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
- Skóla- og frístundasvið
- Velferðarsvið

Umsagnir, ábendingar og athugasemdir óskast sendar á skipulag@reykjavik.is. Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar og verði aðgengileg á heimasíðu Reykjavíkurborgar <http://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu>.

Tímalína

Tímasetningar eru til viðmiðunar fyrir skipulagsferlið sem er framundan en getur tekið breytingum eftir þróun verkefnisins.

Júní 2023

Skipulagslýsing lögð fyrir umhverfis- og skipulagsráð skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagslýsing afgreidd í sveitarstjórn.

Skipulagslýsing auglýst og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsing kynnt almenningi skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Haust 2023

Fyrsti áfangi tillögu að deiliskipulagsbreytingu í vinnslu kynnt í umhverfis- og skipulagsráði og borgarráði. Tillaga á forkynningarstigi kynnt fyrir umhverfis- og skipulagsráði sem og borgarráði.

Norður Mjódd, Reykjavík

Október/nóvember 2023	Skipulagstillögur kynntar á forkynningarstigi, móttaka og úrvinnsla ábendinga. Almennur kynningarfundur.
Febrúar 2024	Skipulagstillögur auglýstar skv. 41. gr. skipulagslaga. Gefinn er 6 vikna frestur til að skila inn athugasemdum.
Apríl 2024	Móttaka og úrvinnsla athugasemda, ábendinga og umsagna.
Sumarið 2024	Samþykktarferli og gildistaka skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga.

Heimildir

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.

<https://reykjavik.is/adalskipulag>

Byggðakönnun. Borgarhluti 6 – Breiðholt. 2021.

https://borgarsogusafn.is/sites/borgarsogusafn.is/files/atoms/files/utgafa_skyrsla_216_byggdakonnun_breidholt_24.11.2021_0.pdf

Deiliskipulag Norður Mjódd 1999.

Hverfisskipulag Breiðholts 2022.

<https://skipulag.reykjavik.is/hverfisskipulag/breidholt/>

Svæðisskipulagið, Höfuðborgarsvæðið 2040.

<https://ssh.is/svaedisskipulag>

Nr. máls: 0447/2023

Heiti máls: Norður Mjódd - Stekkjarbakki 4-6 og Álfabakki 7 - skipulagslýsing

Heiti fasa: Lýsing

Athugasemd:

Höfundur: Guðmundur H Einarsson

Sent inn þann: 28.07.2023

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

Ábending með vísun til skipulagsauglýsingar fyrir Norður-Mjódd - Stekkjarbakki 4-6 og Álfabakki 7

Undirritaður þessarar ábendingar er fæddur í Reykjavík og hef búið þar alla tíð. Til skýringar í næstum 75 ár og á fullorðins árum í austurhluta Reykjavíkur. Tel mig bæði kunnugan og hagvanan.

Svo sem fram kemur í gögnum er neðra Breiðholt vel staðsett á höfuðborgarsvæðinu með tilliti til almenningsgangna. Svo það fari ekki milli mála má einnig draga fram þá staðreynd að umrætt skipulagssvæði er ekki síður vel staðsett fyrir almennar samgöngur og búsetu fólks. Er það hvatinn að því að undirritaður fór að kynna sér fyrirhugaða uppbyggingu.

Þá er komið að því sem vantar í leiðarlýsingu og þarf að vera leiðarljósi við framhald skipulagsvinnu. Þar er fyrst að nefna að við mótun íbúðarbyggðar í deiliskipulagi þarf að huga jöfnum höndum að þeim gæðum sem eru innandyra sem utan. Byggðin má vera falleg og falla að því sem fyrir er. Hvað er fallett getur að sjálfsgöðu alltaf verið smekksatriði. Það sjónarmið sem undirritaður vill koma á framfæri er að byggð sem er með vel hönnuðum þökum er óneitanlega aðlaðandi í samanburði við þök sem líta út eins og um malarnámu sé að ræða. Einkenni byggðarinnar í Bökkum og Stekkjum er fastmótuð íbúðarhverfi afmörkuð af opnum útivistarsvæðum eins og fram kemur og ekki verður annað séð en að þar hafi tekist vel til.

Einn af kostum nálægar byggðar er að íbúðarhúsin eru almennt með vönduðum þökum með góðum vatnshalla. Stór hluti af gæðum íbúðarhúsnæðis er að vera laus við leka og vandamál sem því fyrirbrigði fylgir s.s. ólofti og myglu. Farið er framhjá þessu lýðheilsamáli í skipulagslýsingum nú orðið eða farið um málefnið eins og köttur fer umhverfis heitan graut. Annað fyrirbrigði er orðið nokkuð áberandi í umræðu en það er að þök byggingar eru allt of oft gerð aðlaðandi fyrir stóra fugla sem velja þau sem hreiðurstæði vegna gerðar. Algjörlega óþarfi að leggja af stað og skapa síðar slík leiðindi.

Vegna: Máls nr. 0447/2023, Norður Mjódd - Stekkjarbakki 4-6 og Álfabakki 7 - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Takk fyrir erindið Umhverfisstofnun bendir á að í 2. mgr. 68. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum og á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laganna. Umhverfisstofnun telur að svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til sé hvorki á náttúruverndarsvæðum né á svæðum sem njóta sérstakrar verndar. Stofnunin áformar því að veita ekki umsögn varðandi tillöguna. Ef sveitarfélagið hefur athugasemd við afgreiðslu stofnunarinnar er hægt að koma því á framfæri með því að senda erindi á ust@ust.is

Höfundur: Axel Benediktsson [REDACTED]

Sent inn þann: 01.08.2023 , **Fyrir hönd:** Umhverfisstofnun



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið – Skipulagsfulltrúi

Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. ágúst 2023
MÍ202307-0118/ 6.09 / 0645

Efni: Norður Mjódd - Stekkjarbakki 4-6 og Álfabakki 7 - skipulagslýsing

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 27. júlí 2023, þar sem Reykjavíkurborg óskar eftir umsögn stofnunarinnar um ofangreinda skipulagslýsingu, mál nr. 0447/2023 vegna breytingar á deiliskipulagi. Meðfylgjandi erindinu var *skipulagslýsing – Norður- Mjódd*, unnin af JVST teiknistofu og Klasa ehf, dagsett í maí 2023. Um er að ræða svæði sem nær yfir lóðirnar Stekkjarbakka 4-6 og Álfabakka 7 sem í dag eru hluti af atvinnu- og þjónustusvæði með bílastæðaplani sem er einkennandi fyrir lóðirnar. Fyrirhugað er að hluti af þessari starfsemi muni flytjast yfir í Suður- Mjódd og felst breytingin meðal annars í því að breyta byggingarreitum, lóðarmörkum og hæð húsa. Gert er ráð fyrir blandaðri byggð á svæðinu sem tekur mið af fyrirhugaðri borgarlínustöð.

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir:

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirlönd um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Fyrir liggur húsakönnun, *Norður- Mjódd húsakönnun*, unnin af Hildi Gunnlaugsdóttur, arkitekt og umhverfisfræðings, árið 2023. Samkvæmt þeirri skýrslu eru fimm hús á svæðinu, tvö þeirra (dúkhús) eru skráð sem hluti af *Garðheimum* í húsaskráningunni. Önnur hús eru *vöruhús/bílasala* og *bensínafgreiðslustöð*. Húsin eru byggð á árunum 1976 – 1999 og falla því ekki undir ákvæði laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Einnig liggur fyrir húsakönnun, *Bensínstöðvar á uppbyggingarlóðum - Húsakönnun*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2023, skýrsla nr. 226. Sú skráning var unnin að beiðni umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur vegna áforma um fækkun bensínstöðva, sem er hluti af viðbrögðum við breyttum áherslum í samgöngumálum og orkuskiptum. Bensínstöðvar eru

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

flokkur bygginga sem hefur átt nokkuð undir högg að sækja þegar kemur að verndun menningararfs. Í þeim flokki eru nokkrar listrænar perlur sem hannaðar hafa verið af virtum arkitektum og því er mikilvægt að varðveislugildi bensínstöðva liggi fyrir áður en ákvarðanir eru teknar um breytingar og/eða niðurrif. Bensínafgreiðslustöðin Álfabakka 7 er ein þeirra 12 bensínstöðva sem fjallað er um í skýrslunni. Hún er metin með miðlungs varðveislugildi. Einföld byggingarlist með póstmoderniskum áhrifum en seinni tíma breytingar hafa rýrt byggingarlistarlegt gildi hennar.

Fyrir liggur *byggðakönnun Borgarhluti 6 – Breiðholt*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2021, skýrsla nr. 216, sem unnin var að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar vegna Hverfisskipulagsgerðar. Samkvæmt þeirri skýrslu eru engar minjar á umræddu svæði.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við ofangreinda skipulagslýsingu fyrir Norður- Mjódd. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Vegna: Máls nr. 0447/2023, Norður Mjódd - Stekkjarbakki 4-6 og Álfabakki 7 - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Það má skrifa meira og betur um hvernig eigi að afbílavæða svæðið og þá sérstaklega hvernig göngu- og hjólastígar eiga að tengjast nærliggjandi hverfum og svæðum. Það má leggja meiri áherslu á, hvernig skerma á þetta nýja hverfi frá þeim miklu óþægindum sem hávaðamengun frá Reykjanesbrautinni mun valda. Einnig má fjalla betur um þá loftmengun sem möguleg er á svæðinu frá þessari miklu bílaumferðaræð og mögulegar lausnir þar á. Þegar fjallað er um tilgang, skilgreiningu samgönguinnviða, þá má bæta við innviðum fyrir gangandi og almenningsamgöngur.

Höfundur: Hallbjörn Reynir Hallbjörnsson [REDACTED]

Sent inn þann: 15.08.2023 , **Fyrir hönd:** Verkefnastofa Borgarlínu



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur
b.t.s skrifstofu skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK
Ísland

Reykjavík, 16. ágúst 2023
Tilvísun: 2023080132/10.0

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um skipulagslýsingu fyrir Norður Mjódd

Vísað er til tölvubréfs úr Skipulagsgátt þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg óski eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um skipulagslýsingu fyrir Norður-Mjódd-Stekkjarkakki 4-6 og Álfabakki 7, mál nr. 0447/2023: Lýsing (Breyting á deiliskipulagi). HER hefur farið yfir erindið og þau gögn sem því fylgja og gerir eftirfarandi umsögn.

Í lýsingunni er tekið á flestum þeim umhverfisþáttum er máli skipta varðandi skipulagssvæðið. HER telur þó nauðsynlegt að skerpa á ofanvatnsmálum. Komið hafa upp vandamál vegna mengaðs ofanvatns sem borist hefur frá svæðinu niður í Elliðaár. Æskilegt væri að vera með settjörn til að hreinsa ofanvatn áður en því er veitt niður í ána. HER vill einnig benda á að ef leyft er að hafa veitingastaði í flokki III á svæðinu í bland við íbúðir þá þarf að taka fram að skv. íslenskum hljóðvistarstaðli skal almennt ekki hafa slíka staði, sem og líkamsræktarstöðvar, fyrir neðan íbúðir. Jákvætt er að sett er takmörkun á opnunartíma fyrir staði í flokki III.

HER áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri

Helgi Guðjónsson
Verkefnastjóri

Vegna: Máls nr. 0447/2023, Norður Mjódd - Stekkjarbakki 4-6 og Álfabakki 7 - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Vegagerðin hefur fangið til umsagnar skipulagslýsingu á Norður Mjódd - Stekkjarbakki 4-6 og Álfabakki 7. Vegagerðin hefur yfirfarið innsenda skipulagslýsingu skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, og gerir eftirfarandi athugasemd: Í kaflanum Tilgangur - Megin markmið, bls. 10, þarf að koma fram að skipulagið taki tillit til framtíðarsýnar vegna borgarlínu, t.d. hvað varðar tengingu borgarlínu að og frá borgarlínu biðstöð og legu hennar á milli Mjóddar og Vogabyggðar, og meðfram Reykjanesbrautar. Vegagerðin óskar eftir að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum og bendir á að halda skal fjölda tenginga við þjóðveg í lágmarki og vanda útfærslu þeirra í samræmi við gildandi veghönnunarreglur. F.h. Höfuðborgarsvæðis Vegagerðarinnar Katrín Halldórsdóttir og Kristján Árni Kristjánsson

Höfundur: Katrín Halldórsdóttir [REDACTED]

Sent inn þann: 17.08.2023 , **Fyrir hönd:** Vegagerðin - Höfuðborgarsvæði



Mál: Norður Mjódd. Stekkjarbakki 4-6 og Álfabakki 7. Skipulagslýsing (breytt deiliskipulag)

Skipulagslýsing til umsagnar.

Dags. 18. ágúst 2023

málsnúmer ONE: 23081156

Umsögn skipulagsfulltrúa Kópavogs

Reykjavíkurborg hefur óskað eftir umsögn Kópavogsbæjar um skipulagslýsingu fyrir Norður-Mjódd-Stekkjabakka 4-6 og Álfabakka 7 (breyting á deiliskipulagi). Í lýsingunni kemur fram að svæðið er skilgreint sem miðsvæði í aðalskipulagi Reykjavíkur og þar er gert ráð fyrir auknu byggingarmagni á reitnum.

Gera má ráð fyrir að uppbygging á reitnum hafi í för með sér aukna bílaumferð. Mikilvægt er í deiliskipulagsvinnunni að sé gerð grein fyrir hvernig uppbygging hefur áhrif á umferðarflæði og tengingar á sveitarfélagsmörkum.

Í lýsingunni kemur fram að uppbygging hefur í för með sér breytingu á götukassa Stekkjabakka og Álfabakka. Ekki er hægt að sjá á afmörkun skipulagssvæðisins hvar breytinga er að vænta á götukassa Stekkjabakka. Kópavogsbær bendir á að stækka ætti afmörkun skipulagssvæðis þannig að aðliggjandi vegir séu hluti af skipulagssvæðinu, þannig hægt sé að tryggja hönnun umferðarmannvirkja og innviða í takt við markmið deiliskipulagsgerðar.

Skipulagsfulltrúi f.h. bæjarins áskilur sér rétt til að koma með frekari ábendingar og athugasemdir á síðari stigum í skipulagsferlinu.



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. ágúst 2023

Efni: Mál nr. 447/2023. Umsögn Veitna vegna skipulagslýsingar fyrir Norður Mjódd.

Vísað er til skipulagslýsingar fyrir Norður Mjódd, Stekkjabakka 4-6 og Álfabakka 7. Í skipulagslýsingunni kemur meðal annars fram að megin áhersla verði á blandaða byggð. Á lóðunum verði komið fyrir íbúðum, matvöruverslun, atvinnustarfsemi, dvalarsvæðum og samgönguinnviðum. Breytingin felst m.a. í því að breyta byggingarreitum, lóðarmörkum, hæð húsa og fjölbreyttri landnotkun frá því sem gildandi deiliskipulag frá 1999 heimilar.

Veitur hafa kynnt sér skipulagslýsinguna og vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

I) Deiliskipulagsáætlanir í gildi


Í skipulagslýsingu er tekið fram að á gildandi deiliskipulagsupprætti sé kvöð um lagnir og aðkomu og að lóðarhafi mun í samstarfi við Veitur meta hvort þörf er að færa lagnirnar sem liggja um lóðina eða hvort staðsetning byggingareita muni taka mið af núverandi lögnum innan svæðisins.

Veitur gera athugasemd við framangreint orðalag. Lagnir Veitna liggja í kvöðum, líkt og fram kemur, en það þarf að vera skýrt að það er ekki háð mati lóðarhafa hvort Veitur færi sínar lagnir eða ekki. Hins vegar getur lóðarhafi óskað eftir færslu og það er þá Veitna að meta hvort hægt sé að koma til móts við þær óskir. Allur kostnaður við slíkt fellur á lóðarhafa.

II) Stofnlögn hitaveitu

Veitur óska eftir að bætt verði inn sérstakri kvöð um stofnlögn hitaveitu sem liggur milli Álfabakka 7 og Stekkjabakka 6. Sjá mynd 1.

Staðsetning byggingarreita þarf að taka mið af legu þessarar stofnlagnar hitaveitu. Um er að ræða stóra og nýlega háhitalögn og það er vandkvæðum bundið að færa hana, hvort tveggja út frá tæknilegum og kostnaðarlegum sjónarmiðum. Þá þarf lóðarhafi að hafa samráð við Veitur á framkvæmdartíma um að verja lögnina.



Mynd 1.

III) Vatnslagnir í borgarlandi

Veitur benda á að hitaveitu- og vatnslagnir liggja við lóðarmörk. Komi byggingarreiturn til með að ná að lóðarmörkum og/eða gert verði ráð fyrir bílakjallara gæti þurft að verja þær lagnir eða færa þær. Lóðarhafi þarf að hafa samráð við Veitur á framkvæmdatíma og mun bera kostnað af öllu raski á lögnum utan lóðar.

Að auki þarf að taka tillit til þessara lagna ef lóðarmörkum verður breytt og tryggja að þær verði í kvöðum lendi þær innan lóðar.

IV) Spennustöðvar

Veitur ósk eftir lóð/um undir dreifistöðvar rafmagns til að þjónusta fyrirhugaða uppbyggingu á byggingarreitnum. Mikilvægt er að staðsetning sé unnin í góðu samstarfi við Veitur.

V) Blágrænar ofanvatnslausnir

Innleiðing blágrænna ofanvatnslausna í Reykjavík, Stefna, forsendur og verkferli eru leiðbeiningarit sem Reykjavíkurborg og Veitur hafa unnið saman sjá nánar á <https://www.veitur.is/utgefingefni/fraveita>. Veitur óska eftir að tekið verði mið af framangreindum leiðbeiningum við gerð skipulags og að Veitur fái tækifæri til að fylgja verkefninu frá upphafi.



Jafnframt benda Veitur á að ef lóðarhafi hyggst óska eftir færslu á ofangreindum lögnum þá getur það tekið ca. tvö ár að ljúka við þá færslu frá því að ákvörðun hefur verið tekin og samningar liggi fyrir um færslu milli lóðarhafa og Veitna.

Veitur eru reiðbúnar til samráðs og samstarfs og leggja áherslu á mikilvægi þess að vera upplýst á öllum stigum fyrirhugaðrar skipulagsvinnu til að koma í veg fyrir að mikilvægir innviðir lendi í uppnámi á framkvæmdartíma.

Virðingarfyllt
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir

USK Skipulag

Frá: Aldís Rún. Lárusdóttir [REDACTED]
Sent: föstudagur, 18. ágúst 2023 16:00
Til: USK Skipulag
Efni: Varðandi: Mál nr.447/2023

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Lokið

Vegna beiðni um umsögn
Mál nr. 447/2023, Norður Mjódd – Stekkjarbakki 4-6 og Álfabakki – skipulagslýsing.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins gerir ekki athugasemd við framlagða skipulagslýsingu en bendir á að á síðari stigum þarf að huga að aðkomuleiðum viðbragðsaðila og eftir atvikum björgunarsvæðum, einkum þar sem um íbúðarbyggð verður að ræða.

Kveðja,
Aldís



Aldís Rún Lárusdóttir
Sviðsstjóri forvarnasviðs
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
(+354) 528 3144 (+354) 528 3000
[REDACTED] <http://shs.is>
Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík, Ísland



Efni þessa tölvupósts, sem og skjala og gagna sem send eru sem viðhengi, kann að vera trúnaðarmál. Það er eingöngu ætlað þeim sem tölvupósturinn er stílaður á. Misnotkun getur varðað bótaábyrgð og refsingu, auk þess sem viðtakanda ber samkvæmt gildandi fjarskiptalögum að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn eða viðhengi hans ranglega borist honum. Vinsamlegast eyðið póstinum og viðhengjunum í slíkum tilvikum.

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið
Björn Axelsson
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. ágúst 2023
Tilvísun: 202307113 / 3.5

Efni: Lýsing fyrir gerð tillögu að deiliskipulagsbreytingu Norður-Mjóddar, Stekkjabakki 4-6 og Álfabakki 7, Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg hefur, með erindi dags. 27. júlí 2023, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt til kynningar í skipulagsnefnd 28. júní 2023 og varðar tillögu að gerð deiliskipulagsbreytingu fyrir Norður-Mjódd.

Samkvæmt lýsingunni, dagsett í maí 2023, er gert ráð fyrir að vinna breytingu á deiliskipulagi Norður-Mjóddar fyrir Stekkjabakka 4-6 og Álfabakka 7. Í dag eru byggingar á svæðinu fyrir bensínstöð, gróðrarstöð, vínbúð, bílasölu og fleira. Svæðið er skilgreint sem borgarhlutakjarni og miðsvæði M12 í aðalskipulagi þar sem áætluð er frekari uppbygging atvinnuhúsnæðis auk íbúða á 4-7 hæðum.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og bendir á eftirfarandi við mótun tillögunnar:

- Ef fyrirhugað er að rífa núverandi byggingar þarf að gera grein fyrir því í deiliskipulagsbreytingunni sbr. gr. 5.3.2.1 í skipulagsreglugerð. Einnig þarf að meta umhverfisáhrif vegna þess.
- Fram kemur að deiliskipulagsbreytingin falli ekki undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Bent er á að skv. 2. gr. lagana þá falla allar skipulagsáætlanir undir þau.

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir



Umhverfis- og skipulagssvið
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Umsögn íbúaráðs Breiðholts - Skipulagslýsing/Norður Mjódd – Stekkjarbakka 4-6 og Álfabakka 7.

Á fundi íbúaráðs Breiðholts 30. ágúst 2023 var lögð fram og samþykkt umsögn íbúaráðs Breiðholts um skipulagslýsingu fyrir Norður Mjódd – Stekkjarbakka 4-6 og Álfabakka 7, dags. 30. ágúst 2023, ásamt bréfi Skipulagsgáttar, dags. 27. júlí 2023, með umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar um skipulagslýsingu fyrir Norður Mjódd – Stekkjarbakka 4-6 og Álfabakka 7, sbr. 2. liður fundargerðar ráðsins sama dag.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks sat hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, íbúasamtaka, foreldrafélaga og slembivalinn fulltrúi lögðu fram svohljóðandi bókun:

Lýst er yfir vonbrigðum yfir því að reitur M12 í Aðalskipulaginu sé skipt upp með þessum hætti og hefði viljað allt svæðið sem um ræðir hefði verið unnið sem ein heild til að skapa skýrari heildarmynd af uppbyggingunni sem dregur að sér meiri fjárfestingu, fyrirtæki, stofnanir og fólk í opinni hönnunarsamkeppni. Leggur íbúaráðið áherslu á mikilvægi þess að deiliskipulagið verði unnið samhliða forhönnun Borgarlínu upp í Mjódd frá Vogabyggð, tekið verði tillit til ferða hennar í gegnum svæðið og staðið verði við viljayfirlýsingu borgaryfirvalda og Betri samganga, sem undirrituð var í aprílmánuði árið 2022, um að flýta Borgarlínuleið frá Vogabyggð upp í Breiðholt. Vill íbúaráðið að deiliskipulagið taki mið af viðmiðunarhæðum húsa sem samþykkt er í Aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040 sem er 4-7 hæðir. Að horft til ákvæða hæðastefnunnar að aðeins stakar byggingar geti notið hámarksheimilda og að við mótun byggðar verði leitast við að skala byggðina niður næst hinni lágreistu íbúðarbyggð þannig að skuggavarp verði sem minnst. Samhliða verði gæði byggðar tryggt með vandaðri bjartri borgarhönnun, lögð verði áhersla á sameignleg rými fyrir almenning, þau verði sólrík, skjólsæl, barnvæn og græn og kannaður sé möguleiki á flytja umferð samhliða Reykjanesbraut og gera Stekkjarbakka að Borgarlínugötu í samtali við hagaðila.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks lagði fram svohljóðandi bókun:

Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur tilheyrir uppbyggingarreitur 81 Norður-Mjóddinni í heild (sjá mynd 3 í aðalskipulagi). Þessi skipulagslýsing nær eingöngu til hluta svæðisins. Heildarsýn á hvert skuli vera framtíðarskipulag N-Mjóddar raskast við þetta. Hins vegar er ekki um það deilt að það er skynsamlegt að hefja uppbyggingu íbúða á svæðinu sem skipulagslýsingin nær til en ástæða er til að hafa áhyggjur af hæð þeirra íbúðarhúsa sem fyrirhugað er að reisa. Það er því hættu á of miklu skuggavarp. Það er einnig aðfinnsluvert að skipulagslýsingin feli ekki í sér upplýsingar um fjölda íbúða sem fyrirhugað er að reisa á svæðinu. Litlar



sem engar upplýsingar um samgöngumat liggja fyrir. Í því samhengi verður til þess að líta að ætlunin er að hafa borgarlínustöð á svæðinu en ekki verður ráðið af skipulagslýsingunni hvar hún eigi að vera. Þetta er óheppilegt þar eð í aðalskipulagi er hámarkspéttleiki íbúðarbyggðar m.a. miðaður við nálægð við almenningssamgöngur. Jafnframt er ástæða til að efast um að umfang íbúðabyggðar á svæðinu samrýmist skilmálum Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2040 um að Mjóddin sé bæjarkjarni. Á síðari stigum þessa máls er þörf á að vinna það betur og taka fullnægjandi tillit til allra þeirra athugasemda sem berast.

Þessu er hér með komið á framfæri ásamt hjálagðir umsögn íbúaráðs Breiðholts um skipulagslýsingu fyrir Norður Mjódd – Stekkjarbakka 4-6 og Álfabakka 7.

Virðingarfyllst,
Heimir Snær Guðmundsson
Miðlæg stjórnslá
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar

Umsögn íbúaráðs Breiðholts við skipulagslýsingu vegna þróunarsvæðis í Norður Mjódd

Reykjavík, ágúst 2023

Um er að ræða svæði frá Stekkjarbakka 4-6 og Álfabakka 7, atvinnulóðir sem eru hluti af stærri þjónustu og miðbæjarkjarna Mjóddar.

Íbúaráðið fagnar fyrirhugaðri uppbyggingu á svæðinu enda fágætt tækifæri að þróa framtíðar svæði þar sem áfram verður mikilvægur þjónustukjarni og miðbær fyrir hverfið, miðja almenningsgangna er til staðar og gott aðgengi er að útivistarsvæði Elliðaárdals.

Það eru nokkur atriði sem íbúaráðið vill ávarpa.

Ráðið lýsir yfir vonbrigðum yfir því að reitur M12 í Aðalskipulaginu sé skipt upp með þessum hætti og hefði viljað allt svæðið sem um ræðir hefði verið unnið saman einmitt til að skapa skýrari heildarmynd af uppbyggingunni sem dregur að sér meiri fjárfestingu, fyrirtæki, stofnanir og fólk.

Leggur íbúaráðið þunga áherslu á mikilvægi þess að deiliskipulagið, sem verður unnið við þessar tvær lóðir, verði unnið samhliða forhönnun Borgarlínu upp í Mjódd og ferðir hennar um umrætt svæði. Saknar ráðið þess að þetta sé ekki ávarpað í skipulagslýsingu sem núna er til umsagnar.

Um er að ræða hjarta svæðisins og einstakt tækifæri að móta hágæða borgarumhverfi fyrir fólk samhliða stöð fyrir Borgarlínu í þágu íbúa. Vill ráðið minna á viljayfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Betri samgangna ohf. sem undirrituð var í apríl 2022, er byggir á samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og ríkið undirrituðu í september árið 2019, um vilja aðilanna til að flýta Borgarlínuleiðar frá Vogabyggð upp í Breiðholt. Samhliða vill ráðið vekja athygli á að undirbúningsvinna er hafin um þann legg Borgarlínu og var matsáætlun kynnt á vormánuðum vegna Gatnamóta Reykjanesbrautar og Bústaðarveggar með tilliti til Borgarlínu. Telur ráðið brýnt að horfa á heildarmyndina en tenging Borgarlínu við Mjódd og staðsetning tengistöðvar þarf að skoðast í samhengi við þá uppbyggingu sem ráðgerð er.

Í ljósi þessa ítrekar íbúaráðið mikilvægi þess að hraða vinnu við forhönnun og uppbyggingu Borgarlínustöðvar í Mjódd, að sú vinna verði unnin samhliða þessu deiliskipulagi sem er í vinnslu enda möguleiki á að móta og hanna borgarumhverfi frá grunni í umræddri vinnu. Ráðið vill minna á að Breiðholt er fjölmennasta hverfi borgarinnar og einnig brýnt að ferja fólk sem nú þegar býr í hverfinu í



stað þess að leggja einungis áherslu á uppbyggingu Borgarlínu inn í óbyggt hverfi. Það er því til mikils að vinna að draga úr umferð úr fjölmennasta hverfi borgarinnar.

Telur ráðið brýnt að skýrt komi fram hvernig lífsgæði byggðar á reitnum og nálægðar byggðar verður tryggður með tilliti til umferðar, loftgæða og hljóðvistar frá Reykjanesbraut. Í þessu sambandi vill ráðið að skoðað verði sá möguleiki, í samráði við hagaðila svæðisins, að færa alla umferð bíla samhliða Reykjanesbraut. Þannig yrði Stekkjarbakki eingöngu aðgengilegur fólki með skerta hreyfigetu, gangandi, hjólandi og Borgarlínu. Ávinningur af því eru betri lífsgæði og loftgæði fyrir íbúana sem næst eru Stekkjarbakknum, hjólandi og gangandi eru settir í forgang og öryggi þeirra tryggt. Þannig verður til rými og endalausir möguleikar til að skapa hágæða umhverfi sem laðar að sér fólk, fjárfestingu, fyrirtæki og stofnanir. Gott aðgengi hjólandi, gangandi og fólks með skerta hreyfigetu verði tryggt um svæðið. Mikilvægt er að huga vel að innviðum fyrir hjólreiðar í samstarfi við fagsamtök hjólafólks og hjólatengingar í stofnastígakerfi hjólreiða í kringum Mjódd og niður í Elliðaárdal.

Vill íbúaráðið áréttta mikilvægi þess að deiliskipulagið taki mið af viðmiðunarhæðum húsa sem samþykkt er í Aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040 sem er 4-7 hæðir. Að sérstaklega verði horft til ákvæða hæðastefnunnar að *aðeins* stakar byggingar geti notið hámarksheimilda, leitast sé við að halda þéttleika í lægri mörkum viðmiðunar Aðalskipulagsins Reykjavíkur og að við mótun byggðar verði leitast við að skala byggðina niður næst hinni lágreistu íbúðarbyggð þannig að skuggavarp verði lágmarkað. Samhliða verði gæði byggðar tryggt með vandaðri bjartri borgarhönnun, lögð verði áhersla á sameignleg rými fyrir almenning, þau verði sólrík, skjólsæl, barnvæn og græn.

Að lokum vill íbúaráðið vekja athygli á mikilvægi þess að fá ítarlega sviðsmyndagreiningu frá Skóla- og frístundasviði um möguleika skólasamfélagsins í Neðra-Breiðholti til að taka á móti nýjum börnum í grunnskólann, frístund og leikskólanna þegar umfang íbúðauppbyggingar liggur fyrir.

Vegna: Máls nr. 0447/2023, Norður Mjódd - Stekkjarbakki 4-6 og Álfabakki 7 - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Meðfylgjandi er athugasemd 116 íbúa og fasteignaeigenda í 63 fasteignum í stekkjum, bökkum og selum í 109 Reykjavík.

Höfundur: Hildur Gunnarsdóttir [REDACTED]

Sent inn þann: 31.08.2023

Athugasemdir við skipulagslýsingu Norður Mjóddar - Stekkjarbakka 4-6 og Álfabakka 7

Ný byggð í Norður-Mjódd mun hafa mest áhrif á núverandi byggð raðhúsa í bökkum og einbýlishúsa í stekkjum. Við undirrituð, hópur eigenda fasteigna á þessu svæði, fögnum áformum um uppbyggingu í Norður-Mjódd en viljum fara fram á að Reykjavíkurborg standi sjálf að skipulaginu af metnaði og að áformuð uppbygging verði í samræmi við gildandi svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins SSH2040, aðalskipulag Reykjavíkur AR2040 og síðast en ekki síst í betri tengslum við núverandi hverfi og hugmyndafræði skipulags Breiðholtshverfis.

Skipulagslýsing N-Mjóddar sem nú er auglýst með athugasemdafresti til 31. ágúst, er á engan hátt í samræmi við markmið skipulagslaga nr. 123/2010 eins og rakið verður hér á eftir. Réttast væri því að borgaryfirvöld dragi skipulagslýsinguna til baka og vinni nýja í samræmi við þegar samþykktar skipulagsáætlanir, gildandi skipulagslög og -reglugerð, með faglegum undirbúningi og lögbundnu samráði og komi þannig í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbærni og hag heildarinnar að leiðarljósi.

Íbúar sem búa næst Mjódd krefjast þess:

- Að Reykjavíkurborg sjái sjálf um skipulag Mjóddar í samræmi við lög og hugi að hagsmunum heildarinnar.
- Að öll Mjóddin, M12, sé skipulögð sem ein heild, sbr. skilgreinda skipulagsheild M12 í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, AR 2040.
- Að virða landnotkun M12 sem bæjarkjarna: miðstöð verslunar, þjónustu, atvinnu, menningar og afþreyingar en ekki íbúðir nema að litlu leyti sbr. svæðisskipulag höfuðborgarsvæðis SSH2040 og AR2040.
- Að ekki verði farið í skipulagsgerð Mjóddar fyrr en lega fyrirhugaðrar Borgarlínustöðvar liggi fyrir.
- Að haft sé alvöru samráð við okkur íbúa og fasteignaeigendur í næsta nágrenni
- Að almennur þéttleiki verði að hámarki 0,6 til samræmis við kafla AR2040 um almenn gæði og hugmyndafræði Breiðholts en að hámarki 1,2 í 0-150 m radíus frá Borgarlínustöð.
- Að flokkur ≤5 hæðir gildi í Mjódd og næsta nágrenni fyrir jöfn lífsgæði allra borgarbúa.
- Að haldin verði opin samkeppni um skipulag Mjóddar í samstarfi við Arkitektafélag Íslands skipaða fagdómurum.

Við munum fylgja málinu eftir á öllum stigum skipulags og framkvæmdar og kæra til Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála og annarra dómsstiga gerist þess þörf.

Frekari rökstuðningur fyrir kröfum okkar:

Að Reykjavíkurborg sjái sjálf um skipulag Mjóddar í samræmi við lög og hugi að hagsmunum heildarinnar.

Skv. 1. mgr. 12.gr. skipulagslaga nær skipulagsskylda til lands og hafs innan marka sveitarfélaga. Í 38. gr. laganna segir að sveitarstjórn beri ábyrgð á og annist gerð deiliskipulags en að landeigandi eða framkvæmdaraðili geti óskað eftir því við sveitarstjórn að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi og að sveitarstjórn geti veitt landeiganda eða framkvæmdaraðila, samkvæmt hans beiðni, heimild til að vinna sjálfur að gerð deiliskipulags. „Skal hann þá taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu, sbr. 1. mgr. 40. gr., og skal hún lögð fyrir sveitarstjórn á sama tíma og beiðni um heimild til að vinna tillögu að deiliskipulagi.“

Skipulagslýsing Klasa ehf. og JVST arkitektastofu dags. í maí 2023 vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi Norður Mjóddar fyrir lóðirnar Stekkjarbakka 4-6 og Álfabakka 7, var lögð fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 28. júní s.l. Skv. fundargerð var samþykkt á fundinum að kynna lýsingu nýs deiliskipulags í samræmi við 1. og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs var síðan samþykkt á fundi borgarráðs þann 13. júlí 2023. **Hvorki var á fundi umhverfis- og skipulagsráðs né á fundi borgarráðs lögð fram beiðni Klasa og JVST um að vinna tillögu að deiliskipulagi samhliða framlagnar skipulagslýsingarinnar, eins og skilyrt er að landeigandi eða framkvæmdaraðili ber að gera.**

Reykjavíkurborg er landeigandi á lóðunum sem um ræðir en Klasi eigandi fasteignanna og þar með handhafi lóðarleigusamnings. Skv. heimasíðum fyrirtækjanna er JVST arkitektastofa og Klasi er fasteignapróunarfélag og fasteignarekstraraðili. Skv. fyrirtækjaskrá skattsins er aðalstarfsemi Klasa blönduð fasteignaumsýsla. Klasi hefur áður komið að deiliskipulagi stórra reita í borginni en selt stuttu eftir samþykkt deiliskipulags lóðir með byggingarétti til annarra félaga sem hafa aðalstarf af framkvæmdum eða byggingu húsnæðis, sjá fylgigagn bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. apríl 2022, *Samkomulag við Klasa ehf. og Elliðaárvog ehf. um uppbyggingu á Ártúnshöfða – aðilaskipti*. Bréfið var lagt fyrir fund borgarráðs þann 5. maí 2022 þar sem samþykkt var að Klasi seldi Dverghamar ehf., Höfðakór ehf. og Sérverk ehf. reiti 1, 2 og 7 á lóð Eirhöfða 11. **Hvorki Klasi ehf. né JVST er því framkvæmdaáðili eins og krafa er gerð um, heldur virðist Klasi vera óþarfa milliliður sem hagnast á viðskiptum með byggingarheimildir.**


Samkvæmt fylgigögnunum; *samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Stekkjarbakki 4-6 í Reykjavík og Fækkun bensínstöðva - Samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Álfabakki 7 í Reykjavík* sem bæði eru dagsett 22. júní 2021, og samþykkt á fundi borgarráðs þann 24. júní 2021, er lagt til að borgarráð samþykki samkomulag Reykjavíkurborgar og Haga ehf. annars vegar og Olíuverzlunar Íslands hins vegar um uppbyggingu á lóðunum. Í uppsagnarákvæði samningsins segir að lóðarhafi muni leggja fram tillögu að deiliskipulagi lóðar innan tveggja ára frá undirritun samkomulagsins. Ekki er búið að leggja fram tillögu að deiliskipulagi nú rúmum tveimur árum eftir undirritun, aðeins tillögu að skipulagslýsingu sem var samþykkt í auglýsingu á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 28. júní 2023 og staðfest á fundi borgarráðs 13. júlí 2023, eins og áður segir, eða hálfri til þremur vikum of seint. **Samningurinn ætti því að vera fallinn úr gildi og Reykjavíkurborg í lófa lagið að standa sjálf að skipulagi Mjóddarinnar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.**

Að öll Mjóddin, M12, sé skipulögð sem ein heild, sbr. skilgreinda skipulagsheild M12 í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, AR 2040.

Skv. 7. mgr. 12. gr. skipulagslaga verða gildandi skipulagsáætlanir að vera í innbyrðis samræmi. Þar segir að svæðisskipulag er rétt hærra en aðalskipulag og aðalskipulag rétt hærra en deiliskipulag.

Deiliskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði eða reit innan sveitarfélags. Í 2. mgr. 37. gr. skipulagslaga kemur fram að deiliskipulag skuli gera fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og skal jafnan miða við að það taki til svæða sem mynda heildstæða einingu.

Gildandi aðalskipulag skilgreinir heildstæða einingu N-Mjóddar á uppdrætti frá Stekkjarbakka í norðri, Breiðholtsbraut í suðri, Reykjanesbraut í vestri og íbúabyggð bakka og stekkja til austurs. S-Mjódd er skilgreind á ræmu meðfram Reykjanesbraut sunnan við Breiðholtsbraut. Bæði svæðin eru nefnd M12.



Mynd 5. Klippa úr þéttbýlisuppdrætti AR2040. Gula strikalinan afmarkar skipulagssvæðið á skematískan hátt.

Úrklippa úr AR2040 sem sýnir M12, S-Mjódd og N-Mjódd og mynd 5 úr skipulagslýsingu sem sýnir afmörkun reitar.

Fram kemur í skipulagslýsingu N- Mjóddar að svæði sem vinna eigi deiliskipulag fyrir taki til tveggja lóða N-Mjóddarsvæðis, sem sé hluti af stærri þjónustu- og miðbæjarkjarna. Skipulagssvæðið afmarkast af Álfabakka til suðurs, vesturs og norðurs og Stekkjabakka til austurs. Samtals um 2,3 ha.

Skipulagslýsingin birtir á bls. 6 og 7 tvær töflur um heilmilað aukið byggingarmagn atvinnuhúsnæðis og viðmið um þéttleika fyrir íbúðarbyggð sem teknar eru upp úr gildandi aðalskipulagi. Tafla 6.1. sýnir heimilað aukið byggingarmagn atvinnuhúsnæðis og nær svæðið sem um ræðir yfir Mjódd-Suður-Mjódd (M12) eða alls 20,8 ha svæði. Heimilað aukið byggingarmagn atvinnuhúsnæðis er á þessu svæði 60.000 m² fyrir utan núverandi 36.000 m². Tafla 3.1. sýnir svæði fyrir nýja íbúðabyggð sem nú er skilgreind sem Mjódd-Norður-Mjódd (M12) og er 12,5 ha að stærð. Til heimilda til uppbyggingar er vísað í töflu 3.6.

Ekki er samræmi á milli stærðar og skilgreiningar svæða Mjóddar í aðalskipulagi í töflum sem tilgreina annars vegar byggingarmagn fyrir atvinnuhúsnæði og hins vegar fyrir nýja íbúðarbyggð. Öll svæðin bera svo sama heiti, M12. Ómögulegt er að lesa út úr töflum aðalskipulags hvaða byggingarmagn fyrir atvinnuhúsnæði á við í Mjódd-Norður-Mjódd. Eins og ómögulegt er að lesa út úr töflunum áætlað byggingarmagn fyrir íbúðarhús í Mjódd-Suður-Mjódd. Skilgreind heildstæða eining Mjóddar í aðalskipulagi hlýtur því að miðast við M12 í heild sinni, eða allt svæði Mjóddar sem afmarkast af Stekkjarbakka við mislæg gatnamót í norðri, Þverárseli í suðri, Reykjanesbraut í vestri og íbúðabyggð skóga, bakka og stekkja í austri. **Engar forsendur eru því fyrir því að skilgreina N-Mjódd sem heildstæða einingu og þaðan af síður aðeins lítinn hluta N-Mjóddar, eða tvær lóðir Stekkjarbakka 4-6 og Álfabakka 7, í deiliskipulagi.**

Að virða landnotkun M12 sem bæjarkjarna: miðstöð verslunar, þjónustu, atvinnu, menningar- og afþreyingar en ekki íbúðir nema að litlu leyti sbr. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðis SSH2040 og AR2040.

Í 7. mgr. 12. gr skipulagslaga kemur fram að gildandi skipulagsáætlanir skulu vera í innbyrðis samræmi. Svæðisskipulag er rétt hærra en aðalskipulag og aðalskipulag rétt hærra en deiliskipulag. Við gerð nýrra skipulagsáætlana eða breytinga á skipulagsáætlunum skulu sveitarstjórnir taka mið af gildandi landsskipulagsstefnu.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa, eins og landskipulagsstefna leggur upp með, skilgreint Mjódd sem bæjarkjarna í gildandi svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, SSH2040. Bæjarkjarnar, sem ein tegund miðkjarna, sem eru miðstöðvar opinberrar þjónustu, verslunar, almennrar þjónustu, atvinnu, menningar- og afþreyingar sem þjónar bæjarfélaginu eða borgarhlutanum sérstaklega. Svæðisskipulag tilgreinir nauðsyn þess að starfsemi sem ýti undir fjölbreytta verslun og þjónustu sé beint inn á svæði miðkjarna og samgöngumiðaðra þróunarsvæða.

Gildandi aðalskipulag Reykjavíkur 2040 sem skilgreinir N-Mjódd, allt frá Breiðholtsbraut í suðri til Stekkjarbakka við mislæg gatnamót og Elliðaárdal í norðri, sem miðsvæði með eftirfarandi lýsingu: „Fjölbreytt verslun, m.a. sérvöruverslun og þjónusta og starfsemi sem þjónar heilum borgarhluta. Verslun og þjónusta, skrifstofur, stofnanir, afþreying og íbúðir, einkum á efri hæðum bygginga. Matvöruverslanir heimilar. Veitingastaðir í flokki I og II eru heimilir og veitingastaðir í flokki III geta verið heimilir, þó með takmörkuðum opnunartíma til kl. 1 um helgar og 23 á virkum dögum. Gististaðir í flokki I–III eru heimilir og eftir atvikum gististaðir í flokki IV, sjá töflu 19.3. Sjá nánar kafla 6 í greinargerð aðalskipulags.“ Sama skilgreining á við um Suður-Mjódd, enda hluti af sama heildarsvæði M12.

Í inngangi auglýstrar skipulagslýsingar Norður Mjóddar segir að núverandi landnotkun á lóðunum Stekkjarbakka 4-6 og Álfabakka 7 muni taka breytingum, svæðið sé nú skilgreint sem miðsvæði en landnotkunin verði blandaðri en áður og að Borgarlínan muni liggja í nálægð við lóðirnar. Í vinnu við deiliskipulagið verði áhersla á blandaða byggð og verði á lóðunum komið fyrir íbúðum, matvöruverslun og atvinnustarfsemi auk samgönguinnviða og dvalarsvæðum. Á bls. 4 í skipulagslýsingunni er núverandi starfsemi talin upp; gróðrastöð, veitingastaður, bensínstöð, vínbúð og bílasala og sagt að hluti af starfseminni flytjist í S-Mjódd.

Landnotkun sem tilgreind er í skipulagslýsingu N-Mjóddar er ekki í samræmi við gildandi svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulag Reykjavíkur. Landnotkunin verður einhæfari en áður og núverandi þjónustu og störfum úthýst á svæði í jaðri hverfisins, fjær komandi Borgarlínu. Er það heldur ekki í samræmi við stefnumörkun sömu skipulagsáætlana um að beina verslun og þjónustu á miðkjarna og samgöngumiðuð þróunarsvæði. Ekki er því hægt að samþykkja deiliskipulag í samræmi við skipulagslýsingu sem er í innbyrðis ósamræmi við aðrar gildandi og rétt hærri skipulagsáætlanir skv. 7.mgr. 12. gr. skipulagslaga.

Að ekki verði farið í skipulagsgerð Mjóddar fyrr en lega fyrirhugaðrar Borgarlínustöðvar liggja fyrir.

Skv. heimasíðu Betri Samgangna ohf. er vinna við hönnun og skipulag fyrstu lotu 1. áfanga Borgarlínu, frá Krossamýrartorgi á Ártúnshöfða að Hamraborg í Kópavogi, hafinn. Á heimasíðunni kemur fram að nýlega var samið við Verkis ehf. að vinna frumdrög að leið Borgarlínu í fyrsta áfanga að Hamraborg: „Verkefnið felur m.a. í sér gerð frumdraga að legu Borgarlínunnar í götusniði Hafnarfjarðarvegur innan Kópavogs og staðsetningu og útfærslu borgarlínustöðvar/-a í Hamraborg ásamt gerð kostnaðaráætlunar fyrir framkvæmd verksins.“ Skv. heimasíðunni er gert ráð fyrir að leiðin opni árið 2025, þó ýmsir hafi lýst opinberlega efasemdum um að það náist.

Borgarlínan sem fer um Mjódd er í þriðju lotu verkefnisins með áætlun á opnun línunnar árið 2029. Ekki hafa verið gefnar út fleiri fréttir vegna samninga við ráðgjafa vegna frumdraga að leiðum Borgarlínunnar og má því gera ráð fyrir að ekki liggja fyrir á núverandi tímavarki hvar Borgarlínan kemur til með að keyra á sérakreinu að Mjódd og hvar biðstöðin verður staðsett.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 setur fram viðmið um hámarksþéttleika íbúðarbyggðar og blandaðrar byggðar eftir fjarlægð í almenningssamgöngur (Borgarlínu) og fjölbreyttan atvinnukjarna, tafla 3.2 í kafla III á bls. 86. Þannig er staðsetning Borgarlínubiðstöðvar og mæld fjarlægð lóða að biðstöðinni forsenda þéttingarviðmiða fyrir byggð. Mikill munur er á þéttleikaviðmiðum hvort um er að ræða 0-150 m fjarlægð frá biðstöð S2, sem Mjódd mun tilheyra, eða 150-600 m frá biðstöðinni, með auknum þéttleika nær biðstöðinni. Ennfremur segir í sama kafla: „Samþykkt deiliskipulags á svæðum sem njóta hærri nýtingarhlutfalls vegna nálægðar við stöðvar Borgarlínu er háð því að fyrir liggja tímasett áætlun um framkvæmdir við Borgarlínu á viðkomandi leið.“ Skv. áætlun er gert ráð fyrir að þriðja lota Borgarlínu í Mjódd verði tilbúin árið 2029, sem líkur eru á að frestist.

Tafla 3.2. Almenn viðmið um hámarksþéttleika íbúðarbyggðar og blandaðrar byggðar eftir staðsetningu í borginni, annars vegar vegna nálægðar við almenningssamgöngur og hins vegar vegna nálægðar við fjölbreyttan atvinnukjarna. Samþykkt deiliskipulags á svæðum sem njóta hærri nýtingarhlutfalls vegna nálægðar við stöðvar Borgarlínu er háð því að fyrir liggja tímasett áætlun um framkvæmdir við Borgarlínu á viðkomandi leið.

Flokkur nýtingar	Svæðisnýting**	Áhrifsvæði almenningssamgangna (fjarlægð frá biðstöðvum)*	Blönduð byggð. Nálægð íbúðarbyggðar við fjölbreytta atvinnukjarna.**
I	> 1,5 Það samsvarar um 150 íbúðum á ha svæðis eða meira.	Innan við 150 m frá S1 stöð	Landskjarni (sbr. svæðisskipulag) og miðlæg miðsvæði með blandaðri byggð íbúða og atvinnustarfsemi, miðsvæði M1-4 (þ.m.t. svæði M26 og M27), M5-M8 og önnur samgöngumiðuð svæði (sbr. skilgreining svæðisskipulags) með blandaðri og fjölbreyttri byggð íbúða, þjónustu og atvinnustarfsemi.
II	1,2-1,5 Það samsvarar um 120 til 150 íbúðum á ha svæðis.	150-300 m frá S1 stöð 0-150 m frá S2 stöð	Önnur miðsvæði þar sem lögð er áhersla á blöndun íbúða og atvinnustarfsemi.
III	0,6-1,2 Það samsvarar um 60 til 120 íbúðum á ha svæðis.	300-600 m frá S1 stöð 150-600 m frá S2 stöð 0-400 m frá S3 stöð	
IV	0,4-0,6 Það samsvarar um 40 til 60 íbúðum á ha svæðis.	400-600 m frá S3 stöð Innan við 400 m frá S4 stöð	
V	Yfirbragð og þéttleiki byggðar taki mið af nærliggjandi byggð.	Önnur svæði utan ofangreindra áhrifsvæða.	

Úr aðalskipulagi Reykjavíkur, tafla 3.2 í kafla III á bls. 86.

Hvorki liggja fyrir frumdrög að legu og útfærslu Borgarlínu og Borgarlínubiðstöðvar um Mjódd, sem er forsenda þéttingarheimilda, né tímasett framkvæmdaáætlun á leið Borgarlínu um Mjódd, sem er forsenda samþykkis deiliskipulags. Vinnsla deiliskipulags í kjölfar auglýstrar skipulagslýsingar N-Mjóddar er því fullkomlega ótímabær.

Að almennur þéttleiki verði að hámarki 0,6 til samræmis við kafla AR2040 um almenn gæði og hugmyndafræði Breiðholts en að hámarki 1,2 í 0-150 m radíus frá Borgarlínustöð.

Kafla 3.6 í aðalskipulagi *Viðmið um fjölda íbúða, þéttleika, hæðir húsa og gæði húsnæðis og nærumhverfis þess* eru eftirfarandi markmið og leiðarljós sett fram:

- Lágrest byggð einkennir Reykjavík og ber að virða það.
- Varðveita skal ýmis sérkenni úr þróunarsögu borgarinnar og skerpa á þeim sérkennum sem mest gildi hafa.
- Hæðir húsa skulu almennt ákvarðast af hnattrænni legu borgarinnar, náttúrulegri umgjörð hennar, sögulegu byggðarmynstri, gatnaskipan og rýmismyndun, og yfirbragði aðliggjandi byggðar.

Neðra-Breiðholt er gott dæmi um lágresta byggð með sterkum sérkennum, enda afsprengi skýrrar hugmyndafræði í uppbyggingu og skipulagi frá sjöunda áratug síðustu aldar. Hæsta byggð neðra-Breiðholts rís á hæðinni Móholt með þriggja hæða fjölbýlishúsum með sameiginlegum stofnunum fyrir miðju hverfis. Í jaðri hverfis hallar rað- og einbýlishúsabyggð til norðurs og vesturs með útsýni yfir borgina og í átt að kvöldsólinni. Í efra-Breiðholti rís byggð hærra upp á hæstu hæðum, með lægri byggð og grænum svæðum innan byggðarinnar og sérbýlishúsabyggð í jöðrum.

Breiðholt á sinn sess í þróunarsögu borgarinnar. Varðveita ætti sérkenni hverfisins í stað þess leggja til háresta byggð í Mjódd sem er í algjörrri andstöðu við hugmyndafræði skipulags hverfisins, hina almennt lágrestu byggð Reykjavíkurborgar sem og hnattræna legu borgarinnar, náttúrulega umgjörð, sögulegt byggðarmynstur, gatnaskipan, rýmismyndun, og yfirbragði aðliggjandi byggðar, svo að vitnað sé í gæðaviðmið aðalskipulags. Miða ætti því við lægri viðmið þéttleika töflu 3.2, bls. 86 í AR2040.

„Byggðin má ekki heldur vera of þétt. Þétting byggðar í Reykjavík í gegnum tíðina, ekki síst á allra síðustu árum, hefur verið ákveðið lærdómsferli og mögu lega getur tekið tíma að finna út hvaða viðmið eru rétt varðandi þéttleika byggðarinnar, hversu samfelld byggðin á að vera, hversu há húsin á að vera og hvaða byggingarform eru almennt hentugust.“ Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, bls. 48.

Að haft sé alvöru samráð við okkur íbúa og fasteignaeigendur í næsta nágrenni.

Klasi ehf. og JVST skilgreina í skipulagslýsingunni helstu hagsmunaaðila verkefnisins og eru núverandi íbúar og fasteignaeigendur í nágrenni N-Mjóddar ekki í þeim hópi. Tímalína sýnir auk þess að ekki er um eiginlegt samráð að ræða þar sem skv. tímaáætlun er áformað að leggja fyrir umhverfis- og skipulagsráð tillögu að deiliskipulagi stuttu eftir að athugasemdafrestur skipulagslýsingar er liðinn. Undirrituð benda á að eitt af skilyrðum BREEAM vottunar er vandað samráðsferli við þá sem hagsmuna eiga að gæta.

Íbúar í næsta nágrenni Mjóddarinnar hafa látið málefni svæðisins sig varða. Þegar tillaga að aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 var auglýst skoruðu 245 manns, eða 96% eigenda 120 raðhúsa í bökkum og 27 einbýlishúsa í vestanverðum stekkjum, á borgaryfirvöld að setja Mjódd og N-Mjódd í hæðarflokk 5 hæða og undir, með vísan í klásúlu í aðalskipulagi um gæði byggðar. Íbúaráð Breiðholts tók málið fyrir á fundi sínum þann 19. ágúst 2021 þar sem samþykkt var umsögn formanns íbúaráðsins, Söru Bjargar Sigurðardóttur, sem mótmælti hæðarflokki N-Mjóddar í flokki 5-8 hæða með vísan til leiðarljóss sömu viðmiða um gæði byggðar og var þess krafist í umsögninni að setja hæðarflokkinn í N-Mjódd niður í sömu hæð og í S-Mjódd næst íbúabyggð: „Þessu mótmælir Íbúaráðið og vill að horft verði til núverandi byggðar sem liggur meðfram Stekkjarbakka, að hæðin verði tekin niður undir 5 hæðir eins og gert er í Suður-Mjódd.“


Íbúi í Urðarbakka, Gunnhildur Karlsdóttir Rocksén, ávarpaði einnig þennan sama fund íbúaráðs Breiðholts þar sem hún kynnti undirskriftasöfnun og áskorun íbúa. Sýndi hún í kynningu skuggavarp á núverandi byggð miðað við áformuð hæðaviðmið í Mjódd og óhóflegan þéttleika íbúða sem lagt var upp með í húsnæðisáætlun borgarinnar. Eins sýndi Gunnhildur að ekkert samræmi var á milli þeirra svæða sem Borgarlínan kemur til með að aka um m.t.t. heimilaðra hæða húsa og landfræðilegra staðhátta. Tóku allir meðlimir íbúaráðs undir áskorun íbúa til borgaryfirvalda um að hæðir húsa í Mjódd skyldu vera í flokki ≤5 hæðir með handauppréttingu.

Þrátt fyrir kröfu íbúaráðs og áskorun 96% íbúa var ekki hróflað við hæðarflokki Mjóddar og N-Mjóddar. Hann skyldi áfram vera 5-8 hæðir en skilgreint að hámarkshæðir yrðu 4-7. Flokkurinn 4-7 hæðir er þó ekki að finna í staðfestu aðalskipulagi og fara undirritaðir íbúar því enn og aftur fram á að færa Mjódd og N-Mjódd niður í flokk ≤5 hæðir.

Að flokkur ≤5 hæðir gildi í Mjódd og næsta nágrenni fyrir jöfn lífsgæði allra borgarbúa.

Í kafla gildandi aðalskipulags 3.6. Viðmið um fjölda íbúða, þéttleika, hæðir húsa og gæði húsnæðis og nærumhverfis þess er vitnað í reynslu annarra borga Vesturlanda sem sýni fram á að auðvelt sé að ná fram umhverfisgæðum í þéttri og blandaðri borgarbyggð. „Það gerist hins vegar ekki af sjálfu sér og því er mikilvægt að setja fram ákveðin markmið og viðmið í aðalskipulagi um lágmarksgæði við hönnun nýrrar íbúðarbyggðar.“ Áfram er haldið, en dregið úr metnaði um almenn gæði alls staðar: „Það er aftur á móti ekki auðvelt að setja fram algild viðmið eða kröfur sem geta ávallt átt við, því staðhættir og aðrar kringumstæður geta verið mismunandi eftir því hvar uppbygging á sér stað og hvert umfang hennar er.“

Staðhættir eins og norðlæg lega Reykjavíkurborgar með lága sólarhæð er algild í borginni og því eru aðrar kringumstæður eins og umfang byggðar það sem mest áhrif hefur til ójöfnuðar. Hæð bygginga og þéttleiki hefur áhrif á sólarljós og skuggavarp og þar með bein áhrif á lífsgæði borgarbúa.



Skýringarmynd AR2040 sem sýnir áhrif hæðar og þéttleika á sólarljós, bls. 89.

Á bls. 89 í aðalskipulagi er að finna skýringarmyndir sem sýna samband á milli þéttleika byggðar, form bygginga, birtuskilyrða, bjartra og skjólgóðra útisvæða og gæða íbúðarhúsnæðis. Sjá má að lífsgæði m.t.t. birtu og sólarljóss íbúða og útisvæða versna til muna við hærri byggð en 5 hæðir. Við 7 hæða byggð, beggja megin götu, skín sól úr hásuðri aðeins inn í íbúðir þriggja efstu hæða allt árið um kring. 2. til 5. hæð bygginga fá aðeins sól hálf árið og á neðstu hæðina skín aldrei beint sólarljós. **Íbúar í næsta nágrenni við Mjódd fara fram á að sömu gæðaviðmið eigi við um alla Reykjavíkurborg fyrir jöfn lífsgæði allra borgarbúa.**

Að haldin verði opin samkeppni um skipulag Mjóddar í samstarfi við Arkitektafélag Íslands skipaða fagdómurum.

Reykjavíkurborg hefur lagt metnað í að halda samkeppnir um skipulag og hönnun flestra, ef ekki allra skipulagsverkefna borgarinnar undanfarin ár. Þannig segir í aðalskipulagi á bls. 75: „Við þróun byggðar á stærri svæðum, s.s. Keldnalandi og Vatnsmýri og þar sem mögulega er gert ráð fyrir nýjum skólahverfum, verður sett nánari stefna um fjölda og gerð íbúða í sérbreytingu á aðalskipulagi ...Mótun stefnu á slíkum svæðum getur farið fram að undangenginni hugmyndasamkeppni og/eða gerð rammaskipulags, sbr. nálgun við skipulag í Ártúnshöfða-Elliðaárvogi og Skerjafirði.“ Auk þessara svæða hafa nýlega verið haldnar samkeppnir um skipulag byggðar á Veðurstofureit, Vogabyggð, Orkureit og Heklureit sem og samkeppni um brú yfir Fossvog.

Mjódd er bæði stærri að flatarmáli og með fjölbreyttari notkun en mörg þau svæði sem talin eru upp hér að ofan, enda bæjarkjarni. Mikilvægt er að vanda til verka við skipulagningu svæðisins með því að halda samkeppni um skipulag Mjóddar M12 í heild. Halda ætti samleppnina í samstarfi við Arkitektafélag Íslands með fagdómurum til að tryggja hlutleysi dómnefndar. Ef fulltrúar lóðarhafa fá aðgang að dómnefnd fáum við íbúar og fasteignaeigendur í næsta nágrenni samsvarandi aðgang að dómnefnd með sama vægi atkvæða.

Íbúar sem leggja fram ofangreindar athugasemdir og kröfur:

Hildur Gunnarsdóttir, Urðarbakka 6
Héðinn Friðjónsson, Urðarbakka 6
Ólafur Karel Jónsson, Réttarbakka 15
Kolbrún Sif Halldórsdóttir, Tungubakka 22
Pétur Valdimarsson, Réttarbakka 1
Gunnhildur Karldsóttir, Urðarbakka 28
Stefán Hrannar Guðmundsson, Urðarbakka 28
Brynhildur Ósk Guðmundsdóttir, Urðarbakka 4
Helga Karlsdóttir, Staðarbakka 18
Ásgeir Logi Ísleifsson, Staðarbakka 18
Andri Freyr Ásgeirsson, Staðarbakka 18
Magnea Rut Ásgeirsdóttir, Staðarbakka 18
Emelía Sara Ásgeirsdóttir, Staðarbakka 18
Margrét Svavarsdóttir, Staðarbakka 4
Sigurlaug Einarsdóttir, Staðarbakka 14
Sigrún Valdimarsdóttir, Staðarbakka 2
Valur Benedikt Jónatansson, Víkurbakka 36
Lárus Guðmundsson, Tungubakka 22
Sigurlaug Einarsdóttir, Staðarbakka 14
Sigurður Bjarnason, Tungubakka 12
Sveinn Kristinn Örnólfsson Tungubakki 2
Hrefna Valdimarsdóttir, Tungubakka 4
Þorbjörg Róbertsdóttir, Víkurbakka 34
Guðvin Flosason, Staðarbakka 30
Ásgerður Karlsdóttir, Urðarbakka 34
Guðmundur Helgi Pálsson, Urðarbakka 34
Birna Lára Guðmundsdóttir, Urðarbakka 34
Hildur Kristjánsdóttir, Réttarbakka 9
Ólafur Þór Erlendsson, Réttarbakka 9
Sóley Kristjánsdóttir, Brúnastekk 10
Freyr Frostason, Brúnastekk 10
Garðar Lárusson, Geitastekk 3
Dóra Magda Gylfadóttir, Gilsárstekk 7
Þóra Pétursdóttir, Brúnastekk 8
Steingrímur Haraldsson, Brúnastekk 8
Tinna María Magnúsdóttir, Geitastekk 8
Tryggvi Gunnar Tryggvason, Geitastekk 8
Guðrún Eygló Guðmundsdóttir, Fremristekk 1
Ólöf Sara Árnadóttir, Skriðustekkur 22
Páll Ísólfur Ólason, Skriðustekkur 22
Þuríður Þórðardóttir, Skriðustekk 25
Magnea T Magnúsdóttir, Gilsárstekk 2
Helga Gunnarsdóttir, Fornastekk 4
Einar Sigurður Sigursteinsson, Fornastekk 2
Rósa Maggý Grétarsdóttir, Gilsárstekk 3
Anna Sif Jónsdóttir, Fornastekk 7
Arnar Jónsson, Fornastekk 7

Anna Dögg Arnarsdóttir, Fornastekk 7
Heiðrún Ósk Sigfúsdóttir, Skriðustekk 24
Eva Yngvadóttir, Urðarstekk 6
Sigurjón Sigurjónsson, Urðarstekk 6
Sandra Steingrímsdóttir, Brúnastekk 8
Ragnar Már Helgason, Brúnastekk 8
Unnur Baldursdóttir, Fremristekk 2
Guðbjörn Sölvi Ingason, Fremristekk 2
Funda Gaxholli Sahin, Geitastekk 9
Alpay Sahin Kantarci, Geitastekk 9
Margrét A. Markúsdóttir, Fremristekk 1
Hannes Svanur Grétarsson, Skriðustekk 3
Hólmfríður Kristjánsdóttir, Urðarstekk 2
Jón Eiríksson, Urðarstekk 2
Guðrún Björk Björnsdóttir, Brúnastekk 5
Sigurður Ágúst Sigurðsson, Brúnastekk 5
Hildur Nielsen, Fremristekk 7
Sigurður Sigurjónsson, Fremristekk 7
Dagmar Viðarsdóttir, Urðarstekk 5
Oddur Gunnar Jónsson, Staðarbakka 14
Kári Kolbeinsson, Urðarbakka 4
Jóhanna Bryndís Helgadóttir, Tungubakka 30
Kristján Óli Andrésson, Tungubakka 30
Þórir Frank Ásmundsson, Staðarbakki 2
Elín Huld Hartmannsdóttir, Ósabakka 13
Kristín Aðalsteinsdóttir, Víkurbakka 36
Edda Björg Sigmarsdóttir, Urðarbakka 2
Gunngeir Friðriksson, Urðarbakka 2
Ari Arnórsson, Skriðustekk 12
Harpa Sigríður Steingrímsdóttir, Réttarbakka 15
Viktor Gunnar Edvardsson, Prestbakka 9
Ingunn Mjöll Birgisdóttir, Prestbakka 9
Jóhanna K Steinsdóttir, Tungubakka 28
Valdís Vera Einarsdóttir, Víkurbakka 24
Gísli Páll Reynisson, Tungubakka 4
Jóhann Albert Harðarson, Tungubakka 28
Guðvin Flosason, Staðarbakka 30
Lilja Dögg Vilbergsdóttir, Staðarbakka 30
Einar Vilberg Gunnarsson, Staðarbakka 30
Júlíus Freyr Liljason, Staðarbakka 30
Hrafnhildur Valdimarsdóttir, Fornastekk 16
Hilmar Ævar Hilmarsson, Tungubakka 34
Anna Heiða Pálsdóttir, Tungubakka 34
Ásdís Kristmundsdóttir, Geitastekk 4
Gylfi Jónasson, Geitastekk 4
Karen Ósk Pétursdóttir, Staðarbakki 20
Magnús Árnason, Staðarbakki 20
Hrafnhildur Sigurðardóttir, Víkurbakka 40
Barclay Anderson, Víkurbakka 40
Indriði Birgisson, Tungubakka 30
Elín Erna Steinarsdóttir, Tungubakka 16

Eyrún Ósk Sigurðardóttir, Staðarbakka 22
Haukur Hafsteinn Þórsson, Staðarbakka 22
Friðrik Már Gunnarsson, Víkurbakki 16
Erla Halldórsdóttir, Geitastekk 1
Ívar Sigurður Kristinsson, Geitastekk 1
Ragnheiður Jónsdóttir, Urðarbakka 14
Margrét Gíslínudóttir, Urðarbakka 12
Hilmar Ævar Hilmarsson, Urðarbakka 12
Guðmundur Valsson, Geitastekk 2
Marta Kristín Lárusdóttir, Geitastekk 2
Magnús Orri Grímsson, Fornastekk 5
Margrét Guðmundsdóttir, Fornastekk 5
Sigríður Elín Jónasdóttir, Skriðustekk 5
Valdimar Nielson, Skriðustekk 5
Ingiríður Þórisdóttir, Réttarbakka 19
Snorri Ingimarsson, Þjóttusel 3
Guðmundur Svafarsson, Írabakka 28
Maggi Snorrason, Þjóttusel 3

Fasteignir undirritaðra merktar með rauðu



Fylgiskjöl

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSRÁÐ

Ár 2023, miðvikudaginn 28. júní, kl. 9:07 var haldinn 276. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Dóra Björt Guðjónsdóttir, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Birkir Ingibjartsson, Líf Magneudóttir, Unnur Þöll Benediksdóttir og áheyrnarfulltrúarnir Einar Sveinbjörn Guðmundsson og Trausti Breiðfjörð Magnússon. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Hildur Björnsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson og Sigurjóna Guðnadóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

1. Kynning á fyrirhugðum aðgerðum gegn ágengum plöntum sumarið 2023.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er ljóst að útbreiðsla lúpínu er umfangsmikil og um leið umdeild. Fólk skiptist í tvo hópa, með eða á móti. Undir vissum kringumstæðum er eflaust réttlætanlegt að reyna að halda lúpínubreiðum í skefjum í borgarlandinu, en um leið verður að horfa til þess að allar tilraunir til þessa að hefta útbreiðslu þessarar umdeildi plöntu, eru í raun dæmdar til að mistakast. Það virðist vera hægt að hefta lúpínu tímabundið með mikilli handavinnu en hún kemur oftast aftur og heldur áfram á sinni leið. Meta þarf aðstæður hverju sinni. Sumir vilja leyfa náttúrunni sjálfri að sjá um þetta m.t.t. þess að yfirleitt hopar lúpínan fyrir öðrum gróðri á tuttugu árum. Þarna væri því hægt að spara mikið fjármagn þegar litið er til þess kostnaðar sem verður vegna þessara árangurslitlu aðgerða borgarinnar við að halda lúpínunni í skefjum. Kerfillinn er jafnvel erfiðari í þessum sambandi. Spánarkerfill þykir almennt hvítleið planta.

Þórólfur Jónsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK23060307

2. Lagðar fram fundargerðir Sorpu bs. nr. 481 og 482, ásamt fylgigögnum.
- Kl. 9:25 tekur Kjartan Magnússon sæti á fundinum

Gunnar Dofri Ólafsson frá Sorpu tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK23010167

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun um lið nr. 1:

Kópavogur vill ekki fá endurvinnslustöð við Arnarnesveg. Tillögunni var hafnað í bæjarráði Kópavogs. Hér má sjá eitt dæmi þess hvar byggðarsamlagsformið virðist ekki henta sem skyldi. Sveitarfélögin eiga ekki endilega samleið og væri því nær að skoða að gera sér samninga um einstaka þætti. Einnig er fjallað um að tetrapak umbúðir séu ekki endurvinnanlegar. Það ætti ekki að koma á óvart. Þær eru í aðalatriðum úr pappír, plasti og vaxi, plast er í raun olía á biðformi. Allt þetta er brennanlegt. Sorpa hefði átt fyrir löngu að huga að brennslustöð þar sem orkar sem fellur til við brennslu mætti nýta sem „vistvæna“ orkugjafa.

3. Kynning Sorpu á áformum um útlutning á brennanlegu sorpi og breyttum endurvinnslufarvegi ferna.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa SORPU er þakkað fyrir góða kynningu á stöðu sorp- og endurvinnslumála á höfuðborgarsvæðinu. Að draga úr sorpi og auka endurnotkun, -nýtingu og -vinnslu eru lykilmál svo við náum markmiðum okkar í loftslags- og umhverfismálum. Ánægjulegt er að sjá þann ríka vilja af hálfu SORPU við að taka skýr skref áfram í þessum málaflokki. Verið er að gera breytingar á meðferð ferna, sem munu nú fara í nýjan farveg sem á að skila betri endurvinnslu. Vandinn er þó eðli umbúðanna þar sem plasti og pappa er blandað saman þar sem verður að velja hvað skuli endurvinna. Þrýsta verður á að framleiðendur nýti umhverfisvænni umbúðir sem auðveldara er að flokka og er SORPA að beita sér í þeim efnum.

Gunnar Dofri Ólafsson frá Sorpu tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK23010167

4. Kynning á stöðu á innleiðingu nýs flokkunarkerfis sorphirðu í Reykjavík.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Þakkað er fyrir kynningu á stöðu við innleiðingu á nýju flokkunarkerfi sorphirðu í borginni sem er gríðarlega mikilvægt og spennandi verkefni. Loks erum við að innleiða nýtt og samræmt flokkunarkerfi á öllu höfuðborgarsvæðinu með flokkun á lífrænum úrgangi. Notast er við bréfpoka sem brotna alveg niður, en maíspokar sem hafa verið í notkun víða þarf að flokka frá sérstaklega eftir á sem flækir ferlið. Því henta bréfpokar betur. Þessi þróun er ávöxtur margra ára undirbúnings. Tunnuskipti er lokið við 26% heimili í borginni en áætlað er að klára þau fyrir lok september.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í kjölfar innleiðingar nýs flokkunarkerfis sorphirðu standa borgarbúar frammi fyrir nýjum áskorunum varðandi flokkun sorps. Sérstaklega þurfa mörg fjölbýlishús sem eru með sorprennur og sorpgeymslur innandyra, að huga að því að flytja sorptunnugeymslur úr sameign og út á lóð og þurfa því að leggja í töluverðan kostnað vegna hönnunar og byggingu sorpgerða á sínum lóðum. Hönnun og umsóknir um leyfi fyrir byggingu sorpgerða getur tekið töluverðan tíma. Einnig geta orðið deilur vegna mögulegra staðsetninga og útlits slíkra sorpgerða á lóðum fjölbýlishúsa. Um leið og fulltrúinn fagnar löngu tímabæru flokkunarkerfis sorphirðu í Reykjavík telur hann að Reykjavíkurborg ætti að vera með staðlaða hönnun og vel skilgreinda verkferla varðandi uppsetningu sorpgerða við fjölbýlishús til þess að flyta fyrir og auðvelda húsfélögum að bregðast við þessari innleiðingu flokkunarkerfis sorps í borginni.

Friðrik Klingbeil Gunnarsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK23060291

5. Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa, dags. 22. júní 2023. USK23010150
6. Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju skipulagslýsing umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 7. mars 2023, vegna nýs deiliskipulags fyrir Veðurstofureit. Í

tillögunni sem lögð er til felst að koma fyrir nýrri íbúabyggð ásamt þjónustu á Veðurstofuhæð. Að greina núverandi horf Veðurstofuhæðar og næsta nágrennis svo byggja megi undir heildstætt nýtt íbúðahverfi á miðsvæði ásamt þjónustu með sterkum vistvænum áherslum í sátt við núverandi umhverfi. Að leita uppi styrkleika rýmisins á svæðinu og flétta saman við borgarsamhengið næst reitnum í Hlíðum og Kringlu. Að koma fyrir nýrri 7m breiðri tengingu sem þjónar öllum virkum ferðamatum undir Bústaðaveg og tengja saman norður–suðurás milli Stigahlíðar og Beykihlíðar/Birkihlíðar (Suðurver og Klettaskóli). Að skoða þróunar- og uppbyggingarmöguleika lóða á reitnum, hæðir húsa, stakstæð eða í klösum ásamt samnýtingu rýma. Að finna hæfilegt nýtingarhlutfall nýbygginga á reitnum. Að skoða bílastæðakröfur og bílastæðahús ásamt fyrirkomulagi á aðgengi ökutækja inn á íbúðareitinn sem gengur í aðalatriðum út á samnýtingu með Veðurstofunni. Að deiliahagkerfið eigi að geta þjónað öllum íbúum reitsins. Að staðsetja 5-7 íbúa sambýli fyrir fatlaða. Að skilgreina útivistarsvæði fyrir íbúa reitsins og núverandi nágranna. Gert er ráð fyrir að byggingarmagn á reitnum skiptist á milli Græns húsnæðis framtíðarinnar á veðurhæðinni, Variat - hagkvæms húsnæðis og Bjargs íbúðafélags. Gert er ráð fyrir að starfsemi þjónustustofnunar á Veðurstofureit (Veðurstofa Íslands) muni alfarið færast yfir á lóð nr. 7 við Bústaðaveg með nýbyggingarreit vestan við núverandi byggingu. Byggingarreitur Veitna ohf. undir framtíðarstækkun kaldvatnsgeymis verður staðsettur sunnan við hlið núverandi geymis. Einnig er lögð fram húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur frá 2021, skýrsla 208, og fornleifaskrá Borgarsögusafns Reykjavíkur frá 2022, skýrsla 209. Lýsingin var kynnt frá 30. mars 2023 til og með 4. maí 2023. Eftirtaldir sendu athugasemdir/ábendingu/umsögn: Umhverfisstofnun, dags. 31. mars 2023, Bjarni V. Guðmundsson, dags. 1. maí 2023, Skipulagsstofnun, dags. 27. apríl 2023, Vegagerðin, dags. 27. apríl 2023, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, dags. 3. maí 2023, Veitur, dags. 3. maí 2023, Magna lögmenn f.h. eigendur fasteigna að Stigahlíð 87, 89, 91, 93, 95 og 97, dags. 4. maí 2023, íbúaráð Miðborga og Hlíða, dags. 4. maí 2023 og Minjastofnun Íslands, dags. 10. maí 2023. Athugasemdir kynntar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að hefja vinnu við deiliskipulag fyrir Veðurstofureit í samhengi við niðurstöður hugmyndaleitar og verður haft áframhaldandi samráð við íbúa og hagsmunaaðila. Áhersla er á grænt og vænt í þeirri vinnu. Í skipulagslýsingunni er ekki gert ráð fyrir fleiri aksturstengingum bifreiða inn á svæðið en gert er ráð fyrir tengingu fyrir gangandi og hjólandi undir Bústaðaveg. Mikilvægt er að fylgjast með þróun mengunar á svæðinu og tryggja skilvirkar mótvægisáðgerðir.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Á þessum reit á að fækka á bílastæðum sérstaklega mikið, meira en í öðrum þéttingar hverfum og setja bílastæðahús. Gert er ráð fyrir að þarna búi þeir sem vilja lifa bíllausum lífsstíl. Fulltrúa Flokks fólksins finnst með þessu að verið sé að útiloka mikilvæga valmöguleika. Blönduð byggð skal vera þarna t.d. stúdentaíbúðir og sambýli sem Flokki fólksins finnst jákvætt. Stefnt er að þarna rísi 250 íbúðir jafnvel meira. Fulltrúi Flokks fólksins hefur áhyggjur af því að kvartað verði yfir því sama og heyrst hefur frá t.d. íbúum Vogabyggðar, að erfitt sé að komast í og út úr hverfinu. Athugasemdir hafa komið um mögulega of mikið skuggavarp og það eru sömu kvartanir og víða heyrst og þar sem þétt hefur verið meira en góðu hófi gegnir.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
USK23030053

7. Leitað var til hönnuða og samstarfsaðila sem komu að samkeppni um Grænt húsnæði framtíðarinnar síðla vetrar 2022 til að skila inn drögum að deiliskipulagsuppdrætti. Ekki var um eiginlega samkeppni að ræða heldur hugmyndaleit. Leitað verður til höfunda þeirra tillögu sem best þykir vegna áframhaldandi deiliskipulagsvinnu. Reykjavíkurborg greiddi fyrir hverja tillögu sem berst. Hönnunarhóparnir voru þrír talsins: Nordic – Office of Architecture, Lendager og loks hópur undir merkjum Esja, Landslag, Arkibbygg, The Living Core, Exa Nordic og Myrra. Hugmyndavinnan hófst um miðjan febrúar 2023 og stóð til aprílloka. Hugmyndum var skilað á x3 A1-plakötum ásamt greinargerð á A3. Einnig var farið fram á að sýna myndir og teikningar ásamt helstu atriðum úr greinargerð, svo sem fjarviddarmyndir sem sýna yfirbragð úr augnhæð, yfirlitsmyndir á aðkomu frá öllum hornum svæðisins og planmyndir í 1:1000 og útvalin svæði í 1:200. Helstu viðfangsefni og meginmarkmið var; 1. að greina núverandi horf Veðurstofuhæðar og næsta nágrennis svo byggja megi undir heildstætt nýtt íbúðahverfi á miðsvæði ásamt þjónustu með sterkum vistvænum áherslum í sátt við núverandi umhverfi. 2. Að leita uppi styrkleika rýmisins á svæðinu og flétta saman við borgarsamhengið næst reitnum í Hlíðum og Kringlu. 3. Að koma fyrir nýrri 7m breiðri tengingu sem þjónar öllum virkum ferðamatum undir Bústaðaveg og tengja saman norður–suðurás milli Stigahlíðar og Beykihlíðar/Birkihlíðar (Suðurver og Klettaskóli). 4. Að skoða þróunar- og uppbyggingarmöguleika lóða á reitnum, hæðir húsa, stakstæð eða í klösum ásamt samnýtingu rýma. 5. Að finna hæfilegt nýtingarhlutfall nýbygginga á reitnum. 6. Að skoða bílastæðakröfur og bílastæðahús ásamt fyrirkomulagi á aðgengi ökutækja inn á íbúðareitinn sem gengur í aðalatriðum út á samnýtingu með Veðurstofunni. 7. Að deilihagkerfið eigi að geta þjónað öllum íbúum reitsins. 8. Að staðsetja 5-7 íbúa sambýli fyrir fatlaða. 9. Að skilgreina útivistarsvæði fyrir íbúa reitsins og núverandi nágranna. Gert er ráð fyrir að byggingarmagn á reitnum skiptist á milli Græns húsnæðis framtíðarinnar á veðurhæðinni, Variat - hagkvæms húsnæðis og Bjargs íbúðafélags. Gert er ráð fyrir að starfsemi þjónustustofnunar á Veðurstofureit (Veðurstofa Íslands) muni alfarið færast yfir á lóð nr. 7 við Bústaðaveg með nýbyggingarreit vestan við núverandi byggingu. Byggingarreitur Veitna ohf. undir framtíðarstækkun kaldvatnsgeymis verður staðsettur sunnan við hlið núverandi geymis.
- Kl. 11:00 vikur Hildur Björnsdóttir af fundinum.
- Kl. 11:00 tekur Friðjón R. Friðjónsson sæti á fundinum.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Gríðarlega áhugaverðar tillögur komu inn í gegnum hugmyndaleit fyrir Veðurstofureitinn og stefnt er að vinna áfram með tillögu frá Lendager Group. Um er að ræða mikinn metnað þegar kemur að hönnun, fjölbreytileika, rýminu á milli húsanna og vistvænu efnisvali í takt við þær grænu áherslur sem liggja fyrir í tengslum við svæðið.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
USK23060238

8. Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholtts vegna lóðarinnar nr. 34 við Barónsstíg. Í breytingunni sem lögð er til felst stækkun lóðar ásamt stækkun á byggingarreit, samkvæmt deiliskipulags- og

skuggavarsupphdr. Nordic, dags. 22. júní 2023. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar hverju skrefi í átt að því að drífa upp leikskóla enda bíða yfir 900 börn eftir pláss. Mikil tímapressa er því á máli sem þessu og mikilvægt að þessu sé vel fylgt eftir frá upphafi til enda.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK23060009

9. Lögð fram skipulagslýsing Klasa og JVST, dags. í maí 2023 vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi Norður Mjóddar fyrir lóðirnar Stekkjarbakka 4-6 og Álfabakka 7. Í vinnu vegna breytingar á deiliskipulagi verður áhersla á blandaða byggð. Á lóðunum verði komið fyrir íbúðum, matvöruverslun, atvinnustarfsemi, dvalarsvæðum og samgönguinnviðum. Breytingin felst m.a. í því að breyta byggingarreitum, lóðarmörkum, hæð húsa og fjölbreyttri landnotkun frá því sem gildandi deiliskipulag frá 1999 heimilar. Ekki er um stækkun lóða að ræða en lóðarmörk geta breyst. Lagt er til að lýsingin verði kynnt og leitað umsagna þeirra aðila sem taldir eru upp í henni.

Samþykkt er að kynna lýsingu nýs deiliskipulags í samræmi við 1. og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins. Leita skal umsagna um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, Verkefnastofu Borgarlínu, Betri Samgangna, Strætó bs., Veitum ohf., Minjastofnun Íslands, Íbúaráði og íbúasamtökum í Breiðholti, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Kópavogsbæ og eftirtöldum deildum, skrifstofum og sviðum Reykjavíkurborgar; Skrifstofu framkvæmda og viðhalds, Samgöngu- og borgarhönnunardeild, Skrifstofu reksturs og umhirðu, Skrifstofu umhverfisgæða, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Skóla- og frístundasviði, Velferðarsviði og einnig kynna hana fyrir almenningi.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Breytingar á þessu svæði eru til góðs fyrir byggðapróun sem vinna þarf í samráði við Breiðhyltinga. Þarna gæti margt fólk búið. Deiliskipulagsbreytingin á að hljóta vistvottun BREEAM Communities. Með vottuninni segir að hugað sé að gæðum í umhverfis- og skipulagsmálum og skiptist ferlið upp í fimm megin flokka og m.a. að hugað sé að líffræðilegum fjölbreytileika. Fulltrúi Flokks fólksins veltir því fyrir sér af hverju ekki er hægt að huga að gæðum, líffræðilegum fjölbreytileika og samráði án þessa að kaupa einhverja sérstaka vottun og spara þannig fjármagn sem borgin á ekki mikið af um þessar mundir. Þarna er um algjörlega manngert umhverfi að ræða og ef skipulagsyfirvöld vilja vanda sig og vinna verkið í sátt við borgarbúa og umhverfið, er auðveldlega hægt að gera þetta vel.

Hrafnhildur Sverrisdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. SN220741

10. Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn UNDRÁ ehf., dags. 2. september 2022, ásamt greinargerð, dags. 5. september 2023, um breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða iðnaðarsvæðis vegna lóðarinnar nr. 29 við Vagnhöfða. Í breytingunni sem

Lögð er til felst að núverandi byggingar á lóðinni verði fjarlægðar og í staðinn verði heimilt að byggja 7 hæða byggingu þar sem tvær efstu hæðirnar verða inndregnar að stórum hluta. Aðkoma að byggingunni verður bæði frá göturýminu og inngarðinum. Auk þess er gerð lítilsháttar breyting á lóðarmörkum ásamt því að heimilt verði að nota þak sem dvalarsvæði, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdráttum (6 stk.) UNDRÁ ehf., dags. 5. september 2022. Einnig er lögð fram húsaskráning Hans H. Tryggvasonar frá árinu 2022. Tillagan var auglýst frá 25. apríl 2023 til og með 9. júní 2023. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Sigmundur Grétarsson, dags. 25. apríl 2023 og Benedikt Eyjólfsson, dags. 6. júní 2023. Einnig er lögð fram ábending Veitna, dags. 1. júní 2023. Jafnframt er lagt fram uppfært samgöngumat VSÓ ráðgjafar, dags. 1. maí 2023, og umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. júní 2023. Lagt er til að tillagan verði samþykkt. Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 22. júní 2023. Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða umsókn um breytingu og rök fyrir henni. Hækka á húsið og koma fyrir fleira fólki. Flokkur fólksins hefur áður bent á að hús þarf að hanna þannig að þau dragi ekki niður vindstrengi. Almennt er því gott að þau mjökki upp. Þetta þarf að sjálfsögðu að kanna í vindgöngum á hönnunarstigum.

Hrafnhildur Sverrisdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. SN220544

11. Lögð fram umsókn Knattspyrnufélagsins Vals, dags. 8. júní 2023, ásamt bréfi Alark arkitekta ehf., dags. 8. júní 2023, um breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna lóðarinnar nr. 6 við Hlíðarenda. Í breytingunni sem lögð er til felst afmörkun sérlóðar fyrir fjölnota íþróttahús á svæði Knattspyrnufélagsins Vals að Hlíðarenda, samkvæmt uppdr. Alark arkitekta, dags. 8. júní 2023. Lagt er til að tillagan verði samþykkt án grenndarkynningar og auglýsingar þar sem hún varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og/eða sveitarfélagsins. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Hrönn Valdimarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK23060102

12. Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Laugardals. Í breytingunni sem lögð er til felst því að skilgreind er lóð fyrir Ævintýraborg, tímabundið leikskólaúrræði Reykjavíkurborgar, samkvæmt uppdr. Landslags, dags. 21. júní 2023. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúar Flokks fólksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Þessu máli tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, að breytingu á deiliskipulagi Laugardals var frestað í maí og ekki er vitað hvaða ástæður liggja þar að baki. Stefnt var að því að Ævintýraborgin myndi opna á fyrri hluta næsta árs og geta tekið við um hundrað börnum. Í ljósi reynslu af töfum

og seinkum verkefna hjá borginni veitir ekki af því að halda vel á spöðunum ef fylgja á áætlun.

Hrönn Valdimarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
USK23050218

13. Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og umsýslu, dags. 26. september 2022 um breytingu á deiliskipulagi Mjóddar vegna lóðanna nr. 12-16 við Álfabakka og 1-6 við Þönglabakka. Í breytingunni sem lögð er til felst að bílastæðasvæði eru endurskoðað og þau afmörkuð enn frekar/skýrar, samkvæmt uppdr. Steinselju, 30. maí 2023. Lagt er til að tillagan verði samþykkt án grenndarkynningar og auglýsingar þar sem hún varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og/eða sveitarfélagsins.
Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Þórður Már Sigfússon verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. SN220603

14. Lögð fram tillaga Reykjavíkurborgar og Kópavogs um breytingu á deiliskipulagi fyrir Fossvogsbrú Reykjavíkurmegin. Í gildandi deiliskipulagi er leiðbeinandi lega göngu- og hjólastíga, áningarstaða og biðstöðva fyrir almenningsvagna sýnd á uppdrætti. Í tillögu að breytingu eru stígar, áningarstaðir og biðstöðvar uppfærðar í samræmi við þá hönnun sem liggur fyrir. Deiliskipulagsmörk breytast til að rúma að fullu landfyllingar við brúarendana og frágang á grjótgardi innan deiliskipulagsins, samkvæmt uppdr. Alta, dags. 11. maí 2023. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.
Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fossvogsbrú yrði u.þ.b. 300 metra löng stálbrú, sem tengja á saman tvö jaðarsvæði: Kársnes og Nauthólsvík. Ljóst er að kostnaður verður umtalsvert hærrí en upprunalegar áætlanir gerðu ráð fyrir og því umhugsunarvert hvort kanna mætti aðrar útfærslur og nýta fjármunina betur. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa áhyggjur af neikvæðum áhrifum núverandi fyrirætlaða á siglingar og sjósund, sem löng hefð er fyrir í Nauthólsvík, og hafa farið vaxandi. Athygli er jafnframt vakin á því að fyrirhugað brúarstæði er í aðflugsstefnu Reykjavíkurflugvallar og þarf því að gæta þess sérstaklega að byggingakranar og framkvæmdir á svæðinu almennt, ógni ekki flugöryggi.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Sýndar eru miklar landfyllingar ásamt eyðingu á fjöru sem eru hugsanlega nauðsynlegar, en ekkert er sagt um mögulega skerðingu á líffræðilegum fjölbreytileika. Allt of langt hefur verið gengið með eyðingu fjara í borgarlandinu. Fáar eru eftir og spurning hvort þær fái að vera í friði inn í framtíðina.

Þórður Már Sigfússon verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
USK23050037

15. Lögð fram umsókn Malbikstöðvarinnar ehf., dags. 22. maí 2023 ásamt bréfi Grímu arkitekta, dags. 22. maí 2023, um breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðanna nr.

1C og 1D við Gullsléttu. Í breytingunni sem lögð er til felst að lóðirnar eru sameinaðar og verða lóð 1C, byggingarreitir lóðanna eru sameinaðir, innkeyrslur á sameinaða lóð verða tvær frá Gullsléttu og færast til frá því sem nú er, annars vegar sunnarlega við Gullsléttu og hins vegar norðan við miðja lóð, auk þess fellur niður kvöð um lagnir þvert yfir lóðina, samkvæmt uppdr. Grímu arkitekta, dags. 22. maí 2023. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Pórður Mór Sigfússon verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 12:17 vísar Einar Sveinbjörn Magnússon af fundi
 - Kl. 12:17 tekur Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir sæti á fundinum. USK23050241
16. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hraðahindranir við Bústaðaveg sbr. 18. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs dags. 21. júní 2023. Vísað til umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar til meðferðar. USK23060277
17. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að skipa starfshóp til að draga úr þjófnaði á hjólum, sbr. 24. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 14. september 2022. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar dags. 23. júní 2023.

Fulltrúar umhverfis- og skipulagsráðs leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Í aðgerðakafla hjólreiðaáætlunar Reykjavíkur 2021-2025, sem samþykkt var í borgarstjórn 15. júní 2021, er kveðið á um að kanna skuli leiðir til að draga úr þjófnaði á hjólum í samstarfi við lögreglu, tryggingafélög og grasrótarsamtök hjólreiðafólks. Lagt er til að starfshópur verði skipaður með fulltrúum þessara aðila, auk fulltrúa af umhverfis- og skipulagssviði í því skyni að standa við markmið áætlunarinnar að þessu leyti.

Samþykkt og vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar. USK22090084

18. Lögð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna fyrirhugaðs kynningarfundar á forhönnun rammaskipulagsins á Gufunesi fyrir uppbygginguna á síðari áföngum, sbr. 23. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. mars 2023. Einnig er lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa dags. 26. júní 2023. USK23030295
19. Lögð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um innheimtu tunnugjalds, sbr. 22. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 24. maí 2023. Einnig er lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða dags. 22. júní 2023. USK23050268
20. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um torg sbr. 60. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 10. ágúst 2022. Einnig er lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar dags. 22. júní 2023. USK22090071

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins er hálf sleginn yfir að sjá það gríðarmikla fjármagn sem farið hefur í torgagerð í borginni, lang mest í miðbænum eða 21 torg en í öðrum hverfum mesta lagi eitt, einstaka hverfi eru með 3 torg og Laugardalurinn með 7. Þetta er aðallega sláandi á meðan horft er upp á að biðlistar barna sem bíða eftir faglegri aðstoða fagfólks skólanna lengjast með hverri viku. Nú bíð um 2500 börn. Þetta svar sýnir í hnotskurn hvar pólitískar áherslur þessa og síðasta meirihluta liggja og af hverfum er það miðbærinn sem á hug og hjörtu þessa og síðasta meirihluta. Samtals torg kr. 77.096.829, þar af miðborg kr. 41.187.322 Útipallurinn á Frakkastíg sem gerður var að frumkvæði meirihlutans kostaði kr. 2.320.000.

21. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hreinsun á tjörninni í Reykjavík, sbr. 26. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. mars 2023. Einnig er lagt svar frá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu umhverfisgæða dags. 20. júní 2023. USK23030291

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins er oft spurður um hvort hann telji að meirihlutinn taki ákvörðun um að hreinsum tjarnarinnar, t.d. fjarlægja rusl, hreinsa rusl úr tjörninni sjálfri, Mörgum finnst tjörnin hreinlega sóðaleg í meira lagi. Til að hlúa að lífríki hennar þarf tjörnin að vera hrein og laus við mengun. Af svari að dæma er ekki mikið um hreinsun á tjörninni. Á sumrin eru að jafnaði starfsmenn borgarinnar á svæðinu sem sagt er að "fylgist með og hreinsi rusl eftir þörfum" Fulltrúi Flokks fólksins finnst þetta "eftir þörfum" gefa vísbendingar um að ekki sé farið í neina djúphreinsun. Eftirlit er stopult. Fram kemur einnig að mælst hafi óæskileg efni í vatninu í mælingum. Hér þarf að gera betur. Það sjá allir sem vilja. Ekki er svarað hvenær tjörnin var hreinsuð rækilega og hvernig það sé gert.

22. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um söfnun matarleifa við heimili á höfuðborgarsvæðinu í framtíðinni, sbr. 15. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 26. apríl 2023. Einnig er lagt fram svar frá Sorpu bs. dags. 20. júní 2023. USK23040217

Áheyrnarfulltrúi Flokks Fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í ljósi fyrirséðra breytinga á söfnun matarleifa við heimili á höfuðborgarsvæðinu og þeirra krafna sem eru gerðar til moltuvinnslu er ljóst að vinnsla á lífrænum úrgangi úr blönduðum heimilisérgangi verður ekki hluti af starfsemi Sorpu til framtíðar. Flokkur fólksins spyr hvort Sorpa muni ekki slíta sig út úr þessu að öllu leyti eða að hluta til t.d. böggun eða að sækja sorp á heimilin. Í svari segir að Sorpa mun áfram meðhöndla þann blandaða úrgang sem myndast á höfuðborgarsvæðinu en ekki forvinnslu þar sem flokkun er nú á söfnunarstað. Það mun breyta miklu að lífrænn úrgangur verður nú alveg sér og miður að Sorpa skyldi ekki fylgja öðru sveitarfélögum sem hófu flokkun á söfnunarstað fyrir mörgum árum. Ómælt fé hefur farið í vitleysu hjá Sorpu að taka ekki önnur sveitarfélög sér til fyrirmyndar í þessum efnum. Aðrar breytingar virðast ekki vera í kortunum en stór hluti starfsemi Sorpu hefur þegar verið boðin út. Fulltrúi Flokks fólksins finnst of mikið áhersla vera á að finna leiðir til að flytja út úrgang í stað þess að skoða langtímalausnir sem hljóta að miðast við að vera staðsettar hér heima.

23. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ákvörðun um útboð á sorpi til brennslu, tímalengd ferlisins og urðun í Álfsnesi, sbr. 30. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 19. apríl 2023. Einnig er lagt fram svar Sorpu bs. dags. 20. júní 2023. USK23040147

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins spurði ýmissa spurninga um Sorpu, brennslu sorps og útboðsferlið. Einnig var spurt um magn sem er enn urðað í Álfsnesi. Talsverðar tafir hafa orðið á svari frá Sorpu en fram kemur eins og vitað er að öllum tilboðum í útflutning á brennanlegum úrgangi var hafnað og leitað þurfti annarra leiða. Kæruferli hófst sem lyktaði Sorpu í hag. Dreigið hefur úr magni sem urðað er í Álfsnesi. Fulltrúa Flokks fólksins finnst erfitt að hugsa til þess að sorp sé urðað yfir höfuð. Urðun er ekki í neinum takti við loftlagsmarkmiðin. Brenna þarf úrgang og ef að til væri öflug brennslustöð sem nýtti varman frá brennslunni þyrfti ekki að flytja sorp til útlanda, þar sem það er hvort eð er brennt og varminn nýttur. Sorpa ætlar að flytja út 43 þúsund tonn af úrgangi til brennslu í Svíþjóð. Útflutningur á sorpi til brennslu getur aldrei verið nein framtíðarlausn.

24. Lögð fram umsókn Karls Magnúsar Karlssonar, dags. 19. maí 2023, um breytingu á deiliskipulagi Ármúla-Vegmúla-Hallarmúla vegna lóðarinnar nr. 6 við Suðurlandsbraut. Í breytingunni sem lögð er til felst breyting á hæðafjölda millihúss, samkvæmt uppdr. VA Arkitekta dags. 21. júní 2023. Einnig er lögð fram skýringarmynd, dags. 16. maí 2023. Frestað. USK23050226

25. Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 4. maí 2023, ásamt skipulagslýsingu, dags. 18. maí 2023, vegna gerð nýs deiliskipulags fyrir lóðina Fossvogsblettur 2-2A. Skipulagslýsing þessi tekur til erfðafestulanda að Fossvogsbletti 2 og 2A í Reykjavík. Tilgangur skipulagslýsingarinnar er að greina frá svæðinu, áherslum og markmiðum við skipulagsgerðina, forsendum sem liggja að baki og fyrirhuguðu skipulagsferli. Einnig er lögð fram húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur, dags. 17. janúar 2023. Kynning stóð til og með 13. júní 2023. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn/ábendingu: Kristinn Kristinsson, dags. 12. júní 2023, Jóhannes Albert Sævarsson, dags. 12. júní 2023, Sylvía Ólafsdóttir, dags. 13. júní 2023, Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir, dags. 13. júní 2023 og Marteinn Briem og fjölskylda, dags. 13. júní 2023. Einnig eru lögð fram svör skipulagsfulltrúa við athugasemdum, dags. 22. júní 2023. Ábendingar og athugasemdir kynntar.

Sigríður Maack verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK23050069

26. Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssvið að nýju deiliskipulagi fyrir Fossvogsblett 2-2A. Í breytingunni sem lögð er til felst gerð leikskólalóðar, samkvæmt uppdrætti Landmótunar, dags. 21. júní 2023. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Æskilegt er að svo stórum leikskóla verði fundin heppilegri staðsetning en við Fossvogsblett 2 og 2a. Eins og íbúar í hverfinu benda á er Fossvogsgata þröng, með gangstétt aðeins öðrum megin og hentar því ekki hinni miklu umferð, sem mun óhjákvæmilega fylgja stórum leikskóla. Mikill gróður er á umræddum lóðum

og færi betur á því að nýta þær sem útivistarsvæði en nýta aðra möguleika í því skyni að fjölga leikskólarýmum í hverfinu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar hverju skrefi í átt að því að drífa upp leikskóla enda bíða yfir 900 börn eftir pláss. Mikil tímapressa er því á máli sem þessu. Hér eru lögð fram ítarlegt gögn um sögu svæðisins þar sem Ævintýraborgir eiga að rísa. Um er að ræða 10 deilda leikskóla fyrir 150 börn. Ekkert er hins vegar minnst á hvernig Ævintýraborgirnar mástast á þennan reit. Áformin liggja þó fyrir. Ævintýraborgir eru tímabundnar en þarna munu síðan rísa varanlegar leikskólabyggingar. Drífa þarf þetta verk áfram af fullum krafti, þótt fyrir hafi verið.

Sigríður Maack verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK23050069

27. Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Fossvogsdal stíga. Í breytingunni sem lögð er til felst breyting á afmörkun deiliskipulags, samkvæmt uppdrætti Landmótunar, dags. 21. júní 2023. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Sigríður Maack verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK23060297

28. Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Indro Indriða Candi, dags. 9. janúar 2023, ásamt bréfi, dags. 9. janúar 2023, um breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðarinnar nr. 50 við Lindargötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að hækka hluta þaks á mhl. 03 (bakhús) og tengja við eystri hlið þaks á mhl. 2 þannig að úr verði garðskáli á þaki mhl 3, og setja opin stiga austast í port sem þjónar sem flóttaleið frá samkomusal á 2. hæð, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppd. VA arkitekta, dags. 9. janúar 2023, br. 21. júní 2023. Einnig er lagður fram tölvupóstur Tinnu Andrésdóttur, dags. 19. apríl 2023, þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdafresti. Tillagan var grenndarkynnt frá 20. mars 2023 til og með 17. maí 2023. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Margrét Lóa Jónsdóttir, dags. 11. apríl 2023, Adama Ndure, dags. 17. apríl 2023, Viktoría Jóhannsdóttir og María Lía Alexía Jóhannsdóttir, dags. 22. apríl 2023, Karl Pétur Smith, dags. 23. apríl 2023, Frank Hall og Helga Auðardóttir, dags. 24. apríl 2023 og Tinna Andrésdóttir lögfræðingur hjá Húseigendafélaginu f.h. Bruni Lebas, dags. 28. apríl 2023. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. júní 2023. Lagt er til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram í umsögninni. Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. júní 2023. Vísað til borgarráðs

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Margar athugasemdir eru gerðar við deiliskipulagið og ætla skipulagsyfirvöld að koma til móts við einhverjar þeirra. Það er ekki á hverjum degi sem athugasemdir eru í þá veruna að með breytingum er hægt að sjá inn í næstu íbúðir og að þannig sé friðhelgi einkalífsins ógnað. Hvað viðkemur athugasemdum sem lúta að innsýn í næstu íbúðir eða skerðingu á birtingu finnst fulltrúa Flokks fólksins að þær

skulu lagðar undir þá sem gerðu upphaflega athugasemdirnar áður en þær eru samþykktar í umhverfis- og skipulagsráði.

Sigríður Lára Gunnarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
USK23010094

29. Lögð fram umsókn Ernu Petersen, dags. 15. maí 2023, um breytingu á deiliskipulagi Vesturvallareits vegna lóðanna nr. 66 og 68 við Sólvallagötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að hækka þak hússins ásamt því að koma fyrir fimm kvistum á norðurhlið þaksins, samkvæmt uppdr. Vektors, hönnun og ráðgjöf, dags. 15. maí 2023. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 24. apríl 2023. Lagt er til að tillagan verði auglýst. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Olga Guðrún B. Sigfúsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
USK23050201

30. Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu skipulagsfulltrúa, dags. 16. júní 2023, að skipan fulltrúa í vinnuhóp sem gerir tillögu að fegrunarviðurkenningum fyrir endurbætur á eldri húsum og fallegar og vel skipulagðar lóðir þjónustu og stofnana og fjölbýlishúsa, auk sumargatna árið 2023.

Samþykkt. USK23010196

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ákveðið er að setja á laggirnar vinnuhóp til að velja hús sem fá viðurkenningu annars vegar fyrir endurbætur á á eldri húsum og hins vegar fyrir fallegar og vel skipulagðar lóðir þjónustu, stofnana og fjölbýlishúsa, auk sumargatna. Starfshópurinn mun auglýsa opinberlega eftir tilnefningum og ábendingum frá borgarbúum um verðug verkefni. Í þessu sambandi vill fulltrúi Flokks fólksins leggja til að sérstaklega sé gætt að auglýsingar eftir tilnefningum berist úthverfunum þótt fram til þess hafa þeir sem búa miðsvæðis langoftast hneppt viðurkenninguna. Nota má íbúaráðin, hverfisblöðin og margt fleira til að auglýsa eftir tilnefningu.

31. Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa, dags. 20. júní 2023.
USK22120096

32. Lagt fram málskot Jóhanns Halldórssonar f.h. S8 ehf., dags. 15. júní 2023, vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 18. apríl 2023 um hækkun á nýtingarhlutfall ofanjarðar á reit H til samræmis við reit G. Einnig er lagt fram minnisblað Ask arkitekta, ódags., greinargerð ASK arkitekta, dags. 21. mars 2023 og samanburð á fermetrum, ódags. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 18. apríl 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 18. apríl 2023, staðfest. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins. USK23060258

33. Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi tillögu að breytingum á gjaldskyldu fyrir bílastæði Reykjavíkurborgar:

- Að gjald á gjaldsvæði P1 verði 600 kr/klst og hámarkstími verði 3 klst.
- Að gjaldskyldutími á gjaldsvæðum P1 og P2 verði til klukkan níu á kvöldin, virka daga.
- Að gjaldskyldutími á gjaldsvæðum P1 og P2 verði til klukkan níu á kvöldin, á laugardögum.

- Að gjaldskylda verði á gjaldsvæðum P1 og P2 verði milli klukkan 10 á morgnanna og níu á kvöldin, á sunnudögum.
 - Að ekki verði gjaldskylda á gjaldsvæði P3 á laugardögum.
- Annað er óbreytt frá gildandi tilhögun gjaldskyldu.
Greinargerð fylgir tillögunni.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Framlögð tillaga felur í sér 40% hækkun bílastæðagjalda á gjaldsvæði P1. Einnig að gjaldskyldutími verði lengdur til kl. 21 virka daga og á laugardögum á gjaldsvæðum P1 og P2. Þá verði tekin upp gjaldskylda á sunnudögum á gjaldsvæðum P1 og P2. Lagt er til að tillagan verði kynnt fyrir samtökum rekstraraðila í miðborginni og viðkomandi íbúasamtökum og íbúaráðum: þ.e. íbúaráði og Íbúasamtökum Vesturbæjar, Íbúasamtökum miðborgar Reykjavíkur og íbúaráði Miðborgar og Hlíða. Þessum aðilum verði gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar áður en þær verða teknar til endanlegrar afgreiðslu.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Fulltrúi Vinstri grænna situr hjá við afgreiðslu málsmeðferðartillögunnar.

Borin er þá upp upprunaleg tillaga og hún samþykkt. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.
Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Verið er að uppfæra gjaldskrá og gjaldskyldutíma bílastæða í samræmi við verklagsreglur í takt við notkun. Fyrirhugaðar eru stafrænar breytingar þar sem tæknin verður nýtt til að gera eftirlit skilvirkara og minnka eftirlitskostnað.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Ráðist er hér í róttækar breytingar vegna gjaldskyldra bílastæða í Miðborginni. Á sama tíma og þjónusta strætó er ófullnægjandi, og á sama tíma og tíðnin er alltof fátíð, þá er óverjanlegt að rukka fólk hærri gjöld og lengja innheimtutímamann umtalsvert fyrir að leggja í stæði. Miðborgin er fyrir alla íbúa, þau sem hafa minna á milli handanna munu veigra sér við að sækja þjónustu í miðbænum með þessum breytingum. Fulltrúi Sósíalista myndi styðja þessar breytingar ef tryggt væri að tíðni strætó myndi aukast á mótum sem og ef þjónustan yrði bætt. Á meðan svo er ekki, er óréttlæt看legt að skerða eina raunhæfa kostinn í stöðunni fyrir margt fólk, sem er að nota bíl. Margt fólk sér enga aðra kosti í stöðunni því borgin hefur ekki skapað hvata fyrir íbúa til að nota strætó.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hækka á gjald fyrir bílastæði Reykjavíkurborgar umtalsvert og þrengja reglurnar samhliða hækkun. Þess utan bætast við sunnudagar. Að gjaldskylda verði á gjaldsvæðum P1 og P2 milli klukkan tíu á morgnanna og níu á kvöldin, á sunnudögum. Þessar breytingar hafa mikinn fælingarmátt fyrir þá sem koma akandi í bæinn og er nú nóg samt. Þess utan hefur hækkun á gjöldum áhrif á verðbólguþrauginn.

Rakel Elíasdóttir deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK23060025

34. Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna endurhönnunar á Höfðabakka í samræmi við meðfylgjandi forhönnunarteikningar sem sýna m.a. að hægribeygjuframhjáhlaup eru fjarlægð á gatnamótum Höfðabakka við Bíldshöfða og við Bæjarháls. Greinargerð fylgir tillögunni.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að málinu sé frestað. Frestunartillagan er felld með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Vinstri grænna. Upprunaleg tillaga samþykkt. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Bjarni Rúnar Ingvarsson deildarstjóri og Nils Schwarzkopp byggingartæknifræðingur taka sæti á fundinum undir þessum lið. USK23010271

35. Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna endurhönnunar á Bríetartúni í samræmi við hjálagða hönnunarteikningar. Greinargerð fylgir tillögunni. Samþykkt. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Kjartan Magnússon situr hjá við afgreiðslu málsins. USK23060295

Bjarni Rúnar Ingvarsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

36. Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði um að umferð hópbifreiða og annarra ökutækja yfir átta metra á lengd verði bönnuð á eftirfarandi götum. Undanþegin banni verði ökutæki merkt akstursþjónusta sem fellur undir lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, ökutæki merkt Reykjavíkurborg og sorphirðu. Ásvallagata, Bakkastígur, Bárugata vestan Ægisgötu, Blómvallagata, Brávallagata, Brekkustígur, Brunnstígur, Bræðraborgarstígur, Framnesvegur austan Sólvallagötu, Garðastræti, Grófin, Hávallagata, Holtsgata, Hólatorg, Hólavallagata, Hrannarstígur, Kirkjugarðsstígur, Ljósvallagata, Marargata, Naustin, Nýlendugata, Ránargata vestan Ægisgötu, Seljavegur, Sólvallagata, Stýrimannastígur, Tryggvagata, Túngata vestan Hrannarsstígs, Unnarstígur, Vesturgata vestan Ægisgötu að Ánanaustum, Vesturvallagata, Öldugata vestan Ægisgötu. Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum. Greinargerð fylgir tillögunni. Samþykkt með vísan til 2. gr. viðauka 2.7 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra, sbr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. USK23010018

Bjarni Rúnar Ingvarsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

37. Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:
- Að einstefnuakstur verði á Bjarkargötu til suðurs.
 - Að hjólandi verði undanþegin einstefnuakstri á Bjarkargötu.
 - Að einstefnuakstur verði Tjarnargötu til suðurs, sunnan Skothúsvegur.
 - Að hjólandi verði undanþegin einstefnuakstri á Tjarnargötu, bæði norðan og sunnan Skothúsvegur.
 - Að heimilt verði að leggja við vinstri brún Bjarkargötu m.v. akstursstefnu
 - Að heimilt verði að leggja við vinstri brún Tjarnargötu sunnan Skothúsvegur m.v. akstursstefnu

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum. Greinargerð fylgir tillögunni. Samþykkt með vísan til 2. gr. viðauka 2.7 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra, sbr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. USK23010018

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að samþykkja einstefnuakstur í götu og byggist málið á frumkvæði íbúa. Verið er að heimila það að hjólað sé gegn einstefnu í fyrsta sinn til að tryggja áfram gott aðgengi hjólréiðafólks um götuna. Gott væri að skoða fleiri einstefnugötur þar sem verðugt væri að heimila að hjólað væri gegn einstefnu.

Bjarni Rúnar Ingvarsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

38. Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:
- Að einstefnuakstur verði á Ásvallagötu til vesturs, milli Ljósvallagötu og innkeyrslu að Hofsvallagötu 15-23
 - Að hjólandi verði undanþegin einstefnuakstri á Ásvallagötu, milli Ljósvallagötu og Hofsvallagötu.
 - Að heimilt verði að leggja við vinstri brún Ásvallagötu milli Ljósvallagötu og Hofsvallagötu, m.v. akstursstefnu.
 - Að einstefnuakstur verði á Sólvallagötu til austurs, austan Hofsvallagötu
 - Að hjólandi verði undanþegin einstefnuakstri á Sólvallagötu, austan Hofsvallagötu
 - Að heimilt verði að leggja við vinstri brún Sólvallagötu austan Hofsvallagötu m.v. akstursstefnu

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum. Greinargerð fylgir tillögunni.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Lagt er til að fyrirliggjandi tillaga verði kynnt fyrir íbúum Ásvallagötu og Sólvallagötu og þeim gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar áður en þær verða teknar til endanlegrar afgreiðslu.

Málsmeðferðatillaga felld með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Vinstri grænna.

Upphafleg tillaga samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við (1. og 3. mgr.) 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. USK23010018

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að samþykkja einstefnuakstur í götu og byggist málið á frumkvæði íbúa. Verið er að heimila það að hjólað sé gegn einstefnu í fyrsta sinn til að tryggja áfram gott aðgengi hjólréiðafólks um götuna. Gott væri að skoða fleiri einstefnugötur þar sem verðugt væri að heimila að hjólað væri gegn einstefnu.

Bjarni Rúnar Ingvarsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

39. Lagt fram afgreiðslubríf, dags. 15. júní 2023, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hólalands á Kjalarnesi. USK23030388
40. Lagt fram afgreiðslubríf, dags. 15. júní 2023, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Grundarhverfis á Kjalarnesi. SN220294
41. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um niðurfellingu aukagjalds vegna sorphirðu, sbr. 25. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 8. mars 2023. Einnig er lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða dags. 21. júní 2023. USK23030100

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins óskaði eftir upplýsingum um niðurfellingu aukagjalds sorphirðu vegna 15m reglu fyrir öryrkja og eldri borgara og hefur nú fengið svar. Einnig var spurt um hvort öryrkja geti sótt um niðurfellingu á aukagjaldi sorphirðu vegna 15m reglu? Ef já þá hvernig? Í svari segir að vinnsla beiðna um undanþágu frá ákvæði um viðbótar losunargjald er samkvæmt verklagi frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs frá árinu 2011. Fulltrúi Flokks fólksins telur að það hljóti að þurfa að endurskoða verklag sem orðið er meira en 10 ára gamalt. Flestar voru undanþágur árið 2012 eða ellefu talsins, en í dag er veitt undanþága vegna tveggja íláta í borginni. Í framhaldi er e.t.v. rétt að spyrja um hvað mörgum beiðnum um undanþágu hefur verið hafnað undanfarin 5 ár og á hvaða forsendum? Sá hluti fyrirspurnarinnar af hverju skipulagsyfirvöldum gengur svo illa að svara erindum þessa hóps er ekki svarað og heldur ekki hvernig eigi að sækja um undanþágur.

42. Lögð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu tillögu vegna hjólréiðapjófnaðar, sbr. 19. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 21. júní 2023.

Fyrirspurninni var svarað með vísun til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar sbr. lið 17. USK23060276

43. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um verkefni í "Hverfið mitt" íbúakosningu, sbr. 33. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 31. maí 2023.

Fyrirspurninni er vísað frá þar sem hún á heima í stafræna ráðinu. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði gegn frávísun fyrirspurnarinnar.

44. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um rauða dregilinn, sbr. 25. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 7. júní 2023.

Vísað til umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar til umsagnar. USK23060073

45. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að sú göngubraut sem meirihlutinn vill leggja við garða íbúa í Seljahverfi verði frekar lögð meðfram göngu og hjólastíg við veginn frekar en alveg upp við íbúabyggðina. Þarna er um lítið grænt svæði að ræða, sem eftir verður á milli íbúabyggðarinnar og vegarins, og það þarf að vernda og hlúða að því frekar en að raska með frekari framkvæmdum. Hér má nefna að farfluglar verpa á svæðinu á milli íbúðarbyggðarinnar og vegarstæði Arnarnesvegur og þar er töluvert fuglalíf sem skiptir máli. Þetta er hluti af varðveislugildi svæðisins sem

gæti komið fram við nýtt umhverfismat. Ef koma á fyrir gönguskíðabraut á þessu svæði þá er sjálfsagt að hafa hana þá meðfram göngu- og hjólastíg við veginn. Fulltrúi Flokks fólksins telur að sú gróna rönd sem hér um ræðir geti verið dálítill hljóðdeyfi og ekki veitir af gróðri til að veða á móti útblæstri gróðurhúsalofttegunda í þéttbýli. Einnig væri betra að hjólastígurinn yrði fyrir austan Arnarnesveg, enda verður hann líklegast mest notaður af Kópavogsbúum, m.a. á leið til vinnu í Reykjavík.

Frestað. USK23060356

46. Áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Vinnuskóli Reykjavíkur hefur verið að ráða ungmenni í vinnu á leikskólum borgarinnar. Á heimasíðu Reykjavíkur er hvergi talað um að verkefnin snúi að vinnu á leikskólum, heldur snúi þau flaut að garðyrkju og umhirðu í borginni. Einnig er talað um að sumarstörf vinnuskólans séu uppbyggileg og bjóði upp á fræðslu í öruggu starfsumhverfi. Í samtölum borgarfulltrúa við ungmenni sem hafa gegnt störfum á leikskólum, hefur komið fram að skortur sé á fræðslu, og þau upplífi heldur ekki öryggi í starfi. Verkefnin séu mörg og undirbúningurinn lítill sem enginn. Leikskólar í borginni ráða ekki inn fólk undir 18 ára aldri, en hér er samt verið að því í gegnum vinnuskólann. Fulltrúi Sósíalista leggur því fram fyrirspurnir sem gott væri að fá svör við sem allra fyrst, í sumar: 1. Hvaða ár byrjaði vinnuskólinn að ráða ungmenni til vinnu á leikskólum? 2. Hversu mörg ungmenni gegna störfum á leikskólum borgarinnar sumarið 2023? 3. Hvers vegna ráða leikskólar ekki inn fólk yngra en 18 ára til starfa? Hver eru þá rökinn fyrir því að ungmenni í vinnuskólanum, sem eru yngri en 18 ára, megi gegna störfum á leikskólum? 4. Hvernig er ungmennum tryggð fræðsla um starfið sem þau gegna á leikskólanum? Hvernig eru þau undirbúin fyrir þau verkefni sem gegna á þar? 5. Hver ber ábyrgð ef slys verða á börnum í umsjá ungmennanna? 6. Hver er munurinn á þeirri ábyrgð sem ungmennin gegna á leikskólanum, samanborið við annað fullorðið starfsfólk á leikskólunum? 7. Hvernig tryggir vinnuskólinn að öll ungmenni sem fá vinnu á leikskólum, hljóti einnig fræðslu? USK23060359

47. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Búið er að taka niður lyfturnar og staurana í skíðabrekkunni og talað er um að hefja landmótun á Vetrargarðinum og undirbúning fyrir Arnarnesveg. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga á hvort þetta þýði að lyfturnar verði ekki í notkun næsta vetur? Og þá kannski ekki heldur veturinn þar á eftir, þótt varaborgarfulltrúi Framsóknarflokksins hafi lofað því í nýlegri færslu á Facebook? Hvenær geta íbúar vænst þess á ný að nýta skíðabrekku hverfisins. USK23060354

48. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hefur lagning gönguskíðabrautar á grónu svæði (mön) fyrir ofan Jaka-, Jóru-Kalda- og Klyfjasel verið rædd sérstaklega við íbúa, og þá sérstaklega þá sem búa næst fyrirhugaðri skíðagöngubraut? Flestir íbúar vilja að umrætt náttúrusvæði, verði látið í friði og frekar gróðursett tré á svæðinu í stað þess að ryðja gróður til að útbúa gönguskíðabraut alveg upp við garða íbúa. Í litprentuðum bæklingi sem Reykjavíkurborg dreifði í júlí 2021 eru m.a. tvær myndir, önnur teiknuð en hin mynd af korti, sem sýna væntanlegan Vetrargarð og næsta nágrenni. Þar má sjá að gera á gönguskíðabrautir rétt fyrir ofan Jaka-, Jóru- Kalda-, Klyfjasel og fleiri nærliggjandi Sel sem gætu skaðað hið vel gróna svæði milli efstu lóðanna og

væntanlegs Arnarnesvegjar. Verður trjágróðri, sem íbúar hafa gróðursett á síðustu áratugum, til að rækta upp þetta dýrmæta græna svæði, rutt í burt fyrir þessar gönguskiðabrautir? Þessi mön milli íbúabyggðarinnar og vegarins mun að einhverju leyti vernda íbúa fyrir hávaða og mengun frá tilvonandi Arnarnesvegi, og því gríðarlega mikilvægt að hlúa vel að gróðri og náttúru á þessu svæði.

Fyrirspurninni fylgir skýringarmynd. USK23060355

49. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvað varð um vistlokin sem lofað var að yrðu byggð í tengslum við lagningu 3. áfanga Arnarnesvegjar. Áformað er að koma vistlokum yfir hluta vegarins og yrðu þau til bóta, enda augljóst að vegurinn eins og hann er nú teiknaður verður snjókista alls staðar þar sem vistlokin eru ekki. Vegurinn mun að öllum líkindum verða gjörsamlega ófær í vetrarfærð, eins og hefur verið síðustu ár. Teikningar af svokölluðum vistlokum (gróðurbrú yfir veginn) voru birtar á deiliskipulaginu, en er svo hvergi að sjá í útboðslýsingu. Það er öllum ljóst að það er mun meiri kostnaður fólgin í því að bæta vistlokunum við síðar, frekar en að gera þau á sama tíma og vegurinn er lagður. Hafa skipulagsyfirvöld það fast í hendi að þessi vistlok, sem íbúum var lofað í samþykktu deiliskipulagi, verði gerð og þá hvenær er að vænta þeirra?

Greinargerð fylgir fyrirspurn. USK23060357

50. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Nú liggur fyrir að ekki var samþykkt að taka tilboði lægstbjóðandi verktaka í útboði 3ja áfanga Arnarnesvegjar. Í útboðsgögnum er talað um að vegurinn sé 1.3 km. Allir þeir sem skoða gögnin betur geta séð að vegarkafllinn er mun lengri og enn lengri ef sveigurinn inn á útivistarsvæðið í Elliðaárdal, austan Nönnufells og Möðrufells, er talinn með. Af hverju er ekki sagt satt um þetta atriði? Varla er þetta til að bæta svokallað íbúalýðræði sem lítið fer fyrir í þessu máli? USK23060358

Fundi slitið kl. 15:39

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Aðalsteinn Haukur Sverrisson
Friðjón R. Friðjónsson
Líf Magneudóttir

Birkir Ingibjartsson
Kjartan Magnússon
Unnur Þöll Benediktsdóttir

BORGARRÁÐ

Ár 2023, fimmtudaginn 13. júlí, var haldinn 5710. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 09:05. Viðstödd voru, Heiða Björg Hilmisdóttir, Alexandra Briem, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Kjartan Magnússon, Marta Guðjónsdóttir, Trausti Breiðfjörð Magnússon og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir. Einnig sátu fundinn áheyrnarfulltrúarnir Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir og Stefán Pálsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ebba Schram, Hulda Hólmkelsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um eldgos á Reykjanesskaga.

Birgir Finnsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS23010046

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Þriðja eldgosíð á Reykjanesskaga á jafnmörgum árum sýnir að nýtt gostímabil er hafið á svæðinu, sem gæti staðið öldum saman. Jarðfræðingar benda á að það mynstur virðist vera að skapast að gosvirknin færist í norðaustur frá Fagradalsfjalli og þar með nær höfuðborgarsvæðinu. Þessi þróun sýnir að hugmyndir um lagningu nýs alþjóðaflugvallar í Hvassahrauni eru óraunhæfar vegna jarðhræringa og eldgosahættu eins og jarðvísindamenn og atvinnuflugmenn hafa bent á árum saman. Reykjavíkurflygvöllur mun því áfram gegna mikilvægu hlutverki í innanlandsflugi, sjúkraflugi og björgunarflugi og brýnt að ekki verði þrengt að vellinum frekar en orðið er eins og til stendur að gera með nýrri byggð í Skerjafirði. Sjúkraflugið hefur aukist mikið á síðustu árum og er nú almennt viðurkennt sem mikilvægur hlekkur í heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Þá gegnir Reykjavíkurflygvöllur mikilvægu hlutverki í millilandaflugi sem varaflugvöllur Keflavíkurflygvallar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í borgarráði var umræða um eldgosíð á Reykjanesskaga sem er það þriðja á jafnmörgum árum á svæðinu. Fulltrúi Flokks fólksins hefur áhyggjur af ýmsu í sambandi við þetta gos en mest þó af því að einstaka foreldrar eru að fara með ung börn sín að gosinu, jafnvel ungabörn. Ferðin er tyrfín og oft er mengun mikil, og jafnvel við hættumörk sem gæti skaðað öndunarfæri barna sem enn eru að þroskast. Vissulega er það þannig að borgarráð hefur ekkert um þessi mál að segja heldur er þetta í höndum lögreglustjóra Suðurnesja. Fulltrúi Flokks fólksins vill engu að síður tjá sig um þessar áhyggjur í bókun. Einnig er það afar leiðinlegt að lesa um neikvæða framkomu sumra gagnvart sjálfboðaliðum og öðrum sem standa vaktina á svæðinu þótt langflestir séu til fyrirmyndar og sýni skilning, alúð og kurteisí. Flokkur fólksins vill nota tækifærið og þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem bjóða fram krafta sína við þessar aðstæður.

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 7. júlí 2023, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki að verða við beiðni stjórnar Listahátíðar, dags. 30. júní 2023, um endurnýjun á þríhliða samning vegna Listahátíðar í Reykjavík fyrir árin 2024-2026, sem og að árlegt samningsframlag Reykjavíkurborgar til Listahátíðar á samningstímanum verði hækkað um 15 m.kr. árlega, þ.e. úr 36 m.kr. á ári í 51 m.kr. á ári til að styðja við rekstur Listahátíðar. Gert verði ráð fyrir kostnaðinum í fjárhagsáætlun. Jafnframt er lagt til að borgarráð samþykki að veita borgarstjóra heimild til undirritunar á samningnum.

Samþykkt. MSS23070009

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokks, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg er stoltur bakhjarl Listahátíðar og leggur áherslu á að stór hluti dagskrár verði áfram ókeypis, fjölskyldumiðaður og að lögð verði áhersla á viðburði í almenningsrými og aðgengi í víðasta skilningi þess orðs. Á síðari árum hefur hátíðin verið í fararbroddi í íslensku menningarlífi hvað varðar sýnileika jaðarsettra hópa í listum enda er það leiðarljós hátíðarinnar að listir og menning séu ekki forréttindi fárra heldur réttur allra. Í því ljósi hefur dagskráin teygst sig út í hverfi borgarinnar, til stór-höfuðborgarsvæðisins og í auknum mæli út á land.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 6. júlí 2023:

Haraldur Þorleifsson hafði sem kunnugt er frumkvæði að verkefninu Römpum upp Reykjavík, sem í fyrstu byggði á samstarfi við Reykjavíkurborg en síðar fjölmarga fleiri. Í kjölfar velgengninnar varð til verkefnið Römpum upp Ísland. Haraldur hafði á dögnum frumkvæði að því að borgarstjóri kannaði grundvöll fyrir því að færa verkefnið út fyrir landssteinana. Haraldur hefur tryggt sér vilyrði fyrir fjármögnun en hlutverk borgarstjóra yrði á koma á tengslum við aðrar borgir, í fyrstu í tilraunskyni, en verkefnið gæti orðið umfangsmikið þegar fram í sækir. Á fundi borgarstjóra í Brussel á dögnum átti borgarstjóri fundi með Anne Hidalgo, borgarstjóra Parísar, Karin Wanngård borgarstjóra Stokkhólms og Andriy Sadovyi borgarstjóra Lviv í því skyni að kanna áhuga þeirra á að vera með í ofangreindu tilraunaverkefni. Allar borgirnar tóku erindinu vel og fyrsti fundurinn til að fylgja málinu eftir var í opinberri heimsókn Anne Hidalgo borgarstjóra Parísar til Reykjavíkur. Átti hún meðal annars fund með Haraldi ásamt borgarstjóra og Lamiu El Aaraje, aðstoðarborgarstjóra Parísar sem ber ábyrgð á aðgengismálum, og var niðurstaða fundarins að Haraldur fór til Parísar til fundar við lykilmál til að gera verkefnið að veruleika. Lagt er til að borgarráð samþykki að Dagur B. Eggertsson borgarstjóri verði verndari verkefnisins „Ramp up Europe“ og leggi því lið með því að koma á tengslum við borgir sem áhuga kunna að hafa að því að taka þátt. Borgarráð verði upplýst um framgang verkefnisins eins og tilefni er til.

Samþykkt. MSS23070022

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Að frumkvæði Haraldar Þorleifssonar startaði Reykjavíkurborg samstarfsverkefninu „Römpum upp Reykjavík“ sem fljótlega varð að samstarfsverkefni fleiri aðila í verkefninu „Römpum upp Ísland“. Borgarráð samþykkir hér þá beiðni að Dagur B. Eggertsson borgarstjóri verði verndari verkefnisins „Ramp up Europe“ þar sem hans hlutverk yrði að koma á tengslum við aðrar borgir og vinna að framgangi verkefnisins.

4. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 7. júlí 2023, þar sem drög að erindisbréfi persónuverndar Reykjavíkurborgar eru lögð fram til kynningar, ásamt fylgiskjölum. MSS23040013
5. Lögð fram tillaga borgarstjóra, dags. 10. júlí 2023, að rammaúthlutun Reykjavíkurborgar 2024, ásamt fylgiskjölum. Greinargerð fylgir tillögnum.
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Halldóra Káradóttir og Erik Tryggvi Striz Bjarnason taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS23010019

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Í þessari rammaúthlutun er lögð sérstök áhersla á grænu málin. Hér má benda á að í grænum umbreytingunum verður einnig að fylgja félagslegt réttlæti. Umbreytingin má ekki bitna á þeim efnaminni. Ef kostnaður við það að lifa grænum lífsstíl er meiri en sá sem fyrir var, er ólíklegt að borgin fái íbúa með sér í lið á þeirri vegferð. Þétting byggðar er umhverfisvæn aðgerð, en ef hún leiðir til hækkandi íbúðaverðs fær hún ekki meðbyr. Sama gildir um almenningsamgöngur. Ef það á að þrengja götur í borginni og fækka stæðum verða almenningsamgöngur að eflast samhliða. Strætó gengur alltof sjaldan, vagnaflotinn er að þrotum kominn og opnunartími inniaðstöðu farþega er alltof stuttur. Grænum áherslum verða að fylgja aðgerðir sem auka jöfnuð og auðvelda íbúum að nýta sér græna kosti. Auk þess gerir fulltrúi Sósíalísta athugasemdir við þá orðræðu að fatlað fólk sé gert að ógn við sjálfbærni í rekstri borgarinnar. Öryrkjabandalagið hefur lýst furðu yfir slíkum málf lutningi, en hér er því enn haldið fram að mála flokkur fatlaðs fólks ógni fjárhagslegri sjálfbærni borgarinnar. Gæta þarf betur að því hvernig talað er um þennan mála flokk, þannig sá hópur sem um er að ræða upplifi sig ekki sem blóraböggul þegar kemur að fjárhag borgarinnar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í framlögðum gögnum kemur fram að reyna eigi að ná hagræðingu með því að ná fram lækkun launaútgjalda í hlutfalli af tekjum, sameiningu starfa, aðhald í ráðningum og að „nýta stafræna umbreytingu til aukinnar skilvirkni og hagræðingar í rekstri.“ Þetta hljómar skynsamlega en hefur ekki verið í raun. Fram til þessa hefur þjónustu- og nýsköpunarsvið sem dæmi með sitt stafræna sérfræðingaráð þanist út, nánast í línulegu samhengi við versnandi efnahagsstöðu borgarinnar. Bæst hafa við 11 ný stöðugildi á stuttum tíma. Tilbúnað afurðir sem sannarlega myndu skila hagræðingu eru í miklu ósamræmi við það gríðar mikla fjármagn sem veitt hefur verið til sviðsins undanfarin ár. Í dag þarf samt ennþá að skrá barn inn í nýjan leikskóla skriflega með því að fylla út 4-6 A4 blöð. Þetta er orðið einsdæmi ef horft er til annarra sveitarfélaga. Sú rammaúthlutun sem hér er lögð fram sýnir að sannarlega verða viðbætur í þágu skóla og velferðar en á þeim sviðum hefur mikið mætt. Þrátt fyrir verkefnið Betri borg fyrir börn hefur ekki náðst að hjálpa öllum þeim börnum sem glíma við vanda í skólakerfinu. Nú bíða 2.511 börn á biðlista. Finna þarf leiðir til að taka á þessu rótgróna vandamáli. Börnum í vanda verður að hjálpa.

6. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 10. júlí 2023, varðandi forsendur fjárhagsáætlunar 2024 og fimm ára áætlunar 2024-2028.

Halldóra Káradóttir og Erik Tryggvi Striz Bjarnason taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS23010019

7. Lagt fram trúnaðarmerkt mánaðarlegt rekstraruppgjör A-hluta Reykjavíkurborgar janúar – apríl 2023, dags. 13. júlí 2023, ásamt trúnaðarmerktum fylgiskjölum. Halldóra Káradóttir og Erik Tryggvi Striz Bjarnason taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS23060028
8. Lagt fram trúnaðarmerkt bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 30. júní 2023, þar sem lögð er fram trúnaðarmerkt áhættuskýrsla vegna fyrsta ársfjórðungs ársins 2023, ásamt fylgiskjölum.

Halldóra Káradóttir og Erik Tryggvi Striz Bjarnason taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS23070015

9. Lagðar fram tillögur borgarstjóra, dags. 11. júlí 2023, að viðaukum við fjárhagsáætlun 2023. Greinargerðir fylgja tillögunum.
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Halldóra Káradóttir og Erik Tryggvi Striz Bjarnason taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS23010016

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar hækkunum vegna launa ungmenna í vinnuskólanum en þau höfðu ekki fylgt kjara- og almennum verðbótum. Flokkur fólksins skilur einnig að fjölga þurfi stöðugildum hjá Barnavernd Reykjavíkur. Nú er staðan þannig að foreldrar í auknum mæli sjá sig nauðbeygð til að tilkynna sig og barn sitt sjálf til Barnaverndar. Tilfelli um að foreldrar tilkynni sjálfa sig voru árið 2017 279 en árið 2022 eru tilkynningarnar 337. Ástæðuna má án efa rekja til þess að nú bíða 2.511 börn á biðlista skólaþjónustunnar. Með því að tilkynna mál til Barnaverndar geta tilkynnendur verið öruggir um að mál þeirra fái skoðun fljótt. Samkvæmt lögum ber Barnavernd að skoða málið innan ákveðins tímafrests og athuga hvort ástæða sé til þess að það fari í svokallaða könnun. Foreldrar sem eiga börn á biðlista skólanna og fá þar ekki þjónustu eru ráðalausir. Um er að ræða mál sem mörg hver voru áður unnin á vettvangi skólanna, t.d. hjá skólasálfræðingi. Taka má dæmi um skólaforðunarvandamál en árið 2019 voru tilkynningar um skólaforðun til Barnaverndar 67, árið 2021 voru þau 46 en árið 2022 eru málin um 70.

10. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 11. júlí 2023:

Lagt er til að laun borgarfulltrúa hækki um 2,5% þann 1. júlí nk. í stað 7,88% skv. þróun launavísitölu frá nóv. 2022 til maí 2023. Borgarstjóri mun einnig óska eftir sömu breytingum á sínum launum. Tillagan felur í sér að grunnlaun borgarfulltrúa hækka úr 963.647 kr. í 987.738 kr. eða 24.091 kr. á mánuði utan launatengdra gjalda í stað hækkunar um 76.000 kr. Álagsgreiðslur og starfskostnaður hækki um hlutfallslega með sama hætti. Breytingin taki gildi frá og með 1. júlí 2023.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Halldóra Káradóttir og Erik Tryggvi Striz Bjarnason taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS23010278

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Vegna efnahagsaðstæðna er lagt til að hækkun á launum kjörinna fulltrúa verði minni en samþykktir borgarstjórnar gera ráð fyrir og er þetta gert í samræmi við heildar þróun launa í samfélaginu. Lagt er til að laun borgarfulltrúa hækki um 2,5% þann 1. júlí nk. í stað 7,88% skv. þróun launavísitölu frá nóv. 2022 til maí 2023. Borgarstjóri mun einnig óska eftir sömu breytingum á sínum launum.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Við hefðum viljað ganga lengra og taka ekki við neinum launahækkunum í því árferði sem nú ríkir. Launin eru mjög há í samanburði við margt af því fólki sem borgarfulltrúar vinna fyrir. Þetta er hins vegar skref í rétta átt. Með samþykkt þessarar tillögu er meirihluti borgarstjórnar loksins að viðurkenna að eðlilegt sé að líta til utanaðkomandi þátta þegar launahækkunarir eru ákvarðaðar.

11. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 19. júní 2023, þar sem óskað er eftir heimild borgarráðs fyrir því að auglýsa eftir rekstraraðila að biðstöð strætófarþega við Þönglabakka 4, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til að Reykjavíkurborg taki yfir reksturinn að biðstöð strætófarþega við Þönglabakka 4. Opnunartími biðstöðvarinnar, sem er afar mikilvæg skiptistöð, verði tryggður allan þann tíma sem Strætó gengur á hverjum sólarhring.

Greinargerð fylgir breytingartillögunni.

Breytingartillagan er felld með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn atkvæði borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Erindi fjármála- og áhættustýringarsviðs, þar sem óskað er eftir heimild borgarráðs fyrir því að auglýsa eftir rekstraraðila að biðstöð strætófarþega við Þönglabakka 4, er samþykkt.

Óli Jón Hertervig tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
FAS23060026

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er löngu tímabært að bæta aðstöðu fyrir notendur Strætó í Mjódd. Sú aðferð sem gafst vel við Hlemm var að fá inn rekstraraðila til að reka þar Mathöll, sem einnig nýtist fyrir farþega að bíða og til að bæta þjónustuframboð á svæðinu og gera það meira aðlaðandi. Síðast þegar slíkt var reynt í Mjódd kom í ljós að stærð húsnæðisins hentaði illa, en nú er verið að bjóða stærra svæði sem passar betur fyrir slíkan rekstur. Mjóddin er mjög fjölfarin umferðarmiðstöð og þar eru að auki stórir vinnustaðir. Því má leiða að því líkur að vel væri hægt að koma upp góðum rekstri þarna, nú þegar húsnæðið sem er í boði er af heppilegri stærð.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Allt frá árinu 2016 hafa borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins flutt fjölmargar tillögur um að ráðist veðri í úrbætur á skiptistöðinni í Mjódd, sem að lágmarki feli í sér eftirfarandi. 1. Kvöldopnun. Biðstöðin verði opin farþegum á kvöldin á meðan strætisvagnar ganga. 2. Umsjón með biðsalnum verði aukin og salernisprífum komið í lag. 3. Sætum í biðsal verði fjölgað. 4. Biðsalurinn verði gerður hlýlegri, t.d. með uppsetningu listaverka. Meirihlutinn hefur hingað til verið alveg áhugalaus um áðurnefndar tillögur þótt augljóst sé að skiptistöðin hafi verið vanrækt árum saman. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins minna enn og aftur á tillögurnar og óska eindregið eftir því að þeim verði komið í framkvæmd nú, þegar til stendur að auglýsa eftir nýjum rekstraraðila að skiptistöðinni.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Erfitt hefur reynst að fá rekstraraðila til að sjá um biðstöð strætófarþega í Mjóddinni. Árið 2019 skilaði einungis einn aðili inn tilboði og hefur núverandi rekstraraðili sagt upp leigusamningi við borgina. Ef ekki er hægt að fá nógu mikinn fjölda af áhugasömum aðilum til að reka biðstöð farþega ætti Reykjavíkurborg sjálf að sjá um slíkt. Almenningsamgöngur eru reknar m.a. af Reykjavík og hennar hlutverk er að þjónusta íbúa sem nýta sér þær. Verkefni eins og að tryggja inniaðstöðu farþega eru ekki tímabundin verk, sem henta vel til að verktöku, heldur er um langtímaverkefni að ræða sem leggst aldrei af. Í því ljósi ætti borgin sjálf að reka aðstöðu strætófarþega. Farþegar hafa hingað til ekki verið ánægðir með

inniaðstöðuna í Mjóddinni. Ef fáir aðilar sýna verkefninu áhuga, eða jafnvel bara einn, er ekki líklegt að það leiði til þeirrar þjónustu sem farþegar eiga skilið. Borgin ætti ekki að útvista ábyrgð sem þessari til lægstbjóðandi fyrirtækis, sem hefur ekki endilega mikinn áhuga á verkefninu, heldur frekar því að fá pening frá borginni fyrir litla vinnu. Þessi litla vinna er greinileg þegar þjónusta síðustu ára er skoðuð fyrir farþega í Mjóddinni.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það hversu erfitt það hefur reynst að fá rekstraraðila til að reka biðstöð farþega segir heilmikið um hversu erfitt verkefni þetta er. Fulltrúi Flokks fólksins telur að best væri því komið að borgin reki biðstöðina sjálf. Hér er um tegund þjónustu sem best er að veita innan frá ef svo má orða. Hafa skal í huga að engin býður í verkefni nema til að hagnast á því og hér er um þjónustu að ræða sem varla mun gefa nokkurn hagnað og mögulega þarf að borga með ef þjónustan á að vera viðunandi hvað þá fullnægjandi.

12. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 7. júlí 2023, þar sem óskað er eftir að borgarráð veiti heimild til að ganga frá kaupum á einni færanlegri kennslustofu auk salernis fyrir Hagaskóla, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Óli Jón Hertervig tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
FAS23070013

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins fagnar því að loksins á að ganga frá kaupum á færanlegri kennslustofu auk salernis fyrir Hagaskóla. Stofan var pöntuð í kjölfar mikilla viðhaldsframkvæmda sem nauðsynlegt var að ráðast í. Árum saman hafa skólayfirvöld kvartað vegna ástandsins, skólinn löngu sprungin og mygla og raki víða í eldri byggingum. Hagaskóli eins og Fossvogsskóli hefur verið í langan tíma heilsuspillandi húsnæði en yfirvöld hunsuðu það. Verið er að súpa seyðið af áralangri vanrækslu á viðhaldi skólabygginga í borginni. Viðhaldsskuld borgarinnar er orðin stór og komið er að skuldadögum. Um Hagaskóla er óhætt að segja að þar hefur staðan verið sérlega slæm. Blessunarlega er hreyfing á málinu og vonandi eru veikindi vegna heilsuspillandi húsnæðis úr sögunni.

13. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, 24. maí 2023, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 24. maí 2023 um synjun á beiðni um breytingu á deiliskipulagi Laugavegar 176, ásamt fylgiskjölum. Einnig lagt fram bréf Reitna, dags. 2. júní 2023.
Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs.

Björn Axelsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
USK23030175

14. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 8. mars 2023, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 8. mars 2023 á auglýsingu á tillögu að breytingu á hverfisskipulagi í Árbæ, hverfi 7.3. Selás, vegna lóðarinnar nr. 98 við Selásbraut, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Björn Axelsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
USK23020273

15. Lagt fram bréf borgarritara, dags. 10. júlí 2023, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki samkomulag um uppbyggingu á Selásbraut 98, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt. MSS23070002

16. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 11. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki að taka undir hjálagða áskorun Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til umhverfis-, orku-, og loftslagsráðherra, dags. 11. júlí 2022, varðandi aukna kostnaðarhlutdeild Úrvinnslusjóðs vegna söfnunar og annarrar meðhöndlunar á vörum og umbúðum sem bera framlengda framleiðendaábyrgð. Aukin kostnaðarhlutdeild Úrvinnslusjóðs myndi mæta þeim kostnaði sem heimili verða annars fyrir vegna fyrirmæla laga um aukna flokkun og breytta sorphirðu.

Samþykkt. MSS23070029

17. Lagt fram að nýju bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 20. júní 2023, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að rifta samningi um uppbyggingu í Vesturbugt, sem samþykkt var á fundi borgarráðs þann 22. júní 2023 og fært í trúnaðarbók. MSS23020112

18. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 3. júlí 2023, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að hefja innkaup og innleiðingu eldhúsumsjónarkerfis, ásamt fylgiskjölum.

Samþykkt.

Óskar Jörgen Sandholt tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

- Kl. 11.20 vikur Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir af fundinum. ÞON20120011

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Meginmarkmið borgarinnar með því að móta matarstefnu var að stuðla að betri heilsu Reykvíkinga, styrkja máltíðþjónustu borgarinnar og stuðla að því að borgin nái markmiðum sínum hvað varðar öryggi, sjálfbærni, menntun, lýðheilsu og hagkvæmni. Með innleiðingu á eldhúsumsjónarkerfi Reykjavíkurborgar er tekið stórt skref í aðlögun starfsemi framleiðslueldhúsa borgarinnar að markmiðum matarstefnunnar. Þar má nefna aukið öryggi, bætt gæði og þjónustu. Þjónustubegar geta fengið upplýsingar um næringargildi máltíða, uppruna hráefna, ofnæmisvalda og kolefnisspor máltíðanna. Auðveldara verður að bjóða upp á val á milli rétta. Hægt er ná fram heildaryfirsýn yfir þjónustuúrval og innkaupaparfir þvert á eldhúsin og í því felast tækifæri til hagstæðari innkaupa og minni matarsóunar.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Rökin með þessari tillögu eru að koma á kerfi sem styður við matarstefnu Reykjavíkurborgar. Það er flott að hér eigi að vinna eftir henni. Hins vegar má benda á að þann 20. mars sl. lögðu Sósíalistar fram tillögu þess efnis að borgin ynni einmitt eftir henni í mótuneytum leik- og grunnskóla Reykjavíkur. Þannig yrði tryggt að börn yrðu fengin til að taka þátt í undirbúningi, ræktun og matargerð þegar því yrði við komið. Í matarstefnu Reykjavíkur kemur fram að matur eigi að vera mikilvægur þáttur í menntun barna og starfsemi skóla í Reykjavík. Sú tillaga var felld af meirihluta skóla- og frístundaráðs. Það er ekki í lagi að meirihlutinn týni eftir hentugleika þau atriði úr matarstefnunni sem þau vilja vinna eftir. Þannig grafa þau undan eigin stefnu og trausti íbúa gagnvart borgarstjórn, en matarstefna Reykjavíkur var samþykkt árið 2018 af öllum flokkum núverandi meirihluta, að Framsóknarflokknum undanskyldum.

19. Lagt fram bréf velferðarsviðs, dags. 11. júlí 2023, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar til framfærslu, ásamt fylgiskjöllum. Einnig lögð fram umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 10. júlí 2023. Samþykkt.

Dís Sigurgeirsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. VEL23060052

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Fjárhagsaðstoð er fyrir fólk sem ekki getur séð sér og sínum farborða án aðstoðar. Reykjavíkurborg hefur lagt áherslu á að í styðja fólk til virkni og vinnu og að borga gjöld sem tengjast börnum fólks á fjárhagsaðstoð svo sem leikskólavist, skólamáltíðir, frístund og meðlag. Starfandi er stýrihópur á vegum velferðarráðs sem er að endurskoða reglur um fjárhagsaðstoð og munu þær tillögur liggja til grundvallar fyrir næstu fjárhagsáætlun. Í ljósi verðbólguþróunar er hér samþykkt að hækka fjárhæðir fjárhagsaðstoðar um 5% og taki hækkunin gildi frá 1. júlí 2023.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar tillögu um hækkun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar. Tillögurnar fela í sér að viðmiðunarmörk grunnfjárhæða hækka um 5% og er gert ráð fyrir að breytingarnar taki gildi frá og með 1. júlí 2023. Enda þótt kostnaðarmatið byggji á forsendum sem óvissa ríkir um sjá allir að þessi 5% hækkun nær skammt í þeirri verðbólgutíð sem nú ríkir. Sá hópur sem er á fjárhagsaðstoð er fátækasti hópurinn í Reykjavík og stór hluti hans er á leigumarkaði sem rífur til sín stærsta hlutann af ráðstöfunartekjum fólks á fjárhagsaðstoð þrátt fyrir sérstakan húsnæðisstuðning sem sumir kunna að njóta.

Áheyrnarfulltrúi Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Vinstri grænna lýsir ánægju með hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar sem hér er samþykkt. Vinstri græn hafa ítrekað haldið til haga mikilvægi þess að fjárhæðir þeirra nái í það minnsta að halda í við almennar verðlagshækkanir og er ítrekuð sú tillaga að það verði gert með sjálfvirkum hætti með tengingu við vísitölu til að losa hóp í viðkvæmri stöðu við óvissuna um hvort og þá hvenær fjárhæðir séu endurskoðaðar.

20. Lagt fram bréf velferðarsviðs, dags. 11. júlí 2023, þar sem óskað er eftir að velferðarsvið samþykki breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning, ásamt fylgiskjöllum. Einnig lögð fram umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 10. júlí 2023. Samþykkt.

Dís Sigurgeirsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. VEL23070006

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokks, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárhagsleg aðstoð við fjölskyldur og einstaklinga á leigumarkaði sem þurfa sérstakan stuðning vegna greiðslu á húsaleigu sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar og félagslegra aðstæðna. Reykjavíkurborg hækkaði fjárhæð tekjumarka um 7,40% frá 1. janúar 2023 og hér er samþykkt að hækka fjárhæð tekjumarka um 2,5 % til viðbótar afturvirkir frá sama tíma. Einnig er samþykkt að húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geti aldrei numið samtals 100.000 kr. í stað 90.000 kr. áður. Þetta er liður í aðgerðum

Reykjavíkurborgar til að styðja við þau sem erfiðast eiga með að mæta áhrifum hækkandi húsnæðiskostnaðar, verðbólgu og stýrivaxtahækkana.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Hækkun tekjumarka vegna sérstaks húsnæðisstuðnings fylgir ekki verðlagi. Um rýrnun er því að ræða. Hækkun tekjumarka ásamt öllum stuðningi ætti að fylgja vísitölubróun.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar þessari hækkun á húsnæðisstuðningi: Hver króna skiptir máli fyrir þennan hóp enda stór hluti hans á leigumarkaði sem um þessar mundir er helsjúkur. Því er fagnað að nú þurfa umsækjendur ekki að endurnýja umsókn á 12 mánaða fresti. Reykjavíkurborg verður að koma inn í þá vinnu að hemja leiguverð á meðan framboð af húsnæði nær ekki eftirspurn. Þetta kerfi er flókið en nú hefur sú breyting verið gerð að greiðslur sérstaks húsnæðisstuðnings takmarkast við að húsnæðiskostnaður leigjenda að teknu tilliti til samanlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings sé að lágmarki 50.000 en áður var það 40.000. Þetta þýðir að ákveðinn hópur notenda muni fá lægri greiðslur vegna hækkunar á lágmarki húsnæðiskostnaðar. Með lausn á einum vanda skapast því e.t.v. nýr vandi.

21. Lagt fram trúnaðarmerkt minnisblað borgarlögmanns, dags. 10. júlí 2023, um málaferli Reykjavíkur. MSS23010233
22. Lögð fram beiðni Jórunnar Pálu Jónasdóttur, dags. 6. júní 2023, um tímabundna lausn frá störfum frá og með 18. júlí 2023 til og með 17. júlí 2024. Samþykkt. MSS23010065
23. Lögð fram að nýju tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, dags. 29. júní 2023, um að innri endurskoðun kanni tildrög atviks í íbúaráði Laugardals, sbr. 46. lið fundargerðar borgarráðs frá 29. júní 2023. Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn þremur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands. MSS23010033

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Stjórnsýsla Reykjavíkurborgar grundvallast á því að nefndir og ráð innan borgarinnar starfi með þeim hætti sem þeim er ætlað að gera og samkvæmt samþykktum ráða og nefnda Reykjavíkurborgar. Ef grunur leikur á að starfsfólk og kjörnir fulltrúar leggi mjög mismunandi skilning í verksvið og heimildir þeirra nefnda og ráða sem þeir starfa í ætti það að kalla á yfirferð þessa mála. Enda felur það í sér vanvirkni þeirra ráða og nefnda með tilheyrandi sóun á tíma allra aðkomandi og fjármunum borgarsjóðs.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Við leggjum til að tillögunni verði vísað frá. Innri endurskoðun og ráðgjöf hefur m.a. það verkefni að taka við ábendingum um ámælisverða háttsemi frá starfsmönnum og borgarbúum. Verkefnaval og forgangsroðun verkefna byggir á áætlun hverju sinni ásamt því að innri endurskoðandi hefur heimild til að setja mál, sem upp koma hverju sinni, á sína dagskrá. Innri endurskoðun brást strax við varðandi þetta mál og telur ekki ástæðu til að hefja sérstaka könnun og rannsókn á atvikinu. Innri endurskoðun og ráðgjöf hefur fullt frelsi á hverjum tíma til að hefja rannsókn, kannanir eða greiningar ef tilefni er til. Ekki er talin ástæða til þess í þetta skiptið

að innri endurskoðun og ráðgjöf breyti áður ákveðnum áætlunum um kannanir og rannsóknir sem samþykktar eru í endurskoðunarnefnd á hverju ári.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tekið er undir það sem kemur fram í greinargerð tillögunnar að ætla má að umrætt tilvik hafi ekki verið einangrað tilvik „enda ólíklegt að starfsmenn hafi vísitandi ætlað að villa um fyrir þessu tiltekna íbúaráði og að atvikið endurspegli skilning mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu á samþykktum íbúaráðanna eða viðteknar venjur innan skrifstofunnar sem kunna að vera meðvitaðar eða ómeðvitaðar“. Fyrir vikið gátu fundarmenn ekki innt hlutverk sitt af hendi með réttum hætti sem þýðir jafnframt að íbúaráðið starfaði ekki með réttum hætti. Fulltrúi Flokks fólksins er afar feginn að upp komst hvernig í pottinn er búið undir niðri og eygir von að róttæk jarðvegsskipti eigi sér stað en það sem þarna birtist ljóslifandi á sér eitthvað upphaf, einhverjar rætur. Stjórnendur eru ábyrgir enda þótt hver og einn einstaklingur sé vissulega ábyrgur fyrir sinni eigin hegðun og framkomu.

24. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 4. janúar 2023, sbr. afgreiðslu borgarstjórnar frá 3. janúar 2023 á tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bætt aðstöðu strætisvagna í Mjódd. Einnig lögð fram umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 19. júní 2023.

Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn þremur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands. MSS23010060

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Allt frá árinu 2016 hafa borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins flutt fjölmargar tillögur um að ráðist verði í úrbætur á skiptistöðinni í Mjódd, sem að lágmarki feli í sér eftirfarandi. 1. Kvöldopnun. Biðstöðin verði opin farþegum á kvöldin á meðan strætisvagnar ganga. 2. Umsjón með biðsalnum verði aukin og salernisprífum komið í lag. 3. Sætum í biðsal verði fjölgað. 4. Biðsalurinn verði gerður hlýlegri, t.d. með uppsetningu listaverka. Meirihlutinn hefur hingað til verið alveg áhugalausir um áður nefndar tillögur þótt augljóst sé að skiptistöðin hafi verið vanrækt árum saman. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins minna enn og aftur á tillögurnar og óska eindregið eftir því að þeim verði komið í framkvæmd nú, þegar til stendur að auglýsa eftir nýjum rekstraraðila að skiptistöðinni.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Þessi tillaga var tekin með í vinnuna um að finna lausn á málefnum Mjóddarinnar, og niðurstaða þeirrar vinnu var að stækka húsnæðið sem leitað væri samstarfs um að reka og gera aðra tilraun til þess.

25. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 22. júní 2023, sbr. afgreiðslu borgarstjórnar frá 20. júní 2023 á tillögu borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um frestun launahækkana kjörinna fulltrúa 2023 og endurskoðun launauppbyggingar. MSS23060117

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn atkvæði borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands. MSS23010060

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Launamál borgarfulltrúa hafa oft verið til umræðu en í kjölfar úrskurðar kjararáðs árið 2016 ákvað borgarstjórn að afbakka 44% hækkun. Borgarstjórn samþykkti í apríl 2017 nýtt launafyrirkomulag sem grundvallast á því að laun borgarfulltrúa fylgja almennum markaði og taki breytingum samkvæmt launavísitölu. Ein af grunnforsendum í því kerfi er að pólitíkin hverju sinni sé ekki breyta eða hræra í eigin launakjörum og hefur um það ríkt friður með þeirri undantekningu að borgarfulltrúar Sósíalístaflokksins leggja ítrekað til að breyta launum borgarfulltrúa. Með tillögum um lækkun launa borgarfulltrúa t.d. vegna COVID og hagræðingar. Meirihluti borgarstjórnar hefur ávallt haldið til haga að borgarfulltrúar eigi að fylgja almennum launahækkunum og ef teknar eru ákvarðanir um annað þá verði það gert hvað varðar borgarfulltrúa. Sú stund er einmitt komin nú og því er lagt til að laun borgarfulltrúa hækki einungis um 2,5% þann 1. júlí nk. í stað 7,88% skv. þróun launavísitölu. Borgarstjóri mun einnig óska eftir sömu breytingum á sínum launum. Ekki er tekið undir hugmyndir borgarfulltrúa Sósíalista um að breyta launakerfi og heildarendurskoðun launa borgarfulltrúa og það vekur furðu að sósíalístaflokkurinn í borginni skuli ítrekað gera það að baráttumáli að kjörnir fulltrúar handstýri sínum launum og vilji að borgarfulltrúar fari með sín eigin laun sem pólitískt mál.

26. Lagt fram svar þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 29. júní 2023, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um matarsóun í mötuneytum Ráðhúss og Höfðatorgs, sbr. 58. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. maí 2023. MSS23050147

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins spurði um matarsóun í mötuneytum Ráðhússins og Borgartúni. Hvernig er skipulagi og skilvirkni háttáð í innkaupum og hvernig tekst til að nýta afganga en á sama tíma að bjóða upp á hollan og girnilegan mat? Hversu miklu er hent t.d. birgðum sem hafa verið keyptar en ekki náðst að nýta? Svar er lagt fram á fundi borgarráðs 13.7. 2023 og finnst fulltrúa Flokks fólksins það kannski ekki alveg trúverðugt. Í svarinu er sagt að: „Afgangur sem ekki hefur tekist að nýta, eins og hvatt er til í útboðsskilmálum, er seldur áfram til bænda sem nýta matarafganga í fóður. Með því er nýting aðfanga háværkuð, og magn lífræns úrgangs lágmarkað, eins og frekast er kostur“. Nú er það svo að almennt er ekki heimilt að nota afganga úr mötuneytum sem fóður fyrir búfé. Ef það er tilfellið í mötuneytum borgarinnar þarfnast það frekari skoðunar.

27. Lagt fram svar skrifstofu borgarstjórnar, dags. 3. júlí 2023, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðbrögð við neyðarástandi í leikskólamálu, sbr. 28. lið fundargerðar borgarráðs frá 16. mars 2023. MSS22010084
28. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis frá 27. júní 2023. MSS23010031
29. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Laugardals frá 26. júní 2023. MSS23010033

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Stjórnsýsla Reykjavíkurborgar grundvallast á því að nefndir og ráð innan borgarinnar starfi með þeim hætti sem þeim er ætlað að gera og samkvæmt samþykktum ráða og nefnda Reykjavíkurborgar. Ef grunur leikur á að starfsfólk og kjörnir fulltrúar leggi mjög mismunandi skilning í verksvið og heimildir þeirra nefnda og ráða sem þeir starfa í ætti það að kalla á yfirferð þessa mála. Enda felur það í sér vanvirkni þeirra ráða og nefnda með tilheyrandi sóun á tíma allra aðkomandi og fjármunum borgarsjóðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Sú opinberun sem átti sér stað á íbúafundi í Laugardal fyrir skemmstu sem ekki verður rakið nánar hér var áfall. Fulltrúi Flokks fólksins er þó ánægður með að þessi opinberunin varð því ella hefði engin vitað á hversu veikum mórölskum grunni íbúaráðin starfa. Skipta þarf um jarðveg svo mikið er víst. Af hógværd og lítillæti verður mannréttinda- og lýðræðisskrifstofan sem þarna ber ábyrgð að gjörbreyta ekki aðeins mórálnum, heldur einnig þeim forsendum sem íbúaráðin eiga að vinna eftir. Fara þarf að bera virðingu fyrir þeirri miklu vinnu sem fulltrúar leggja á sig í ráðunum t.d. þeir sem eru í forsvari fyrir foreldra og skóla. Svára á fyrirspurnum frá íbúaráðinu hratt og örugglega. Ef boðuð er umræða með fagfólki á dagskrárliðurinn að standa í stað þess að slá hann af með stuttum fyrirvara. Vettvangurinn á ekki að vera eitthvað sýndarsamráð heldur alvöru samráð.

30. Lagðar fram fundargerðir skóla- og frístundaráðs frá 9. og 27. júní 2023. MSS23010010

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Bókun vegna framlagningar fundargerðar skóla- og frístundaráðs frá 26. júní: Meirihlutinn í skóla- og frístundaráði hefur á yfirstandandi kjörtímabili ósjaldan vikið frá grundvallarreglum um vandaða stjórnsýslu í því skyni að koma sínum málum áfram en stöðva og tefja mál frá minnihluta, sbr. t.d. bókanir minnihlutans undir lið 3 í fundargerð ráðsins frá 6. mars 2023 (sjálfstætt starfandi skólar) og undir liðum 2-4 í fundargerð ráðsins frá 22. maí 2023 (dagforeldrar). Í ljósi þess hvernig meirihlutinn hefur kosið að beita dagskrárvaldi sínu á fundum skóla- og frístundaráðs vildu fulltrúar minnihlutans koma því til leiðar að þeir gætu haft raunveruleg áhrif á dagskrá fundar ráðsins. Þetta átti að gera með því að fulltrúar flokka í minnihluta skóla- og frístundaráðs fengju að lágmarki ávallt á einum fundi ráðsins í hverjum mánuði rétt til að taka mál á dagskrá með þeim hætti að aðili, með viðeigandi sérþekkingu, reynslu og sem væri eftir atvikum ekki starfsmaður Reykjavíkurborgar, fengi að koma á fund ráðsins til að kynna viðkomandi mál. Í stað þess að koma til móts við þessa hógværu tillögu minnihlutans kaus meirihlutinn að vísa henni frá. Þessi niðurstaða er hörmuð enda er full ástæða fyrir starfsemi skóla- og frístundaráðs að minnihlutinn geti fengið á fund ráðsins óháða sérfræðinga til að fjalla um tiltekið mál.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 26.-28. lið fundargerðarinnar frá 27. júní:

Liður 26; Spurt var um hvort gerð hafi verið viðhorfskönnun um upplifun og reynslu foreldra á verkefninu Betri Borg fyrir börn. Í svari segir að verkefnið sé nýtt og því ekki tímabært að ætla að fá svör frá foreldrum. Stór hluti svarsins eru lýsingar frá þjónustu- og nýsköpunarsviði á ýmsum rafrænum lausnum sem búið er að bíða eftir lengi. Nefnt er sem dæmi stafrænt utanumhald skólaþjónustu sem er ennþá í þróunarfasa. Fulltrúi Flokks fólksins vill sjá viðbrögð foreldra á hvort þeim finnist Betri borg fyrir börn vera að hjálpa t.d. þeim 2500 börnum sem bíða eftir fagaðstoð. Upplifun fulltrúa Flokks fólksins er þegar kemur að því að fá eigi viðbrögð frá foreldrum þá sé farið sem köttur í kringum heitan graut. Liður 27; Fyrirspurn um viðbrögð borgarinnar við úrskurði um að veita eigi systkinaafslátt vegna skólamáltíða þótt systkinin eigi ekki sama lögheimili. Segir í svari að Reykjavíkurborg muni gera breytingar í samræmi við úrskurðinn. Fulltrúi Flokks fólksins telur að greiða þurfi foreldrum sem sviknir voru um þennan afslátt afturvirk. Liður 28: Í svari við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um skóla sem hafa fengið fræðslu frá Samtökunum '78 kemur fram að allir skólar hafi þegið fræðslu, mismikla, utan eins skóla sem ekki er tilgreindur.

31. Lögð fram fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs frá 28. júní 2023.

31. liður fundargerðarinnar er samþykktur. MSS23010011

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 14. lið fundargerðarinnar:

Fossvogsbrú er mikið mannvirki, um 300 metra löng og tengir saman Kársnes og Nauthólsvík. Um hana eiga ekki að fara bílar. Fulltrúi Flokks fólksins óttast umferðarteppur og tafir þegar ný byggð verður risin í Skerjafirði. Aðgengi inn og út úr hverfi þarf að vera gott ef þetta á að virka. Kostnaður hefur hækkað mikið og mun halda áfram að hækka þar sem ekki er spáð jafnvægi í efnahagsmálum fyrr en eftir 2-5 ár. Ýmis afþreying er á svæðinu s.s. sjósund og siglingar sem standa þarf vörð um. Áhrif brúarframkvæmdanna á flugvallaröryggi á meðan á þeim stendur er e.t.v. ekki alveg ljóst. En mikil eftirsjá er eftir fjörum sem verða fylltar en landfyllingar sjást í gögnum málsins. Allt of langt hefur verið gengið með eyðingu fjara í borgarlandinu.

32. Lögð fram fundargerð velferðarráðs frá 9. júní 2023. MSS23010013

33. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls 13 mál. MSS23070019

34. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019. MSS23070024

35. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að Reykjavíkurborg standi við skuldbindingar sínar um trégrisjun í Öskjuhlíð í þágu flugöryggis. Metið verði hversu mörg há tré þurfi að grisja til að tryggja flugöryggi í tengslum við aðflug og brottflug frá austur-vestur braut flugvallarins (13/31). Jafnframt verði ráðist í mótvægisáðgerðir með gróðursetningu nýrra og lægri trjátegunda í Öskjuhlíð og nágrenni, t.d. birkis, í stað þeirra grenitrjáa sem óhjákvæmilegt er að grisja í þágu flugöryggis. Við þá gróðursetningu verði haft að leiðarljósi að svæðið verði fegrað og notagildi þess aukið í þágu almennrar útivistar. MSS23070054

Frestað.

36. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að öryggismál á Borgarþókasafninu verði tekin til skoðunar og gripið til viðeigandi ráðstafana til að tryggja öryggi starfsfólks og gesta safnsins. Borið hefur á og færst í aukana undanfarið að öryggi starfsfólks og gesta hafi verið ógnað þannig að kalla hafi þurft á lögreglu og jafnvel sérsveit. Slíkt kallar á skjót viðbrögð borgaryfirvalda til að tryggja öryggi starfsmanna og gesta safnsins. MSS23070055

Frestað.

37. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Ábendingar hafa borist um að frágangur hafi enn ekki farið fram á skurðum á gangstéttum, sem grafnir voru á síðasta ári vegna lagningar ljósleiðara í Hlíðahverfi, t.d. í Mávahlíð og Blönduhlíð. Slíkt er óviðunandi, ekki síst fyrir blinda og sjónskerta vegfarendur, sem ganga oft um áðurnefndar götur. Lagt er til að lokafrágangur vegna umræddra framkvæmda fari fram sem fyrst. MSS23070056

Frestað.

38. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um hvar og hverjir tóku ákvörðun um val á fulltrúa Reykjavíkurborgar í starfshóp innviðaráðuneytisins vegna áhrifa nýrrar byggðar í Skerjafirði á flug- og rekstraröryggi Reykjavíkflugvallar. MSS23070052

Vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

39. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um mikla efnissöfnun, sem átt hefur sér stað á horni Álfabakka og Árskóga að undanfögnu. Um er að ræða háa hauga af mól og grjóti og kvarta íbúar yfir því að sandur, mold og ryk fjúki yfir svæðið. 1. Á hvers vegum er þessi efnissöfnun og hver er tilgangur hennar? 2. Hefur Reykjavíkurborg gefið leyfi fyrir umræddri efnissöfnun? 3. Hvenær má vænta þess að efnið verði fjarlæggt? MSS23070057

40. Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi tillögu:

Borgarráð samþykkir að komið verði á laggirnar sjálfvirkum leiðréttingum á grunnfjárhæðum fjárhagsaðstoðar. Annars vegar er sú breyting lögð fram að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar sé leiðrétt mánaðarlega í takt við neysluvísitölu, þar sem útgjöld íbúa hækka mánaðarlega, m.a. húsaleiga. Hins vegar er lagt til að upphæðin sé leiðrétt árlega í takt við launavísitölu, ef hún hefur hækkað umfram neysluvísitölu, svo fjárhagsaðstoðin dragist ekki aftur úr launabróun. MSS23070051

Frestað.

41. Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að Reykjavíkurborg komi á laggirnar, í samstarfi við félagsmiðstöðvar grunnskóla, fræðslu um stéttaskiptingu og afleiðingar hennar í samfélaginu. Inni í þeirri fræðslu verði farið yfir ýmsar birtingarmyndir stéttaskiptingar og hvernig fátæktarandúð (e. aporophobia) hefur áhrif á fólk sem verður fyrir henni. Birtingarmyndum fátæktarandúðar verði einnig gerð skil í fræðslunni. Leitað verði til samtaka sem hafa þekkingu og reynslu af fátækt, stéttaskiptingu og afleiðingum þeirra til að sinna fræðslunni. Einnig verði fólk með fagþekkingu á sviði sálfræði og félagsráðgjafar falið að fræða ungmenni um áhrif stéttaskiptingar og fátæktarandúðar á andlega líðan þeirra lægst settu eða þeim sem verða fyrir barðinu á andúðinni. Foreldrum ungmenna á frístundamiðstöðvum og leiðbeinendum verði einnig boðið upp á fræðslu. Nánari útfærsla skal unnin hjá skóla- og frístundasviði, í samstarfi við samtök og aðila með reynslu eða þekkingu af fátækt og stéttaskiptingu. MSS23070049

Greinargerð fylgir tillögunni.

Frestað.

42. Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fyrirspurn um rafræna miða á vegum Reykjavíkur og fyrirtækja í hennar eigu. Hvernig er friðhelgi einkalífs fólks sem notar rafræna aðgangsmiða að þjónustu borgarinnar tryggð? Átt er við miða eins og þá sem veita aðgang í sundlaugar og strætó, svo dæmi séu tekin. Geta lögregluþyrirvöld fengið aðgang að sundkortum eða strætókortum sem eru skráðar á tilteknar manneskjur? Ef svo er, þarf sérstaka heimild til þess? Er hægt að fylgjast með því hvenær og hvar tiltekin manneskja notaði aðgangskort sitt í sundlaugar eða strætó til þess að fylgjast með eða hafa upp á viðkomandi? MSS23070047

43. Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Þann 20. mars sl. tilkynnti Reykjavíkurborg að fallið hafi verið frá gjaldtöku af handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihömluð í bílastæðahúsum sem rekin eru á vegum borgarinnar. Hvaða skref hefur Reykjavíkurborg eða Bílastæðasjóður tekið til að gera hreyfihömluðum ljóst að fallið hafi verið frá gjaldtökum? Eins og staðan er núna þurfa handhafar stæðiskorta hreyfihamlaðra að láta vita af komu sinni þegar fara skal inn í bílahúsin, þá er kerfið stillt þannig að viðkomandi komist út án þess að greiða. Borið hefur á því í samtölum borgarfulltrúa við hreyfihamlaða notendur bílastæðahúsa að þessi réttur hafi ekki verið þeim ljós þegar ákvörðunin var tekin um að falla frá gjöldum. Hefur Reykjavíkurborg sent skilaboð/póst til handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, um að viðkomandi sé ekki lengur skylt að borga fyrir notkun stæða í bílahúsum? Ef ekki, hafa einhver skref verið tekin til að gera handhöfum kortanna það ljóst að ekki sé skylt að greiða fyrir þau lengur? Þá er ekki átt við fréttatilkynningu, sem gríðarlega margir munu aldrei sjá eða lesa. Ef ekki, stendur þá til að gera handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaðra betur grein fyrir rétti sínum? Hvenær er áætlað að nýtt kerfi verið sett upp, sem gerir það að verkum að hreyfihamlaðir þurfi ekki lengur að láta vita af komu sinni, svo ekki þurfi að borga? MSS23070048

44. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að borgarráð samþykki að draga af afli úr aðkeyptri ráðgjöf til borgarinnar. Fulltrúi Flokks fólksins hefur margsinnis bókað um þá gríðarlegu fjármuni sem fara í aðkeypta ráðgjöf af ýmsu tagi þrátt fyrir ríkan mannauð í starfsmannahópi borgarinnar. Nýlegar bárust fréttir um að Reykjavíkurborg hafi greitt 34 milljónir króna til félags í eigu fyrrverandi fjármálastjóra borgarinnar fyrir sérfræðipjónustu frá árinu 2021 en viðkomandi fjármálastjóri lét af störfum sem fjármálastjóri borgarinnar fyrir aldurs sakir árið 2019. Félagið fékk greiddar tæplega 11,5 milljónir króna árið 2021 og tæplega 5,1 milljón á fyrsta fjórðungi þessa árs, að því er fram kemur á upplýsingavef um fjármál borgarinnar, sjá m.a. umfjöllun í Viðskipablaði Morgunblaðsins MSS23070050

Greinargerð fylgir tillögunni.
Frestað.

45. Samþykkt að taka á dagskrá svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sbr. 24. liður fundargerðar borgarráðs frá 22. júní sl.:

Lagt er til að tímalaun unglinga í Vinnuskóla Reykjavíkur verði uppfærð á milli ára í samræmi við launavísitölu Hagstofu Íslands og hækki þannig um 9%. Hækkunin verði fjármögnuð af lið 09205, ófyrirséð í gildandi fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. MSS23060139

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn þremur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lýsa yfir vonbrigðum með að meirihluti Samfylkingar, Framsóknarflokks, Pírata og Viðreisnar kjósi að fella tillögu Sjálfstæðisflokksins um að laun 13-16 ára unglinga í Vinnuskóla Reykjavíkur verði leiðrétt. Tillagan fól í sér að tímalaun unglínganna hækkuðu um 9% á milli ára eða í samræmi við launavísitölu. Slík launafyrsting er sem blaut tuska í andlit yngsta starfsfólks Reykjavíkurborgar, sem sinnir mikilvægum verkefnum á sviði hreinsunar, fegrunar og viðhalds í borginni.

Fundi slitið kl. 12:12

Heiða Björg Hilmisdóttir

Alexandra Briem
Kjartan Magnússon
Trausti Breiðfjörð Magnússon

Árelía Eydís Guðmundsdóttir
Marta Guðjónsdóttir
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir



Borgarráð

Samkomulag við Klasa ehf. og Elliðaárvog ehf. um uppbyggingu á Ártúnshöfða-aðilaskipti

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að í stað;

1. **Borgarhöfða fasteignapróunar ehf.**, kt. 631012-0430, taki **Dverghamrar ehf.**, kt. 610786-1629, við réttindum og skyldum samkvæmt samkomulagi vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar og þróunar á lóðum fyrirtækjanna á Ártúnshöfða í Reykjavík, dags. 18. desember 2019 ásamt síðari viðaukum vegna *reitar 1, hluta lóðar Eirhöfða 11*.
2. **Borgarhöfða fasteignapróunar ehf.**, kt. 631012-0430, taki **Höfðakór ehf.**, kt. 480221-0950, við réttindum og skyldum samkvæmt samkomulagi vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar og þróunar á lóðum fyrirtækjanna á Ártúnshöfða í Reykjavík, dags. 18. desember 2019 ásamt síðari viðaukum vegna *reitar 2, hluta lóðar Eirhöfða 11*.
3. **Borgarhöfða fasteignapróunar ehf.**, kt. 631012-0430, taki **Sérverk ehf.**, kt. 571091-1279, við réttindum og skyldum samkvæmt samkomulagi vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar og þróunar á lóðum fyrirtækjanna á Ártúnshöfða í Reykjavík, dags. 18. desember 2019 ásamt síðari viðaukum vegna *reitar 7, hluta lóðar Eirhöfða 11*.

Aðilaskiptin verði samþykkt að því gefnu að nýir aðilar, undirriti viðauka við samkomulag dags. 21. júní 2019, þar sem félögin skuldbinda sig til að standa skil á greiðslum skv. samkomulaginu og til þess að hlíta að öðru leyti ákvæðum samkomulagsins og þeim kvöðum sem eru á lóðinni. Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara er falið að útbúa og undirrita viðauka við samkomulagið um aðilaskiptin.

Greinargerð:

Þann 21. júní 2019 var gert samkomulag um lóðirnar Eirhöfði 11, Breiðhöfði 10, Eldshöfði 4, Eldshöfði 6-8, Breiðhöfði 11 og Breiðhöfði 11a við lóðarhafa lóðanna, Klasa ehf., kt. 540809-1190 og Elliðaárvog ehf., kt. 631012-0430 (nú Borgarhöfði fasteignapróun ehf.). Samkomulagið var byggt á samkomulagsramma Reykjavíkurborgar vegna fyrirhugaðra samninga við lóðarhafa, sem var samþykktur í borgarráði 20. júní 2019 í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu og þróun á Ártúnshöfða í Reykjavík. Samkvæmt b-lið 9. gr. samkomulags aðila dags. 21. júní 2019, er bann við sölu/framsali lóðarréttinda og fasteigna á lóðunum áður en greiðsla skv. samkomulaginu er greidd, nema að fengnu samþykki borgarráðs sem mun samþykkja ef kaupandi lóðarréttinda staðfestir yfirtöku kvaða sem á



Reykjavíkurborg

lóðinni eru skv. samkomulaginu. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara mun útbúa og undirrita viðauka við samkomulagið sem tilgreinir aðilaskiptin.

Ívar Örn Ívarsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hjálagt:

1. Samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar og þróunar á lóðum fyrirtækjanna á Ártúnshöfða í Reykjavík, dags. 21. júní 2019.



Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480- 0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík, annars vegar og hins vegar Elliðaárvogur ehf., kt. 631012-0430, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, og Klasi ehf., kt. 540809-1190, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík gera með sér eftirfarandi

Samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar og þróunar á lóðum fyrirtækjanna á Ártúnshöfða í Reykjavík.

1. gr.

Inngangur

Samkomulag þetta er byggt á samkomulagsramma Reykjavíkurborgar vegna fyrirhugaðra samninga við lóðarhafa, sem samþykktur var í borgarráði 20. júní 2019 í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu og þróun á Ártúnshöfða í Reykjavík en innifelur þau sérákvæði sem skilgreina þarf sérstaklega í tenglum við lóðir í umráðum Elliðaárvogus ehf. og Klasa ehf. Samkomulagsramminn er fylgiskjal 1.

Elliðaárvogur ehf., (hér eftir nefndur lóðarhafi) er lóðarhafi að eftirtöldum leigulóðum (hér eftir sameiginlega nefndar lóðirnar) á Ártúnshöfða í Reykjavík:

Eirhöfði 11, landeignanúmer L110508

Breiðhöfði 10, landeignanúmer L110543

Eldshöfði 4, landeignanúmer L110542

Eldshöfði 6-8, landeignanúmer L110538

Klasi ehf., (hér eftir nefndur lóðarhafi) er lóðarhafi að eftirtöldum leigulóðum (hér eftir sameiginlega nefndar lóðirnar) á Ártúnshöfða í Reykjavík:

Breiðhöfði 11, landeignanúmer L110506

Breiðhöfði 11a, landeignanúmer L110507

Lóðir þessar eru sýndar á fylgiskjali nr. 2 með samkomulagi þessu.

Í vinnslu er nýtt deiliskipulag fyrir svæði það sem lóðir þessar eru. Samkvæmt fyrirbyggjandi hugmyndum er m.a. heimild fyrir íbúðarhúsnæði auk þjónustu- og atvinnuhúsnæðis á öllum lóðum á svæðinu og að ráðist verði í gerð nýrra gatna, þ.m.t. fyrir borgarlínu, torga, gang- og hjólastíga, nýrra stofnagna, ofanvatnslausna og settjarna, strandstíga, landfyllinga, grjótvarna, skóla- og íþróttamannvirkja. Auk þess er gert ráð fyrir brú yfir Sævarhöfða, endurbótum á tengingu Sævarhöfða við Gullinbrú, endurbygging Svarthöfða og færslu nokkurra gatna.

Lóðir lóðarhafa skulu skipulagðar sem einn deiliskipulagsreitur.

Reykjavíkurborg og Veitur ehf. munu sjá um þessar framkvæmdir.

Fyrirséð er að kostnaður við framangreindar framkvæmdir er umtalsverður og er greiðsluþátttaka lóðarhafa samkvæmt 3. gr. ætlað að standa undir þessum kostnaði að hluta.

Lóðarhafar hafa hug á að taka þátt í uppbyggingu á Ártúnshöfða. Fyrir liggur rammaskipulagsáætlun fyrir Ártúnshöfða-Elliðaárvog sem gerir ráð fyrir að byggingarmagn á lóðunum verði aukið og að heimilað verði að reisa íbúðarhúsnæði auk atvinnu- og þjónustuhúsnæðis á lóðunum. Af því tilefni gera Klasi ehf. og Elliðaárvogur ehf. annars vegar og Reykjavíkurborg hins vegar með sér þetta samkomulag.

Fyrirhugaður er að fjöldi íbúða á svæði merkt A og B, sbr. fylgiskjal nr. 3 verði um 5.900. Bygging íbúða í hverfinu kallar m.a. á byggingu grunn- og leikskóla. Ráðist verður í þær framkvæmdir í tengslum við og samhliða uppbyggingu íbúða í hverfinu.

Hin fyrirhugaða uppbygging fellur undir samþykka húsnæðisáætlun fyrir Reykjavíkurborg, sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar 6. júní 2017, almenn samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum, sem samþykkt var á fundi borgarráðs 31. janúar 2019 og samkomulagsramma um uppbyggingu í Ártúnshöfða, sem samþykkt var á fundi borgarráðs 20. júní 2019.

2. gr.

Lóðir samkvæmt gildandi skipulagi og fyrirhuguð uppbygging

Lóðarréttindi á deiliskipulagsreit lóðarhafa sem taldar eru upp í 1. gr. sem eru í þinglýstri eigu lóðarhafa telja um 63.217 m², en hús á lóðum eru um 10.823 m² að stærð.

Unnið er að nýju deiliskipulagi fyrir hluta af Ártúnshöfða. Samkvæmt fyrirbyggjandi hugmyndum verða til nýjar lóðir á sama svæði og lóðarhafi á nú lóðarleiguréttindi á, en hluti þeirra fer undir götur, gangstéttir og opin svæði.

Samkomulagsaðilar eru sammála um að lóðarhafi muni fá lóðarleiguréttindi á væntanlegum lóðum á þessu svæði.

Breytt fyrirkomulag lóða, nýting, byggingarmagn og nýtt deiliskipulag fyrir Ártúnshöfða er háð samþykki skipulags- og samgönguráðs og borgarráðs. Staðsetning lóða, nýting, byggingarmagn o.fl. getur breyst við afgreiðslu deiliskipulagsins.

Fyrirhuguð uppbygging á Ártúnshöfða skal vera í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 og skilmála væntanlegs deiliskipulags og greinargerðar fyrir viðkomandi svæði í hverfinu.

Lóðarhafi eða síðari lóðarhafar skulu ljúka uppbyggingu húsa á hverri lóð samkvæmt nýju deiliskipulagi innan 36 mánaða frá útgáfu byggingarleyfis.

Inneign vegna húsa sem verða rifin skal ganga upp í væntanleg gatnagerðargjöld lóða fyrirtækjanna í samræmi við 4. mgr. 3. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006.

3. gr.

Greiðsluþátttaka lóðarhafa

Kostnaður við fyrirhugaðar framkvæmdir í hverfinu, sbr. 1. gr., er verulega umfram áætlaðar tekjur af gatnagerðargjöldum sem greiðist af uppbyggingu á svæðinu. Í samræmi við samþykktir borgarráðs frá 31. janúar 2019 og 20. júní 2019 samþykkir lóðarhafi að greiða hlutdeild í þessum kostnaði. Greiðsluþátttaka lóðarhafa byggir á verðmætaaukningu viðkomandi fasteigna, sem getur falist í breyttri nýtingu á húsnæði, þ.e. úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði, og/eða auknum byggingarheimildum/-byggingarmagni.

Greiðsluþátttaka lóðarhafa reiknast á eftirfarandi hátt:

Að því marki sem nýtt deiliskipulag heimilar breytta nýtingu eða meira byggingarmagn samþykkir lóðarhafi að taka þátt í kostnaði vegna enduruppbyggingar hverfisins í samræmi við fyrirhugaðar skipulagsáætlanir með greiðslu sem nemur 12.524 kr. fyrir hvern fermeter nýbyggingar eða viðbyggingar



ofanjarðar sem nýtt verður fyrir íbúðir. Greiða skal sömu fjárhæð fyrir hvern fermetra í þeim tilvikum ef nýtt deiliskipulag heimilar breytta nýtingu núverandi húsa úr atvinnuhúsnæði í íbúðir án þess að byggt sé við eldri byggingar.

Fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu sem skilgreinist sem atvinnuhúsnæði skal greiða 3.622 kr. fyrir hvern fermetra nýbyggingarinnar ofanjarðar.

Framangreindar fjárhæðir skulu bundnar byggingarvisitölu miðað við grunnvisitölu í apríl 2019, 142,4 stig, og tekur breytingum í samræmi við breytingar á visitölnunni miðað við þá grunnvisitölu til greiðsludags.

Greiðsla fyrir byggingarréttinn miðar við heimilað hámarksbyggingarmagn ofanjarðar samkvæmt endanlegu deiliskipulagi, sbr. 2. gr. samkomulags þessa.

Miðað við fyrirliggjandi nýtingarhugmyndir á svæðum A og B á Ártúnshöfða er áætlað að hámarks byggingarmagn lóðanna ofanjarðar verði í nýju deiliskipulagi um 167.000 m², þar af 116.000 m² fyrir íbúðarhúsnæði og 51.000 m² fyrir atvinnuhúsnæði.

Ef síðar verður samþykkt meira byggingarmagn en sem nemur hámarksbyggingarmagni samkvæmt fyrirliggjandi deiliskipulagstillögu skal lóðarhafi greiða gjald, sbr. ákvæði þessa greinar, fyrir þá fermetra sem bætast við heildarbyggingarmagnið.

Ef áætlað byggingarmagn minnkar verulega þá hefur lóðarhafi heimild til að fara fram á endurskoðun á greiðsluþátttökuákvæði þessu.

4. gr.

Gjalddagi

Gjalddagi greiðslu samkvæmt 3. gr. er við samþykkt bygginganefndarteikninga hjá embætti byggingafulltrúa á nýjum byggingaráformum eða breytingu á notkun á hverri lóð. Lóðarhafa er óheimilt að hefja framkvæmdir fyrr en gjaldið hefur verið greitt.

5. gr.

Önnur gjöld

Auk framangreindrar greiðslu skal lóðarhafi greiða gatnagerðargjald og önnur lögbundin skipulags-, framkvæmda-, byggingarleyfis- og tengigjöld vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðunum.

6. gr.

Sala íbúða til Félagsbústaða hf.

Í samræmi við samningsmarkmið Reykjavíkurborgar samþykkja lóðarhafar að Félagsbústaðir hf. hafi kauprétt á 5% íbúða í húsum á hverri lóð. Miðað skal við í kaupunum að hver íbúð verði að stærð á bilinu 45-60 m² að birtu flatarmáli auk geymslu hvers stærð skal vera í samræmi við sambærilegar íbúðir, þó ekki stærri en 4 m². Íbúðirnar skal afhenda tilbúnar og skal frágangur þeirra, efnisval og gæði vera sambærilegt við aðrar íbúðir að svipaðri stærð í sömu húsum. Bilastæði í bilageymslu fylgir ekki íbúðum þessum.

Kaupverð hvers birts fermetra í íbúð og geymslu er umsaminn 460.000 kr. (virðisaukaskattur innifalinn). Framangreint kaupverð á m² er miðað við byggingarvisitölu aprilmánaðar 2019 og skal breytast í samræmi við þróun visitölu þessarar frá undirskriftardegi til greiðsludags.

Komi til endurskoðunar á ákvæða um verðviðmiðunum í lögum um almennar íbúðir þar til kaupréttur er nýttur, getur lóðarhafi farið fram á endurskoðun á fjárhæð kaupverðs skv. 2. mgr.

Komi til kaupa skal kaupsamningur gerður þegar byggingarnefndarteikningar hafa verið samþykktar. Í kaupsamningi verða nánari ákvæði um kaupin, þ. á m. um staðsetningu íbúðanna, sem dreifa skal um hús á hverri lóð, endanleg stærð þeirra og greiðslu kaupverðs.

Kaupréttur skal boðinn skriflega til Félagsbústaða samhliða því að teikningar verði lagðar inn til byggingarfulltrúans í Reykjavík og skal senda afriti til Reykjavíkurborgar. Kaupréttarhafi skal svara því innan 45 daga frá því að kauprétturinn er boðinn hvort hann ætli að nýta sér hann.

Kaupréttarins skal getið í deiliskipulagstillögu og útbúin skal viðauki við núverandi lóðaleigusamninga, sbr. 9. gr., sem þinglýst verður sem kvöð á núverandi lóðir lóðarhafa. Nýti kaupréttarhafi sér ekki kaupréttinn skal kvöð um hann aflétt.

Viðaukar við lóðaleigusamninga lóðarhafa skal útbúinn innan 30 daga frá undirskrift samkomulags þessa.

7. gr.

Kvöð um leiguíbúðir o.fl.

Í samræmi við áform Reykjavíkurborgar um félagslega blöndun verður sú kvöð á lóðirnar að um 20% íbúða skuli vera leiguíbúðir, stúdentaíbúðir, leiguíbúðir Félagsbústaða hf., búseturéttaríbúðir og/eða íbúðir fyrir aldraða. Félagsbústaðir hafa kauprétt að hluta þessara íbúða, sbr. 6. gr. samkomulags þessa.

Þessa skal getið í deiliskipulagstillögu og viðauka við núverandi lóðaleigusamninga sem þinglýst verður sem kvöð á núverandi lóðir og skal sú kvöð færast yfir á væntanlegar lóðir.

Í eignaskiptayfirlýsingu skal skilgreint hvaða íbúðir falli undir þessa kvöð.

8. gr.

Listskreyting

Veitt verður sérstöku fé til listskreytinga í almenningsrýmum utan lóða eða á húsum á deiliskipulagssvæðinu. Lóðarhavar á öllu hverfinu munu sameiginlega leggja til 300 millj.kr. Hlutdeild lóðarhafa er innifalín í greiðslu skv. 3. gr. samkomulags þessa. Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að leggja fram jafnháa fjárhæð til listskreytingar í hverfinu. Samráð verður haft við lóðarhafa á svæðinu um val og útfærslu á listskreytingum.

9. gr.

Viðauki við lóðarleigusamning

Áður en nýtt deiliskipulag er samþykkt skal lóðarhafi og veðhafar viðkomandi lóðar undirrita og þinglýsa viðauka við núverandi lóðarleigusamninga. Viðaukarnir skulu innihalda eftirfarandi ákvæði:

- a. Fjárhæð greiðslupátttöku lóðarhafa á hverri lóð.
- b. Bann við sölu/framsali lóðarréttinda og fasteigna á lóðunum, að hluta eða heild, áður en greiðsla skv. a-lið hefur verið greidd, nema að fengnu samþykki borgarráðs sem mun samþykkja ef kaupandi lóðarréttinda staðfestir yfirtöku kvaða sem á lóðinni eru skv. samningi þessum.
- c. Kvöð um að 20% íbúða á lóð skuli vera leiguíbúðir, stúdentaíbúðir, búseturéttaríbúðir, leiguíbúðir Félagsbústaða hf. og/eða íbúðir fyrir aldraða.
- d. Kauprétt Félagsbústaða hf. á 5% íbúða á lóð á umsömdu, skilgreindu verði sem er innan þeirra marka sem sett eru í 12. gr. reglugerðar um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir nr. 555/2016, sbr. 2. mgr. 6. gr. samkomulags þessa.



- e. Heimild til að rifta lóðarleigusamningi ef lóðarhafi vanefnir greiðslur skv. 3. gr. Komi til riftunar skulu uppkaupsákvæði lóðarleigusamnings falla niður og lóðin renna til Reykjavíkurborgar án greiðslu.

Bann við framsali skal getið á veðbandayfirliti fateigna á lóðunum. Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að aflétta framsalsbanni af hverri lóð fyrir sig þegar greiðslur samkvæmt 3. og 5. gr. hafa verið greiddar.

10. gr.

Fyrirvari Reykjavíkurborgar um framkvæmdir

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að hefja ekki undirbúning framkvæmda á svæði því sem lóðirnar eru á fyrr en lóðarhafar á deiliskipulagsreitnum hafa skuldbundið sig til þess að ráðast í uppbyggingu á lóðunum sem sínum með undirskrift sinni á samkomulag sem byggt er á samkomulagsramma um uppbyggingu í Ártúnshöfða, sem samþykkt var á fundi borgarráðs 20. júní 2019.

Miðað er við að ný deiliskipulagsáætlun fyrir deiliskipulagsreitinn verði samþykkt til auglýsingar innan níu mánaða frá því að fyrir liggja samningar við lóðarhafa á reitnum.

11. gr.

Lóðarleigusamningar

Þegar greiðslur samkvæmt 3. og 5. gr. hafa verið greiddar mun Reykjavíkurborg gefa út nýja lóðarleigusamninga. Samhliða falla eldri lóðarleigusamningar úr gildi.

Lóðarleigusamningar fyrir íbúðahúsalóðir verða til 75 ára. Lóðarleigusamningar fyrir atvinnuhúsalóðir verða til 50 ára. Lóðir sem heimila íbúðir og atvinnustarfsemi skilgreinast sem íbúðahúsalóðir.

12. gr.

Lagnir

Komi til þess vegna stækkunar og uppbyggingar á lóðum lóðarhafa að flytja þurfi lagnir veitustofnanna skulu lóðarhafar bera kostnað við þann flutning. Þessa greiðsluskyldu ber þó lóðarhafi ekki ef flutningur lagnanna tengist uppbyggingu þeirra innviða sem Reykjavíkurborg ber að standa fyrir.

13. gr.

Ýmis ákvæði

Hafi deiliskipulag fyrir þess hluta Ártúnshöfða sem lóðin tilheyrir ekki verið staðfest fyrir 31. desember 2021 fellur samkomulag þetta sjálfkrafa úr gildi.

Allar breytingar á samningi þessum skulu vera skriflegar og öðlast ekki gildi fyrr en við samþykkt borgarráðs og eftir atvikum stjórn lóðarhafa.

Heimilt er að þinglýsa samkomulagi þessu á eftirtaldar lóðir:

Eirhöfði 11, landeignanúmer L110508

Breiðhöfði 10, landeignanúmer L110543

Eldshöfði 4, landeignanúmer L110542

Eldshöfði 6-8, landeignanúmer L110538

Breiðhöfði 11, landeignanúmer L110506




Breiðhöfði 11a, landeignanúmer L110507

Samkomulag þetta er gert í fjórum samhljóða eintökum og skal hver samningsaðili halda eftir einu eintaki.

Samkomulagið var samþykkt á fundi borarráðs 20. júní 2019.


Reykjavík, 21. júní 2019


F.h. Klasa ehf.


F.h. Elliðaársvogs ehf.


F.h. Reykjavíkurborgar

Vitundarvottar að rétttri undirskrift og dagsetningu:


[Redacted]


[Redacted]

Fylgiskjöl:

Samkomulagsrammi fyrir vegna uppbyggingar á Ártúnshöfða og við Elliðaárvog - fylgiskjal nr. 1.
Núverandi lóðir fyrirtækjanna - fylgiskjal nr. 2.

Handwritten signature or initials in black ink, located in the bottom right corner of the page.

Samkomulagsrammi Reykjavíkurborgar í fyrirhuguðum samningum við lóðarhafa um uppbyggingu á Ártúnshöfða og við Elliðaárvog.

Forsendur.

Undanfarin ár hafa borgaryfirvöld átt í viðræðum við nokkra lóðarhafa á Ártúnshöfða til að ná fram áformum Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 um umbreytingu á svæðinu úr iðnaðarhverfi í blandaða byggð með íbúðum, þjónustu og atvinnuhúsnæði.

Unnið hefur verið rammaskipulag „Elliðaárvogur við Ártúnshöfða – vistvænt borgarhverfi með fólk í fyrirrúmi“, sem staðfest var af skipulagsráði 11. janúar 2017. Á grundvelli fyrirbyggjandi rammaskipulags er nú í vinnslu að deiliskipulagshugmyndum að tveimur reitum á svæðinu og munu aðrir reitir fylgja í kjölfarið á næstu árum.

Gert er ráð fyrir verulegri aukningu á byggingarmagni og blandaðri byggð íbúða og þjónustu- og atvinnuhúsnæðis. Fyrirhugaðar breytingar hverfisins munu því auka verðmæti lóðanna verulega.

Kostnaður við breytingar á innviðum, bygging skóla og borgarstofnana, endurbygging gatna, stíga, borgarlands og veitna og annar kostnaður við uppbyggingu vegna skipulagsbreytinga er áætlaður umtalsverður. Frumáætlun liggur fyrir vegna innviðakostnaðar.

Samkomulagsrammi þessi gildir fyrir svæði sem afmarkast af Vesturlandsvegi, Höfðabakka, Stórhöfða, Svarthöfða, Sævarhöfða að lóð Sorpu, Elliðaám frá lóð Sorpu og að gatnamótum Sævarhöfða og Bíldshöfða. Svæðið er nánar skilgreint á fylgiskjali nr. 1.

Áformað er að uppbygging á svæði þessu verði á vegum lóðarhafanna og að gert sé sérstakt samkomulag um uppbyggingu og innviðagerð á milli lóðarhafanna og Reykjavíkurborgar. Til að gæta samræmis í samningum við lóðarhafa skal samkomulagsrammi þessi lagður til grundvallar í samningi á milli viðkomandi lóðarhafa og Reykjavíkurborgar.

Samkomulagsramminn gildir einnig um þær lóðir sem Reykjavíkurborg hefur ráðstöfunarrétt á eftir því sem við á.

Réttur lóðarhafa samkvæmt núverandi lóðarleigusamningum er nokkuð mismunandi. Reykjavíkurborg miðar við að einungis sé samið við lóðarhafa sem eru með gilda, tímabundna lóðarleigusamninga og starfsemi sem samrýmist núgildandi aðalskipulagsákvæðum fyrir svæðið. Ef ekki næst samkomulag við lóðarhafa á grundvelli samningsramma þessa gilda áfram ákvæði upphaflegs lóðarleigusamnings til loka leigutíma. Í slíkum tilvikum verða útrunnir lóðarleigusamningar ekki framlengdir nema starfsemi lóðarhafa sé í samræmi við Aðalskipulag og þá





eingöngu í stuttan tíma, að hámarki þar til að nýtt deiliskipulag hefur verið samþykkt fyrir viðkomandi reit.

Borgarstjórn samþykkti á fundi sínum 6. júní 2017 húsnæðisáætlun fyrir Reykjavíkurborg. Enn fremur hefur borgarráð samþykkt á fundi sínum 31. janúar 2019 ný samningsmarkmið fyrir Reykjavíkurborg á uppbyggingarsvæðum. Samningsmarkmið þessi gilda um uppbyggingu á Ártúnshöfða og við Elliðaárvog skulu samningar við lóðarhafa vera í samræmi við þau, þ. á m. ákvæði um félagslega blöndun um að um 20% íbúða í hverfum borgarinnar verði leiguíbúðir, stúdentaíbúðir, búseturéttaríbúðir, leiguíbúðir Félagsbústaða og/eða íbúðir fyrir aldraða og að Félagsbústaðir eigi kauprétt að um 5% íbúða.

Samningsmarkmið Reykjavíkurborgar eru fylgiskjal nr. 3.

Að auki skulu samningar við lóðarhafa innihalda a.m.k. eftirfarandi ákvæði.

1. Upplýsingar um lóðarhafa, eignarhlutföll og núverandi nýtingu lóðar ásamt stærð lóða/r og húsa.
2. Upplýsingar um áætlað hámarks byggingarmagn á hverri lóð/lóðum, landnotkun o.fl. Gera skal fyrirvara um að forsendur geti breyst við afgreiðslu deiliskipulags fyrir svæðið.

Í hverfinu eru áformaðar framkvæmdir sem Reykjavíkurborg og Veitur ohf. munu sjá um svo sem gerð gatna, þ.m.t. vegna borgarlínu, torga, gang- og hjólastíga, nýrra stofnlagna, ofanvatnslausna og settjarna, strandstíga, landfyllingar, grjótvarna, skóla- og íþróttamannvirkja. Auk þess er gert ráð fyrir brú yfir Sævarhöfða, endurbótum á tengingu Sævarhöfða við Gullinbrú, endurbygging Svarthöfða og færslu nokkurra gatna.

Greiðslum lóðarhafa samkvæmt 9. tl. er ætlað að standa undir þessum kostnaði að hluta.

Til listsköpunar í almenningsrýmum í öllu hverfinu er gert ráð fyrir að lóðarhafar í öllu hverfinu á muni sameiginlega leggja til 300 m.kr. og er tekið tillit til þess í fjárhæðum samkvæmt 9. tl. Reykjavíkurborg mun leggja fram jafnháa fjárhæð til listsköpunar í hverfinu.

3. Fyrirhugað er að fjöldi íbúða á svæði A og B er áformað að verði um 5.900, sbr. fylgiskjal nr. 2.

Bygging íbúða í hverfinu kallar m.a. á byggingu grunn- og leikskóla. Ráðist verður í þær framkvæmdir í tengslum við og samhliða uppbyggingu íbúða í hverfinu.



4. Uppbygging í hverfinu skal vera í samræmi við húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar, Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 og samkvæmt heimildum og skilyrðum væntanlegs deiliskipulags fyrir viðkomandi svæði í hverfinu.
5. Uppbyggingu á hverri lóð samkvæmt nýju deiliskipulagi skal lokið innan 36 mánaða frá útgáfu byggingaleyfis.
6. Hverfinu verður skipt í marga deiliskipulagsreiti. Vegna mikils kostnaðar við uppbyggingu innviða hverfisins áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að hefja ekki framkvæmdir, sem Reykjavíkurborg á að sjá um á viðkomandi deiliskipulagsreit, sbr. 3. tl. fyrir en lóðarhafar á viðkomandi deiliskipulagsreits hafa skuldbundið sig til þess að ráðast í uppbyggingu á lóðum sínum með undirritun einkaréttarsamninga við Reykjavíkurborg, þar sem þeir jafnframt skuldbinda sig til að taka þátt í kostnaði vegna enduruppbyggingar hverfisins, sbr. 9. tl.
7. Við endanlega afgreiðslu væntanlegs deiliskipulags fyrir viðkomandi reit á skipulags-svæðinu kann byggingarmagn og stærð viðkomandi lóðar að breytast frá því sem samningur miðast við.

Greiðslur lóðarhafa skulu miðast við hámarksbyggingarmagn ofanjarðar á viðkomandi lóð samkvæmt samþykktu deiliskipulagi.

8. Viðkomandi lóðarhafi samþykkir að taka þátt í kostnaði vegna enduruppbyggingar svæðisins og innviða þess, breyttrar nýtingar á lóðum og fasteignum í hverfinu, sbr. 3. tl. Greiðslupátttaka hvers lóðarhafa byggir á verðmætaaukningu viðkomandi fasteignar, sem getur falist í breyttri nýtingu á húsnæði, þ.e. auknum byggingarheimildum/byggingarmagni og/eða úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði.
9. Greiðslupátttaka lóðarhafa. Lóðarhafi samþykkir ef nýtt deiliskipulag heimilar breytta nýting lóðar hans að taka þátt í kostnaði vegna enduruppbyggingar hverfisins í samræmi við fyrirhugaðar skipulagsáætlanir með greiðslu sem nemur 12.524 kr. fyrir hvern fermeter nýbyggingar eða viðbyggingar sem nýtt verður fyrir íbúðir. Greiða skal sömu fjárhæð fyrir hvern fermeter í þeim tilvikum ef nýtt deiliskipulag heimilar breytta nýting núverandi húsa úr atvinnuhúsnæði í íbúðir en ekki er byggt við eða reist nýbygging.
Fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu sem nýtt sem atvinnuhúsnæði skal greiða 3.622 kr. fyrir hvern fermetra nýbyggingarinnar.
10. Lóðarhafar skulu auk framangreinds greiða gatnagerðargjald í samræmi við samþykkt um gatnagerðargjald í Reykjavík og önnur lögbundinna skipulags-, framkvæmda- og byggingarleyfisgjalda til Reykjavíkurborgar og tengigjöld til Veitna ohf.



11. Greiðslur hvers lóðarhafa skulu miðast við það byggingarmagn á viðkomandi lóð skv. væntanlegu deiliskipulagi sem samþykkt verður í nýju deiliskipulagi viðkomandi reits.
12. Gjalddagi greiðslna skv. 9. tl. verður við samþykkt bygginganefndarteikninga hjá embætti byggingafulltrúa á nýjum byggingaráformum eða breytingu á núverandi húsi á lóðinni.

Framangreindar viðmiðunarfjárhæðir munu taka breytingum miðað við þróun byggingarvísitölu. Grunnur er byggingarvísitala sem gildi í apríl 2019 (142,4 stig).

13. Áður en deiliskipulag er samþykkt fyrir reit þann sem viðkomandi lóð telst til skal lóðarhafinn og veðhafar viðkomandi lóðar undirrita og þinglýsa viðauka við núgildandi lóðarleigusamning. Viðaukinn skal innihalda eftirfarandi ákvæði og kvaðir:
 - a. Fjárhæð greiðslupátttöku lóðarhafa og gjalddagi í samræmi við 9. og 12. tl. samkomulagsramma þessa.
 - b. Kvöð um bann við sölu/framsali á lóðarréttindum og fasteignum á lóðinni, að hluta eða heild, áður en greiðslur skv. 9. tl. hafa verið samþykkt, án samþykkis borgarráðs. Borgarráð mun heimila framsal gegn því að kaupandi undirgangist greiðsluskyldu skv. 9. tl. og aðrar kvaðir skv. samkomulagsramma þessum.
 - c. Kvöð um að 20% íbúða á lóð skuli vera leiguíbúðir, stúdentaíbúðir, búseturéttaríbúðir, leiguíbúðir Félagsbústaða hf. og/eða íbúðir fyrir aldraðra.
 - d. Kauprétt Félagsbústaða hf. á 5% íbúða á lóð á umsömdu, skilgreindu verði sem er innan þeirra marka sem sett eru í 12. gr. reglugerðar um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir nr. 555/2016.
 - e. Heimild til að rifta lóðarleigusamningi ef lóðarhafi vanefnir greiðslur skv. 9. tl. Komi til riftunar skulu uppkaupsákvæði lóðarleigusamnings falla niður og lóðin renna til Reykjavíkurborgar án greiðslu.

Kvöð um bann við framsali skal getið á veðbandayfirliti fasteigna á lóðunum. Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að aflétta kvöð um framsalsbann af hverri lóð fyrir sig þegar greiðslur skv. 9. og 10. tl. hafa verið greiddar.

Reykjavíkurborg skal heimilt að þinglýsa samkomulagi við lóðarhafa á núverandi lóð hans.

14. Hafi nýtt deiliskipulag ekki verið staðfest fyrir 31. desember 2024, fyrir það svæði sem lóðin telst til, fellur samkomulag á milli lóðarhafans og Reykjavíkurborgar úr gildi.
15. Þegar nýtt deiliskipulag vegna viðkomandi svæðis verður staðfest og lóðarhafi hefur greitt skv. 9. og 10. tl. mun Reykjavíkurborg gefa út nýja lóðarleigusamninga. Lóðarleigusamningar fyrir lóðir með íbúðum og blandaðri starfsemi verði til 75 ára en atvinnuhúsnæðislóðir verði til 50 ára.
16. Samningsaðilar eru Reykjavíkurborg og hinsvegar allir lóðarhafar viðkomandi lóðar.



17. Samkomulagsrammi þessi var samþykktur á fundi borgarráðs 20. júní 2019.

Fylgiskjöl:

Nr. 1. Svæðið sem skilmálarnir gilda um.

Nr. 2. Afmörkun svæðis A og B.

Nr. 3. Samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á uppbyggingarsvæðum samþykktir af borgarráði 31. janúar 2019.

Samkomulagsrammi Reykjavíkurborgar í fyrirhuguðum samningum við lóðarhafa í Ártúnshöfða og við Elliðaárvog - Fylgiskjal



Handwritten signature or initials.

Handwritten scribble or signature in the top right corner.



FY1918
R190



Samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á uppbyggingasvæðum.

Á grundvelli aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 verða til fjölmörg uppbyggingasvæði fyrir nýjar íbúðir og atvinnuhúsnæði í Reykjavík. Svæði þessi eru mörg hver í blönduðu eignarhaldi en oftast er ekki um að ræða land sem er í eigu Reykjavíkurborgar en lóða- og/eða byggingaréttur er að verulegu leyti í höndum einkaaðila, sem eru handhafar lóðarsamninga með mismunandi lóðarleiguréttindum.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á mikilvægi þess að skilgreina samningsmarkmið sín í tengslum við þá uppbygging sem framundan er, ekki síst varðandi þau svæði sem eru í blönduðu eignarhaldi.

Samningsmarkmiðin eru sett fram til að tryggja gagnsæi og gæta samræmis á milli svæða. Skilgreining samningsmarkmiða leiðir til markvissari samningsgerðar, eykur líkur á að niðurstaða náist og að uppbyggingu verði í samræmi við áform borgaryfirvalda.

Með vísan til framangreinds setur Reykjavíkurborg sér eftirfarandi samningsmarkmið vegna uppbyggingasvæða í Reykjavík:

- a. Að til verði gott borgarskipulag með þeim áherslum sem koma fram í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 til 2030.
 - i. Áhersla lögð á fjölbreytileika í stærð og gerð íbúða.
 - ii. Áhersla lögð á gæði og gott umhverfi.
 - iii. Áhersla lögð á að varðveita staðaranda og yfirbragð byggðar.
- b. Að land og innviðir borgarinnar verði nýttir sem best.
- c. Að stofnkostnaður innviða fyrir uppbyggingasvæði verði greiddur með fjármunum sem fást af uppbyggingunni sem innviðagreiðsla eða greiðsla fyrir aukinn byggingarrétt fyrir íbúðir og atvinnuhúsnæði.
Greiðslur þessar geta verið mismunandi eftir staðsetningu og svæðum.
- d. Að ákveðinni fjárhæð verði varið í listsköpun í almenningsrýmum á skipulagssvæðinu.
- e. Að byggt verði upp í samræmi við Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar 2020 og stuðlað að uppbyggingu leigumarkaðar og félagslegri blöndun íbúa.

Miða skal við að um 20% íbúða í hverfum verði leiguíbúðir, stúdentaíbúðir, búseturéttaríbúðir, leiguíbúðir Félagsbústaða hf. og/eða íbúðir fyrir aldraða.

Félagsbústaðir hf. hafi kauprétt fyrir allt að 5% íbúða fyrir félagslegt leiguhúsnæði á umsömdu, skilgreindu verði sem er innan þeirra marka sem sett eru í 12. gr. reglugerðar um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir nr. 555/2016.


Í samráði við lóðarhafa skal ákveða hvaða íbúðir á lóð falli undir ákvæðið um leiguíbúðir og kauprétt Félagsbústaða hf. og skal samkomulagi þinglýst sem kvöð á viðkomandi lóð.

Í deiliskipulagstillögum um uppbyggingasvæði skulu koma fram markmið um félagslega blöndun og leiguíbúðir.

Samningsmarkmið þessi gilda um uppbyggingu á lóðum þar sem heimilað verður viðbótarbyggingarmagn sem er að flatarmáli meira en 800 fermetrar eða 15 eða fleiri nýjar íbúðir. Þá gilda samningsmarkmið þessi í sérstökum tilvikum þegar skilgreiningu á notkun húsnæðis á lóð er breytt eða þar sem önnur veigamikil breyting með hliðsjón af aðstæðum og umhverfi er heimiluð á lóð.

Samningsmarkmið þessi taka gildi 1. mars 2019.

Samningsmarkmið þessi voru samþykkt á fundi borgarráðs 31. janúar 2019.



Lóðir Elliðavogs ehf og Klasa ehf á Artúnshöfða. Lóðarmörk félaganna eru sýnd með _____

Síðhöfða


Svartavogur

Eiðshöfða

Eiðshöfða

Brúhöfða

Fylgiskjal nr. 2



BORGARRÁÐ

Ár 2022, fimmtudaginn 5. maí, var haldinn 5664. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 09:12. Viðstödd voru auk borgarstjóra, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Alexandra Briem, Líf Magneudóttir, Eyþór Laxdal Arnalds og Jórunn Pála Jónasdóttir. Einnig sátu fundinn áheyrnarfulltrúarnir Ásta Þórdís Skjalddal, Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. másl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Hildur Björnsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ebba Schram og Ívar Vincent Smáráson. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 5. maí 2022:

Lagt er til að borgarráð samþykki tilboð að nafnvirði 1.910 m.kr., á ávöxtunarkröfunni 0,95%, í verðtryggðan skuldabréfaflokk borgarsjóðs RVK 32 1, sem eru 1.821 m.kr. að markaðsvirði en hafna öllum tilboðum í grænan verðtryggðan skuldabréfaflokk borgarsjóðs RVKG 48 1. Ofangreind tillaga var tekin fyrir og samþykkt á fundi fjárfestingaráætlunar þann 4. maí 2022

Trúnaðarmerkt greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Halldóra Káradóttir, Helga Benediktsdóttir og Karl Einarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22010057

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er rosalegt að borgin skuli vera rekin á lánum þegar ytri aðstæður eru að versna hratt vegna heimsástandsins. Á árabílinu 2022-2026 er áætlað að taka 92 milljarða að láni. Verðbólga vex hratt og hefur það gríðarleg áhrif á vaxtagreiðslur af verðtryggðum lánum Reykjavíkur til framtíðar. Nú stefnir í enn frekara óefni í rekstri borgarinnar og ljóst að áætlanir um að skuldir borgarsjóðs verði 240 milljarðar í árslok 2026 eru brostnar. Þær verða langtum, langtum hærrí. Enda er nú boðað að fara eigi í endurskoðun á fjárfestingaráætlun Reykjavíkur. Ekki var hægt að svara á fundinum hvað skuldir borgarinnar hefðu hækkað mikið frá því fjárfestingaráætlun 2022-2026 var samþykkt vegna hækkunar vaxta undanfarna mánuði en það boðað að væri verið að tína til upplýsingar um það.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Enn aukast skuldir borgarinnar, en með þessu skuldabréfaútbóði hækka langtímaskuldir borgarsjóðs um tvo milljarða, en á síðasta ári hækkuðu skuldir borgarinnar um tvo milljarða á mánuði. Aukin verðbólga kallar á að borgin endurskoði áætlanir sínar enda er fyrirséð að fjárfestingaráætlun borgarinnar er í uppnámi vegna hærri aðfangaverðs. „Græna planið“ gerir ráð fyrir tugmilljarða fjárfestingum en ætla má að forsendur plansins séu nú í uppnámi vegna aukinnar verðbólgu.

2. Lögð fram tillaga matsnefndar vegna veitingar stofnframlaga, dags. 27. apríl 2022, vegna umsóknar Bjargs íbúðafélags um samning um stofnframlög til þriggja ára. Samþykkt.

Halldóra Káradóttir og Karl Einarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22020002

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er Bjarg að skila stofnframlagi í Skerjafirði vegna tafa, enda hefur verkefnið steytt á mörgum skerjum. Rétt er að benda á að uppbygging í „Nýja Skerjafirði“ er í algeru uppnámi. Isavia og innviðaráðherra telja að nýtt íbúðahverfi í Skerjafirði skerði rekstraröryggi flugvallarins eins og það er skipulagt. Hér er því um stórt mál að ræða bæði hvað varðar rekstur flugvallarins og íbúðaupbyggingu sem þarfnast viðbragða af hálfu Reykjavíkurborgar. Það þarf því að gera fyrirvara um öll frekari vilyrði og endanlegar úthlutanir í „Nýja Skerjafirði“ á meðan þessi skipulagsmál eru í óvissu og uppnámi.

3. Lögð fram tillaga matsnefndar vegna veitingar stofnframlaga, dags. 27. apríl 2022, vegna umsóknar Bjargs íbúðafélags hses. um stofnframlag vegna nýbyggingaverkefni við Brekknaáss.
Samþykkt.

Halldóra Káradóttir og Karl Einarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22020002

4. Lögð fram tillaga matsnefndar vegna veitingar stofnframlaga, dags. 27. apríl 2022, vegna umsóknar Bjargs íbúðafélags hses. um stofnframlag vegna nýbyggingaverkefnis við Haukahlíð.
Samþykkt.

Halldóra Káradóttir og Karl Einarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22020002

5. Lögð fram tillaga matsnefndar vegna veitingar stofnframlaga, dags. 27. apríl 2022, vegna umsóknar Félagsbústaða hf. um stofnframlag.
Samþykkt.

Halldóra Káradóttir og Karl Einarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22020002

6. Lögð fram tillaga matsnefndar vegna veitingar stofnframlaga, dags. 27. apríl 2022, vegna umsóknar Félagsbústaða hf. um stofnframlag.
Samþykkt.

Halldóra Káradóttir og Karl Einarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22020002

7. Lögð fram tillaga matsnefndar vegna veitingar stofnframlaga, dags. 27. apríl 2022, vegna umsóknar Félagsbústaða hf. um stofnframlag.
Samþykkt.

Halldóra Káradóttir og Karl Einarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22020002

8. Lögð fram tillaga matsnefndar vegna veitingu stofnframlaga, dags. 27. apríl 2022, vegna umsóknar Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalagsins, um stofnframlag.
Samþykkt.

Halldóra Káradóttir og Karl Einarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22020002

9. Lagt fram bréf Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar, dags. 5. apríl 2022, sbr. samþykkt stjórnar lífeyrissjóðsins frá 4. apríl 2022 á tillögu að breytingu á endurgreiðsluhlutfalli laungreiðenda á greiddum lífeyri í Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022, ásamt fylgiskjöllum. Einnig lögð fram umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 26. apríl 2022.
Vísað til borgarstjórnar.

Halldóra Káradóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
FAS22040049

10. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. apríl 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 27. apríl 2022 á auglýsingu á tillögu um nýtt deiliskipulag fyrir stúdentagarða að Eggertsgötu, ásamt fylgiskjöllum.
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
MSS22050015

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Bent er á að hlutfall bílastæða er 0,7 á hverja íbúð sem er í lægri kantinum þegar horft er til þess að borgin stefnir að því að fækka bílastæðum um 600 á ári í borgarlandinu.

11. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. apríl 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 27. apríl 2022 á trúnaðarmerktri tillögu að úthlutun styrkja úr Húsverndarsjóði árið 2022, ásamt trúnaðarmerktum fylgiskjöllum.
Samþykkt.

Trúnaður er um efni tillögunnar þar til afhending styrkjanna fer fram.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
USK22010064

12. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. apríl 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 27. apríl 2022 á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir Prestshús að Kjalarnesi, ásamt fylgiskjöllum.
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
MSS22050016

13. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. apríl 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 27. apríl 2022 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarlæk-Stekkjarmóa - Djúpadal, ásamt fylgiskjöllum.
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
MSS21120015

14. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. apríl 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 27. apríl 2022 á tillögu að deiliskipulagi fyrir Rauðhóla, ásamt fylgiskjöllum.
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
MSS22050017

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Búið er að skemma flesta Rauðhóla. Heilu hólunum var mokað í burtu á sínum tíma, grafið í aðra og þeir skemmdir og nú stendur eftir alls konar form af „hólum“, allir skemmdir af mannanna völdum. Skemmdir vegna efnistöku eru skerandi og ættu að minna alla á að ganga vel um náttúruna. Helsta markmiðið ætti að vera núna að þeim hólum sem ekki hefur þegar verið spillt verði algjörlega látnir óárettir. Þess vegna er gott að beina fólki ekki akkúrat að þeim hólum.

15. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. apríl 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 27. apríl 2022 á breytingu á deiliskipulagi Safamýrar-Álftamýrar vegna lóðarinnar nr. 2 við Starmýri, ásamt fylgiskjöllum. Samþykkt með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Málið fer til endanlegrar afgreiðslu borgarstjórnar með vísan til ákvæða í 2. mgr. 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. USK22010061

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er skoðun fulltrúa Sjálfstæðisflokks að gæta verði hófs í þéttingu í grónum hverfum og hafa gott samráð við íbúa. Hér er lagt til að gera breytingu á deiliskipulagi sem myndi veita heimild til þess að bæta við fjórðu hæð ofan á helming þakflatar þriggja hæða fjölbýlishúss sem nú er í byggingu. Í fylgiskjöllum með tillögunni kemur fram að byggingu hússins sjálfs eftir upphaflegum teikningum hafi verið mótmælt af flestum íbúum í götunni fyrir tveimur árum. Nú er enn bætt við byggingamagni. Athugasemdirnar sýna jafnframt að það er upplifun einhverra íbúa í nærliggjandi íbúðum að standa hefði mátt betur að samráði vegna breytingatillögunnar sem er hér afgreidd og að þau hafi áhyggjur af atriðum eins og skuggavarpi og bílastæðamálum. Íbúar fengu ekki send bréf um tillöguna að deiliskipulagsbreytingunni heldur húsfélög.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér er lagt til að gera breytingu á deiliskipulagi sem myndi veita heimild til þess að bæta við fjórðu hæð ofan á helming þakflatar þriggja hæða fjölbýlishúss sem nú er í byggingu. Upphaflegum teikningum var mótmælt og nú á enn að bæta við byggingarmagni. Þessu hefur verið harðlega mótmælt og vill fulltrúi Flokks fólksins að hlustað sé á íbúa. Athugasemdir lúta m.a. að skorti á samráði. Áhyggjur eru af skuggavarpi og bílastæðamálum.

16. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. maí, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna stígagerðar og gerð útsýnisstaðar við Eiðisgranda og Ánanaust, ásamt fylgiskjöllum. Kostnaðaráætlun 2 er 150 m.kr. Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir, Ólafur Ólafsson og Ósk Soffía Valtýsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. USK22040038

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér eru stigin jákvæð skref í að bæta aðgengi að vesturströndinni í Reykjavík sem hefur verið mjög torfærin og lokuð. Rétt væri að skoða næstu skref þannig að hægt verði að njóta sjávarins, útsýnisins og skjóls með því að fara niður fyrir sjóvarnargarðinn með skipulegum og öruggari hætti en nú er hægt.

17. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. maí 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna nýrrar selalaugar og þjónustuhúss ásamt lóðarfrágangi í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal, ásamt fylgiskjölum. Kostnaðaráætlun 2 er 125 m.kr. Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir, Ólafur Ólafsson og Ósk Soffía Valtýsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið. USK22010077

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða mjög mikilvægar breytingar á aðstöðu fyrir seli, en einnig fyrir slösuð dýr, en með þessum breytingum verður Fjölskyldu- og Húsdýragarðurinn að athvarfi til skemmri tíma fyrir dýr sem eru meidd eða illa haldin. Það er tímasekkja í dag að halda villt dýr til sýningar, en þegar aðstæður eru þannig að ekki er hægt að sleppa dýrunum, þá er mikilvægt að búa þeim lífvænlegt umhverfi og stækkun og dýpkun laugarinnar er mjög mikilvægur þáttur í því.

Hildur Björnsdóttir, borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er mikilvægt að tryggja góðan aðbúnað dýra í Húsdýragarðinum. Betur færi þó á því að garðurinn héldi eingöngu húsdýr sem unnt er að bjóða lífvænleg skilyrði. Villt dýr þrífast best í villtri náttúru. Áfram mætti þó vinna að verkefninu „Villt dýr í hremmingum“ sem unnið er í samstarfi við Náttúrufræðistofnun og miðar að því að koma villtum dýrum sem lent hafa í hremmingum til heilsu á ný, að því gefnu að þeim sé í kjölfarið sleppt aftur til sinna heimkynna. Það er svo umhugsunarvert hvort sveitarfélag eigi að standa að rekstri fjölskyldu- og húsdýragarðs og eðlilegt að skoða hvort réttast væri að bjóða reksturinn út.

18. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. apríl 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki lóðarvilyrði vegna uppbyggingar á umhverfisvænu húsnæði á lóð að Ártúnshöfða, ásamt fylgiskjölum. Samþykkt.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22040238

19. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. apríl 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki aðilaskipti vegna lóðarinnar Eirhöfða 11, ásamt fylgiskjölum. Samþykkt.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22030127

20. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 29. apríl 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki aðilaskipti vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Suðurlandsbraut/Ármúla 31, ásamt fylgiskjölum. Samþykkt.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22040243

21. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 2. maí 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að gerður verði makaskiptasamningur við SORPU bs. þar sem Reykjavíkurborg framselur lóðarleiguréttindi að lóðinni Lambhagavegi 13 en fær í staðinn lóðina Sævarhöfða 21, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
MSS22040115

22. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 3. maí 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki aðilaskipti vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Suðurfell 4 í Reykjavík, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
MSS22050031

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér ganga bensínstöðvar kaupum og sölum enda felast mikil verðmæti í þeim ef þeim er breytt í íbúðareiti. Fram hefur komið í fréttum að huga þarf að vernd sumra bensínstöðvanna. Mikilvægt er að gæta þess að þessi viðskipti séu gagnsæ og hafin yfir allan vafa.

23. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 3. maí 2022, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagaða viljayfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Berjaya Land Berhad um gerð skipulags fyrir Kýrhólaflóa þar sem félagið hyggst reisa fimm stjórnú hótél með heilsulind, baðlóni og tengdri starfsemi.

Greinargerð fylgir tillögunni
Samþykkt. MSS22050019

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

24. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 2. maí 2022, þar sem lögð er fram til kynningar ársfjórðungsskýrsla græna plansins fyrir október til desember 2021, ásamt ársskýrslu fyrir árið 2021, ásamt fylgiskjölum. MSS22030045

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Forsenda þess sem er kallað „græna planið“ er brostin. Það var sett á fót til að búa til nýjar leiðir til skuldsetningar Reykjavíkur. Það er rosalegt að borgin skuli vera rekin á lánum þegar ytri aðstæður eru að versna hratt vegna heimsástandsins. Á árabílinu 2022-2026 er áætlað að taka 92 milljarða að láni. Verðbólga vex hratt og hefur það gríðarleg áhrif á vaxtagreiðslur af verðtryggðum lánum Reykjavíkur til framtíðar. Nú stefnir í enn frekara óefni í rekstri borgarinnar og ljóst að áætlanir um að skuldir borgarssjóðs verði 240 milljarðar í árslok 2026 eru brostnar. Þær verða langtum, langtum hærrí. Enda er nú boðað að fara eigi í endurskoðun á fjárfestingaráætlun Reykjavíkur. Ekki var hægt að svara á fundinum hvað skuldir borgarinnar hefðu hækkað mikið frá því fjárfestingaráætlun 2022-2026 var samþykkt vegna hækkunar vaxta undanfarna mánuði en það boðað að væri verið að tina til upplýsingar um það.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fram kemur í grænu skýrslunni að farið var í fjárfestingaáttak í stafrænni umbreytingu. Því miður er ekki hægt að segja að unnið hafi verið að stafrænni umbreytingu með skýrum markmiðum og með hagkvæmni að leiðarljósi. Segja má að þessi vegferð hafi einkennst af göslaragangi og lausung. Það er sárt að horfa upp á vinnubrögð af þessu tagi fyrir flokk eins og Flokk fólksins sem hefur barist fyrir bættri þjónustu við fólk í borginni. Flokkur fólksins er ekki einn um þá gagnrýni á hvernig farið hefur verið með þessa 13 milljarða króna sem eiga eftir að verða mun fleiri þegar fram líða stundir. Samtök iðnaðarins hafa einnig gagnrýnt þetta opinberlega ásamt fleirum sem þekkingu hafa á þessum málum. Stafræn þróun hjá Reykjavíkurborg snerist nefnilega upp í stafræna sóun. Mun hagkvæmara hefði verið að fara að dæmi annarra sveitarfélaga og ganga strax til liðs við Stafrænt Ísland í stað þess að eyða ómældu fjármagni í að finna upp hjólið. Ábyrgðin er að öllu leyti borgarstjóra sem er framkvæmdastjórinn en einnig samstarfsflokka hans. Flokkur fólksins hefur vakið athygli innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á þessu alvarlega máli og hefur hún í framhaldi ákveðið að gera úttekt á starfsemi þjónustu- og nýsköpunarsviðs á næsta ári.

25. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 2. maí 2022, ásamt fylgiskjólum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samkomulagi við Almannaheill um Fund fólksins sem haldinn verður í Reykjavík árlega næstu þrjú árin, næst 2023. Kostnaður vegna þátttöku í verkefninu eru 4,5 m.kr. fyrir árið 2023 og síðan 6 m.kr. hvert ár árin 2024 og 2025. Kostnaðurinn greiðist árið 2023 af kostnaðarstað 09510, ýmsar samningsbundnar greiðslur, en kostnaði vegna árána 2024 og 2025 er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS22020108

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

26. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 3. maí 2022, ásamt fylgiskjólum:

Lagt er til að Reykjavíkurborg haldi sumarhátíð fyrir allt starfsfólk og fjölskyldur þeirra 11. júní nk. Áætlaður heildarkostnaður við hátíðina er 40.000.000 kr. Útgjöldin verði fjármögnuð af liðnum 09205 Ófyrirséð.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt. MSS22050036

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

27. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 2. maí 2022, þar sem óskað er eftir að úthluta um 4.965 fm lóð og byggingarrétti fyrir allt að 140 íbúðir við Einarsnes 130.

Samþykkt með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Málið fer til endanlegrar afgreiðslu borgarstjórnar með vísan til ákvæða í 2. mgr. 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22050005

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Rétt er að benda á að uppbygging í „Nýja Skerjafirði“ er í algeru uppnámi. Isavia og innviðaráðherra telja að nýtt íbúðahverfi í Skerjafirði skerði rekstraröryggi flugvallarins. Það er því fráleitt að hægt sé að úthluta byggingarlóðum einmitt á því svæði sem deilt er um. Hér er um stórt mál að ræða bæði hvað varðar rekstur flugvallarins og fyrirhugaða íbúðabygð. Það er með öllu ótækt að úthluta þessu svæði á síðasta fundi borgarráðs fyrir borgarstjórnarkosningar.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands telur ekki tímabært að selja byggingarrétt á landi sem liggur að Reykjavíkurflogvelli eða undir Reykjavíkurflogvelli á meðan hann er í fullri notkun og jafn stór hluti af neyðarúrræði landsbyggðarinnar og nú er. Þegar um alvarleg slys er að ræða skipta mínútur sköpum. Ennfremur teljum við mikilvægt að styðja við landsbyggðina og standa undir nafni sem höfuðborg landsins og grafa ekki undan flugvöllinum og núverandi notkun hans á meðan aðrar lausnir eru ekki í auglýsingu.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Isavia og innviðaráðherra hafa verið afgerandi í skoðunum sínum undanfarna daga um að Reykjavíkurborg fái ekki flugvallarland í Skerjafirði til íbúðabygginga meðan annar jafngóður eða betri kostur undir flugvöll er ekki uppbyggður. Borgarstjóri berst á móti ríkisstjórninni og Isavia af fullum krafti. Uppi er mikil deila. Borgarstjóri er læknir og virðist ekki skilja að um Reykjavíkurflogvöll fara líffæraþegar og -gjafar sem eru alltaf akút flutningar. Hér er verið að samþykka uppbyggingu á tæplega 5.000 fermetra lóð innan flugvallargirðingar. Það er ljóst að Isavia og ríkið þurfi að þvæla málið t.d. með dómsmáli - því í samningnum um lóðina er ákvæði: „Hefji lóðarhafi ekki framkvæmdir innan tveggja ára frá því að aðila er tilkynnt um að lóðin sé byggingarhæf fellur lóðarúthlutun þessi niður án sérstakrar tilkynningar borgarráðs um afturköllun lóðarúthlutunarinnar.“ Ég hvet ríkið að beita sér af öllu afli á móti Reykjavíkurborg til að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni. Það er líf og öryggi í húfi fyrir alla landsmenn.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða svæði fyrir innan flugvallargirðinguna. Vitnað er í orð ráðherra samgöngumála sem segir að ekkert sé verið að fara að byggja í Skerjafirði þar sem flugvöllurinn er ekki á leiðinni þaðan. Enginn annar sambærilegur eða betri staður hefur fundist fyrir flugvöllinn. Er hér einhver misskilningur í gangi? Orð ráðherra og orð borgarstjóra fara ekki saman. Er verið að fara að byggja í Skerjafirði eða ekki?

28. Fram fer umræða um samstarf Reykjavíkurborgar við Lvív. MSS22040212
29. Afgreiðsla varðandi Þjóðarhöll í innanhúsiþróttum í Laugardal er færð í trúnaðarbók borgarráðs.

Ómar Einarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22050013

30. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 2. maí 2022, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki að Reykjavíkurborg taki þátt í að fjármagna hönnun á þjóðarleikvangi í frjálsum íþróttum í samræmi við meðfylgjandi skýrslu starfshóps um þjóðarleikvang í frjálsum íþróttum. Gert er ráð fyrir að kostnaðarskipting skiptist til helminga milli Reykjavíkurborgar og ríkisins. Viðauki við fjárfestingaáætlun verður unninn og lagður fyrir borgarráð til samþykktar þegar kostnaðaráætlun fyrir hönnunina liggur fyrir.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

Ómar Einarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið. MSS21120151

31. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 3. maí 2022:

Lagt er til að 11,5 m.kr. verði lagðar til Þjóðarleikvangs ehf. annars vegar 6 m.kr. til þess að ráðast í markaðskönnun skv. tillögu stjórnar og hins vegar 5,5 m.kr. til þess að tryggja rekstur félagsins tímabilið 1. júlí 2022 til 30. júní 2023. Áætlað er að kostnaður sem falli til árið 2022 verði 8,75 m.kr. en árið 2023 verði fjárhæðin 2,75 m.kr. Framlagið verði samþykkt með fyrirvara um að ríkið og KSÍ leggi til sambærilegt framlag í hlutfalli við eignaraðild sína. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun í samræmi við tillöguna.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

Ómar Einarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið. MSS21120165

32. Lagt fram bréf formanns borgarráðs, dags. 3. maí 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Skáksambandi Íslands 7 m.kr. styrk vegna afmælishátíðar einvígis aldarinnar. Einnig lögð fram umsögn menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs, dags. 26. apríl 2022.
Samþykkt.

Ómar Einarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið. MSS22030073

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Afmælishátíð einvígis aldarinnar sem fram fór í Laugardagshöllinni árið 1972 er minnst nú á þessu ári. Skákíþróttin er þjóðaríþrótt Íslendinga og hana verður að styrkja með ráðum og dáð. Það er ánægjulegt að borgarráð samþykkti styrk til afmælishátíðarinnar og leggi þar með sitt lóð á vogarskálarnar til að efla skák á Íslandi.

33. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 2. maí 2022, ásamt fylgiskjölum og trúnaðarmerktum fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki að taka þátt í tímabundinni lækkun leigugreiðslna Hjallastefnunnar vegna flutnings úr núverandi húsnæði í nýtt húsnæði með vísun í samþykkt borgarráðs frá 27. janúar sl. Framlag Reykjavíkurborgar vegna grunnleigugjalds mun nema 1.650 kr. á fermetra á mánuði og er fjárhæðin bundin vísitölu neysluverðs til verðtryggingar m.v. þann mánuð sem aðilar undirrita endanlegan leigusamning. Óskað er eftir því að heimildin gildi á meðan þjónustusamningur er við Hjallastefnuna um rekstur skólastarfs í húsnæðinu eða í allt að 10 ár og mun heildarframlag Reykjavíkurborgar yfir samningstímann nema þá að hámarki 594 m.kr. auk verðbóta (59,4 m.kr. á ári auk verðbóta). Þá er lagt til að borgarráð heimili þátttöku í viðbótarleigugjaldi sem bætist við grunnleigugjaldið. Viðbótarleigugjaldið endurspeglar framkvæmdakostnað leigusala við að laga húsnæðið að starfsemi Hjallastefnunnar og óskum Reykjavíkurborgar um fjölgun ungbarnadeilda. Framkvæmdarkostnaðurinn er áætlaður allt að 300 m.kr. og skal liggja fyrir við undirritun endanlegs leigusamnings og samþykktur með aðkomu Reykjavíkurborgar. Viðbótarleigugjaldið er bundið vísitölu neysluverðs til verðtryggingar á sama hátt og grunnleigugjaldið Miðað er við að upphaf leigutíma sé eigi síðar en á tímabilinu 1. ágúst 2022 til 1. janúar 2023. Greiðsla leigugjalds skal hefjast frá afhendingardegi, hlutfallslega miðað við afhentan hluta hins leigða.

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2022 verði endurskoðaðar þegar afhendingaráætlun og greiðslufyrirkomulag framlaga liggur fyrir.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

Helgi Grímsson og Erik Tryggvi Striz Bjarnason taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22040016

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vlnstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er lagður fram tímabundinn samningur til að styðja við húsnæðiskostnað Hjallastefnunnar í Reykjavík til að koma í veg fyrir að rof verði á starfsemi skólasamfélagsins í Öskjuhlíð. Þarna er um 100 leikskólabörn og 200 nemendur Hjallaskólans að ræða. Á sama tíma er lagður grunnur að framtíðarlausn um húsnæðismál skólans, þar sem bætast mun við 60 barna ungbarnaleikskóli sem yrði hluti að aðgerðaráætlun Reykjavíkur um að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Það er mikilvægt að reykvískum börnum bjóðist áfram sá valkostur sem Hjallastefnan er.

34. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 2. maí 2022, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samstarfsyfirlýsingu við Hjallastefnuna sem felur í sér að Hjallastefnan skuldbindi sig til að gera tímabundinn leigusamning um húsnæði og flytja skólastarf sitt úr núverandi húsnæði við Nauthólsveg.

Samþykkt.

Helgi Grímsson og Erik Tryggvi Striz Bjarnason taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22040015

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vlnstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er lagður fram tímabundin samningur til að styðja við húsnæðiskostnað Hjallastefnunnar í Reykjavík til að koma í veg fyrir að rof verði á starfsemi skólasamfélagsins í Öskjuhlíð. Þarna eru um 100 leikskólabörn og um 200 nemendur Hjallaskólans að ræða. Á sama tíma er lagður grunnur að framtíðarlausn um húsnæðismál skólans, þar sem bætast mun við 60 barna ungbarnaleikskóli sem yrði hluti að aðgerðaráætlun Reykjavíkur um að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Það er mikilvægt að reykvískum börnum bjóðist áfram sá valkostur sem Hjallastefnan er.

35. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 3. maí 2022, ásamt fylgiskjölum:

Lögð er fram niðurstaða hugarflugs og samráðs um útfærslu á Hafnarhúsi, húsi myndlistar. Til verkefnisins var efnt til að draga fram hugmyndir og sjónarmið í aðdraganda hönnunarsamkeppni um Hafnarhús í kjölfar kaupa borgarinnar á þeim hluta þess sem var í eigu Faxaflóahafna. Lagt er til að borgarráð samþykki að fela eignaskrifstofu að gera heildarúttekt á húsnæði Hafnarhúss. Slík úttekt er nauðsynleg vegna ástands hússins en einnig ábendinga og hugmynda um að skynsamlegt gæti verið að endurhanna og endurbyggja efstu hæð hússins og bæta jafnvel viðbótarhæð við, sbr. umfjöllun í skýrslunni og fyrri ástandsskýrslum. Jafnframt er lagt til að umhverfis- og skipulagssviði verði falið að leiða undirbúning að hönnunarsamkeppni um Hafnarhúsið meðal annars með hliðsjón af

meðfylgjandi skýrslu, frekari þarfagreiningu og ástandsmati hússins. Byggt verði á því samráði sem haft hefur verið en þess gætt að áframhaldandi samráð við þróun keppnisforsendna verði haft við menningar- og ferðamálasviðs, eignaskrifstofu og aðra eins og tilefni er til.

Samþykkt.

Óli Jón Hertervig tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22040197

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Það eru gleðitíðindi fyrir listunnendur að Hafnarhús verði hjarta myndlistar í þétta samstarfi og nálægð við m.a. Listasafn Reykjavíkur, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Borgarbókasafnið og fjölbreytta flóru listafólks og Listaháskóla Íslands sem senn flytur í Tollhúsið. Einnig er hafinn undirbúningur á að koma listasafni Nínu Tryggvadóttur fyrir í Hafnarhúsinu. Reykjavíkurborg hefur hafið undirbúning að samkeppni um endurgerð og endurnýjun Grófarhúss og það eru gríðarleg tækifæri til að nýta samspil allra þessara menningarhúsa og huga að heildarsamhengi svæðisins að meðtöldu svæði tónlistarhússins Hörpu og hafnarsvæðisins, Hafnartorgs og Kvosarinnar. Að þeirri umræðu er mikilvægt að kalla alls konar fólk og hagaðila, auk opins samráðs og samtals.

36. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 2. maí 2022, þar sem óskað er eftir samþykki borgarráðs fyrir því að semja um rekstur í Tryggvagötu 17, Hafnarhúsinu, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Óli Jón Hertervig tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22050002

37. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 29. apríl 2022, þar sem óskað er eftir því að borgarráð samþykki drög að húsaleigusamningi um hluta af 1. hæð í Kringlunni 1, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Óli Jón Hertervig og Helgi Grímsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22040069

38. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 29. apríl 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að rými á 1. hæð á Rafstöðvarvegi 4 verði nýtt fyrir tímabundið verkefni á vegum Dýrabjónustu Reykjavíkur í samvinnu við félagasamtök, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Óli Jón Hertervig tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22040072

39. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 2. maí 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki drög að leigusamningi um hluta af vörugeymslu í Súðarvogi 1, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Óli Jón Hertervig tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS22050003

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Húsnæði leikskóla borgarinnar hefur verið óviðunandi og hefur verið brugðist alltof seint við þörfum barnafólks.

40. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 2. maí 2022, þar sem borgarráði er tilkynnt að Reykjavík hafi orðið fyrir valinu sem ein af 100 borgum sem fallnar eru til að vera í forystu í loftslagsmálum, ásamt fylgiskjölum.

Hrönn Hrafnadóttir, Karen Björk Eypórsdóttir, Eiríkur Hjálmarsson, Erik Tryggvi Striz Bjarnason, Guðmundur B. Friðriksson, Hulda Hallgrímsdóttir, Karen María Jónsdóttir og Þorsteinn Rúnar Hermannsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22050001

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Það að Reykjavík hafi verið valin ein af hundruð loftslagsborgum úr 400 umsóknum er mikil viðurkenning á því að við höfum alla burði til að ná kolefnishlutleysi fyrir 2040 og að við höfum öll tækifæri til að vera öflug í baráttunni við loftslagsvána. Þau fjölmörgu verkefni sem Reykjavík hefur lagt áherslu á; allt frá hjólastígagerð, örflæðislausnum, þéttingu byggðar, meðhöndlun úrgangs og til kolefnisföngunarverkefna eins og Carbfix hafa sýnt sig að beri árangur og að við þurfum að halda áfram á þeirri braut. Þessi útnefning hvetur okkur til frekari dáða og er því fjölbreytta starfsfólki sem vann umsóknina sérstaklega þakkað fyrir eljuna og vel unnin störf sem færðu okkur þessa viðurkenningu.

41. Lagt fram minnisblað mannauðs- og starfsumhverfisviðs, dags. 2. maí 2022, þar sem lögð er fram skýrsla með niðurstöðum launagreiningar 2021, ásamt fylgiskjölum.

Lóa Birna Birgisdóttir og Harpa Hrund Berndsen taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MOS22020006

42. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 29. apríl 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki tillögur stýrihóps um endurskoðun jafnlaunastefnu, ásamt fylgiskjölum. Lagt er til að stefnan verði samþykkt með fyrirvara um kostnaðarmat á aðgerð 2. Ef kostnaðarauki er af tillögunni yrði henni vísað til gerð fjárhagsáætlunar 2023.

Vísað til borgarstjórnar.

Diljá Ámundadóttir Zoëga, Ellen J. Calmon, Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir og Elín Blöndal taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22040241

43. Lagt fram minnisblað mannauðs- og starfsumhverfisviðs, dags. 2. maí 2022, um niðurstöður viðhorfskönnunar meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar 2022, ásamt fylgiskjölum.

Lóa Birna Birgisdóttir og Harpa Hrund Berndsen taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22050012

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Eftir því er tekið að svarhlutfall er lágt á skóla og frístundasviði, umhverfis og skipulagssviði og velferðarsviði. Hverju skyldi það sæta? Fræðsla, þjálfun og upplýsingaflæði koma verst út. 4.9% er áreitni hjá samstarfsfólki og tæplega 4% er einelti hjá samstarfsfólki. Hvað þýða þessar tölur og hvernig á að bregðast við?

44. Lagt fram svar fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 29. apríl 2022, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um fjölda þeirra sem búa við þjónustuskerðingu vegna vanskila, sbr. 29. lið fundargerðar borgarráðs frá 27. ágúst 2020. FAS22040071
45. Lagt fram svar fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 29. apríl 2022, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um þrískipta vísitölu leiguverðs í Reykjavík, sbr. 81. lið fundargerðar borgarráðs frá 15. apríl 2021. FAS22040067
46. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis frá 28. apríl 2022. MSS22010030
47. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals frá 25. apríl 2022. MSS22010028

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 3. lið fundargerðarinnar:

Kynning á uppbyggingu verslunar, þjónustu og íbúðahúsnæðis við Jarpstjörn, Skyggisbraut og Rökkvatjörn. Eftir 15 ár er loksins verið að leggja drög að verslun í hverfinu sem átti að verða sjálfbært en nú fimmtán árum seinna er engin matvöruverslun hvað þá bakarí. Hér er ekki annað hægt en að fagna mjög. Tekið er einnig undir bókun sem birt er undir 4. lið sem er um breytingu á deiliskipulagi fyrir Reynisvatnsás: Íbúasamtökin í Úlfarsárdal hafna tillögu á breytingu á skilmálum deiliskipulagsins „Reynisvatnsás, íbúðarhverfi, deiliskipulag“. Þessi breytingalýsing að leyfa skorsteina og loftnet upp fyrir tilgreinda hámarkshæð er of opin. Þarna er verið að opna fyrir að stórir steyptir skorsteinar og gervihnattadiskar geti skyggt á útsýni á flottum útsýnislóðum. Hefðbundið loftnet og 30-40 cm þykkt reykrör myndi teljast innan marka. Eitthvað stærra en það þyrfti að fara í grenndarkynningu.

48. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Miðborgar og Hlíða frá 27. apríl 2022. MSS22010033

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 3. lið fundargerðarinnar:

Fulltrúi Flokks fólksins styður bókun íbúaráðs Miðborgar Hlíða að fulltrúi íbúaráðsins og fulltrúi íbúasamtaka verði hluti af samráðshópi um umferð stærri ökutækja í miðborginni. Mál af þessu tagi er best unnið í góðu samráði við íbúana og hagaðila á svæðinu.

49. Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 27. apríl 2022. MSS22010018
50. Lagðar fram fundargerðir stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 8. og 28. mars 2022. MSS22010017
51. Lögð fram fundargerð skipulags- og samgönguráðs frá 4. maí 2022. B-hluti fundargerðarinnar er samþykktur. MSS22010010

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 13. lið fundargerðarinnar:

Eina leiðin til að borga sig inn í strætó núna, svona að mestu, er að eiga farsíma og vera búin að koma sér upp Klapp-appinu til að geta keypt sér inneign. Nauðsynlegt er að hafa rafrænt auðkenni til að geta farið inn á „mínar síður“ og endurnýjað inneignina. Það eiga ekki alveg allir farsíma og sumir, t.d. hælisleitendur sem nota strætó mikið, hafa ekki einu sinni kennitölu. Enn aðrir geta ekki, t.d. vegna fötlunar sinnar, notað rafræn skilríki og geta þ.a.l. ekki notað „mínar

síður“. Reynt hefur verið að finna lausnir á þessu og á eftir að koma í ljós hvort þær gagnast. Versta er ef „kerfi“ sem þetta á eftir að hindra fólk í að nota strætó. Það er ekki gott ef viðkvæmir hópar og þeir sem hafa stólað mest á strætó treysti sér ekki til að nota strætó vegna nýja greiðslukerfisins Klapp. Fólk hefur kvartað sáran yfir þessu kerfi og að ekki sé boðið upp á fleiri greiðslumöguleika en tíu miða kort. Stjórnendur Strætó verða að setja sig betur í spor þeirra sem ferðast með vögnum fyrirtækisins áður en ákveðið er að kaupa „kerfi“ sem þetta. Sníða þarf þjónustuna að veruleika þjónustubega og skilja engan út undan.

52. Lögð fram fundargerð öldungaráðs frá 25. apríl 2022. MSS22010024

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 1. lið fundargerðarinnar:

Fulltrúi Flokks fólksins styður heilshugar við velferðartækni til að auka þjónustu við eldri borgara og aðra þjónustubega í Reykjavík en vill að það sé gert með markvissum og hagkvæmum hætti. Flestar þeirra lausna sem hér um ræðir eru án efa nú þegar til í einhverri mynd t.d. hjá öðrum sveitarfélögum og þarf því ekki að finna upp hjólið að nýju. Stefna velferðarsviðs um velferðartækni er metnaðarfull. Velferðartækni á að sameinast rafrænni þjónustumiðstöð en eftir því sem heyrir þá er nú hægt að sækja um fjárhagsaðstoð þar og áfrýja málum og panta tíma hjá ráðgjafa. Velferðartækni mun án efa stuðla að fjölbreyttri og sveigjanlegri þjónustu sem miðar að einstaklingsmiðuðum þörfum ef allt gengur upp sem skyldi.

53. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls 10 mál. MSS22050010

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 1. lið yfirlitsins:

Svarbréf Reykjavíkurborgar, dags. 7. apríl 2022, og svarbréf innviðaráðuneytisins, dags. 29. apríl 2022, við upplýsingabeiðni ESA vegna reikningsskila Félagsbústaða hf. og Reykjavíkurborgar. Það eru margir sem bíða eftir að sjá hvað kemur endanlega út úr bréfaskriftum ESA við ráðuneytið. Það að það skuli vera bréfaskriftir yfir höfuð um þetta mál finnst fulltrúa Flokks fólksins vera eitt og sér athyglisvert. Það að ESA sé með þetta til skoðunar er merki þess að alla vega var talið að eitthvað væri skoðunarvert. Endurmeta ætti reikningsskilaaðferðir. Rekstur borgarinnar breytist ekki, þetta er talnaleikfimi. Búinn er til leikur til að reyna að láta þetta líta betur út.

54. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019. MSS22050003

55. Lagt fram yfirlit yfir styrkumsóknir til borgarráðs utan umsóknartíma. MSS22010042
Samþykkt að veita RVK Feminist Film Festival styrk að fjárhæð kr. 1.500.000 vegna RVK Feminist Film Festival 2022.
Öðrum styrkumsóknum er hafnað.

56. Borgarráðsfulltrúi Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi tillögu:

Verðbólga hefur hækkað verulega að undanfögnu og hefur Seðlabankinn brugðist við með hækkun stýrivaxta. Þetta leggst þyngst á foreldra með börn á framfæri. Verkalýðshreyfingin og fleiri aðilar hafa kallað eftir aðgerðum af hálfu stjórnvalda. Reykjavíkurborg er höfuðborg og fjölmennasta sveitarfélag landsins og hefur því skyldu til þess að bregðast við þessu ákalli. Leikskólagjöld eru stór útgjaldaliður hjá foreldrum með börn á framfæri. Það liggur því beinast við að Reykjavíkurborg leggi sitt af mörkum við að vinna gegn verðbólgu og verja foreldra barna fyrir neikvæðum

áhrifum hennar og vaxtahækkunum með því að hætta innheimtu leikskólagjalda. Fulltrúi Vinstri grænna í borgarráði leggur til að borgarstjóra verði falið að undirbúa að Reykjavíkurborg hætti að innheimta leikskólagjöld. Öll börn eiga rétt á menntun óháð efnahag foreldra og mun þessi aðgerð færa Reykjavíkurborg nær því að tryggja það og verja börn í borginni fyrir neikvæðum áhrifum verðbólgu og vaxtalækkana.

Frestað.

- Kl. 13:08 vísur Eypór Laxdal Arnalds af fundi.

Fundi slitið kl. 13:11

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir
Líf Magneudóttir
Jórunn Pála Jónasdóttir

Alexandra Briem
Hildur Björnsdóttir



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 22. júní 2021

R16080049

61363

Borgarráð

Fækkun bensínstöðva - Samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Stekkjarbakki 4-6 í Reykjavík

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt samkomulag Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignasjóðs annars vegar og Haga hf. hins vegar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Stekkjarbakki 4-6 í Reykjavík, dags. 15. júní 2021.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Stekkjarbakki 4-6 í Reykjavík, dags. 15. júní 2021

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík, annars vegar og hins vegar Hagar hf., kt. 670203-2120, Hagasmára 1, 201 Kópavogi, hér eftir nefndur lóðarhafi, gera með sér svofellt

samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Stekkjarbakki 4-6 í Reykjavík

1. gr.

Inngangur

Hagar hf., lóðarhafi að lóðinni Stekkjarbakki 4-6, landeignanúmer L180655, hefur hug á frekari uppbyggingu og breyttri nýtingu á lóðinni.

Af því tilefni gera Reykjavíkurborg annars vegar og Hagar hf. hins vegar með sér þetta samkomulag.

Samkvæmt fyrirbyggjandi hugmynd um uppbyggingu á lóðinni Stekkjarbakki 4-6 stefnir lóðarhafi að því að á lóðinni verði byggðar íbúðir auk atvinnu- og þjónustuhúsnæðis í samræmi við fyrirbyggjandi hugmynd að deiliskipulagi. Er þar meðal annars gert ráð fyrir matvöruverslun allt að 2.000 m².

Fyrir á lóð er verslunarhúsnæði, 3.873,4 m² að flatarmáli skv. Þjóðskrá Íslands, sem er að hluta til gróðurhús, vöruheymsla, 1.057,5 m² að flatarmáli og gróðurhús sem er skráð 304,0 m² að flatarmáli. Heildarflatarmál matseininga er um 5.234,9 m². Áform lóðarhafa er að fjarlægja núverandi mannvirki á lóðinni, að fengnu leyfi byggingaryfirvalda.

Hin fyrirhugaða uppbygging fellur undir samþykktá húsnæðisáætlun fyrir Reykjavíkurborg, sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar 6. júní 2017 og almenn samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum, sem samþykkt var á fundi borgarráðs 31. janúar 2019.

2. gr.

Deiliskipulagsgerð og lóðarsamningur

Lóðarhafi mun láta vinna nýja deiliskipulagstillögu fyrir lóðina Stekkjarbakki 4-6. Tillagan verði unnin í samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

Lóðin Stekkjarbakki 4-6 er 19.507 m² og gert er ráð fyrir að hún verði svipuð að stærð og lögun eftir deiliskipulagsbreytingu. Lóðarhafi á Álfabakka 7 hefur heimild til að deiliskipuleggja lóðina Álfabakka 7 með lóð Stekkjarbakka 4-6 enda nái hann samkomulagi við lóðarhafa þeirrar lóðar um sameiginlega nýtingu og hafi gengið frá samkomulagi við Reykjavíkurborg um uppbyggingu á lóðinni Álfabakki 7.

Undirbúningur Borgarlínu stendur nú yfir og er leiðin frá Ártúnshöfða að Hamraborg í Kópavogi fyrsta lota Borgarlínu. Undirbúningur og framkvæmdir fyrstu lotu taka til tímabilsins 2020-2023 í aðgerðaráætlun tillögu að samgönguáætlun. Aðrar lotur koma síðar í samræmi við framkvæmdáætlun sáttmálans og verður unnið að mati á umhverfisáhrifum fyrir þær lotur þegar að þeim kemur. Unnið verður við tengingu frá Mjódd – BSÍ frá 2024-2026, skv. því sem gert er ráð fyrir í Samgöngusáttmála ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Verkefnastofa Borgarlínu vinnur að greiningu á leiðarvali og áfangauppbyggingu Borgarlínu í norður Mjódd og getur það haft áhrif á stærð og lögun lóðar. Reykjavíkurborg greiði ekki sérstaklega fyrir skerðingu á lóð en að byggingarmagn verði miðað við núverandi stærð lóðar, þ.e.a.s. að byggingarmagn haldist óbreytt þrátt fyrir að lóðin kundi að verða minnkuð.

Nýr lóðaleigusamningur fyrir Stekkjarbakka 4-6, sem er leigulóð, verður gefinn út, þegar greiðsla skv. 3. gr. hefur verið greidd. Jafnframt verður núverandi lóðaleigusamningur fyrir lóðinni felldur úr gildi.

Breytt fyrirkomulag lóðar, nýting, byggingarmagn og nýtt deiliskipulag fyrir Stekkjarbakka 4-6 er háð samþykki skipulags- og samgönguráðs og borgarráðs.

3. gr.

Byggingarréttur og gatnagerðargjald

Gildandi aðalskipulag heimilar að á lóðinni Stekkjarbakki 4-6 verði byggð blönduð byggð íbúðarhúsnæðis auk verslunar- og þjónustuhúsnæðis, þ.m.t. matvöruverslun.

Vegna breyttrar hagnýtingar og aukins byggingarmagns á lóðinni Stekkjarbakki 4-6 skuldbindur lóðarhafi sig til að greiða til Reykjavíkurborgar vegna innviða og byggingarréttar 13.000 kr. fyrir hvern fermetra ofanjarðar á lóðinni af auknum byggingarrétti umfram gildandi deiliskipulag. Aukið byggingarmagn á lóðinni miðast við að nýtingarhlutfall ofanjarðar taki mið af þéttingaráformum Reykjavíkurborgar í aðalskipulagi og nýtingu nýlegra uppbyggingarreita innan borgarinnar í samræmi við það. Jafnframt er áhersla lögð á að byggingar falli vel að umhverfi, hugað sé að skuggavarpi og öðrum þáttum sem skapa áhugavert samfélag fyrir íbúa, starfsfólk og viðskiptavinum til framtíðar.

Gildandi deiliskipulag heimilar allt að 5.850 m². Endanlegt byggingarmagn á lóðinni liggur ekki fyrir þar sem vinna við breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi á eftir að fara fram. Samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar skal nýtingarhlutfall ofanjarðar taka mið af þéttingaráformum Reykjavíkurborgar í aðalskipulagi og nýtingu nýlegra uppbyggingarreita innan borgarinnar í samræmi við það.

Framangreint fermetraverð er miðað við byggingarvísitölu septembermánaðar 2019 (146,3 stig) og skal það framreiknað í samræmi við þróun vísitölunnar frá undirskriftardegi þessa samkomulags til greiðsludags.

Gjalddagi greiðslu vegna innviða og byggingarréttar er við umsókn um framkvæmda- eða byggingaleyfi, þ.m.t. takmarkað leyfi, hjá embætti byggingafulltrúa á viðkomandi byggingarreit.

Lóðarhafa er óheimilt að hefja framkvæmdir á viðkomandi byggingaáfangi fyrr en greiðsla hefur borist.

Byggingaleyfi eða takmarkað byggingarleyfi verður ekki gefið út fyrr en framangreind byggingarréttargreiðsla hefur verið greidd.

Auk framangreindrar greiðslu skal lóðarhafi greiða gatnagerðargjald og önnur lögbundin skipulags-, framkvæmda-, byggingarleyfis- og tengigjöld vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni.

Gjalddagi gatnagerðargjalds fyrir lóðina Stekkjarbakka 4-6 er við samþykkt embættis byggingarfulltrúa á byggingaráformum á viðkomandi byggingarreit og reiknast samkvæmt gildandi gjaldskrá gatnagerðargjalda hverju sinni.

Ef endanlegt deiliskipulag grundvallast á auknu byggingarmagni ofanjarðar umfram ofangreinda fermetra sbr. 3. mgr. þessarar greinar, skal lóðarhafi greiða viðbótarbyggingarréttargjald fyrir þá fermetra sem bætast við heildarbyggingarmagn lóðarhafa ofanjarðar.

4. gr.

Sala íbúða til Félagsbústaða hf.

Í samræmi við samningsmarkmið Reykjavíkurborgar samþykkir lóðarhafi að Félagsbústaðir hf. hafi kauprétt á 5% íbúðum í húsum á lóðinni. Íbúðirnar geta verið allt að þriggja herbergja. Miðað skal við í kaupunum að stærð einstaklings- og tveggja herbergja íbúða sé á bilinu 45-60 m² að birtu flatarmáli að geymslu meðtalinni hvers stærð skal vera í samræmi við sambærilegar íbúðir, þó ekki stærri en 4 m². Miðað skal við að stærð þriggja herbergja íbúða sé á bilinu 60-80 m² að birtu flatarmáli að geymslu meðtalinni hvers stærð skal vera í samræmi við sambærilegrar íbúðir, þó ekki stærri en 4 m².

Félagsbústaðir hafa val um tegund íbúða. Íbúðirnar skal afhenda tilbúnar og skal frágangur þeirra, efnisval og gæði vera sambærilegt við aðrar íbúðir að svipaðri stærð í sömu húsum. Bílastæði í bílageymslu fylgir ekki þessum íbúðum.

Kaupverð hvers birts fermetra í íbúð og geymslu er umsaminn 470.000 kr. (virðisaukaskattur innifalinn). Framangreint kaupverð á m² er miðað við byggingarvísitölu septembermánaðar 2019 og skal breytast í samræmi við þróun vísitölu þessarar frá undirskriftardegi til greiðsludags.

Komi til endurskoðunar á ákvæðum um verðviðmiðun í lögum um almennar íbúðir þar til kaupréttur er nýttur, getur lóðarhafi farið fram á endurskoðun á fjárhæð kaupverðs skv. 2. mgr.

Komi til kaupa skal kaupsamningur gerður um hverja íbúð þegar byggingarnefndarteikningar hafa verið samþykktar. Í kaupsamningi verða nánari ákvæði um kaupin, þ.á.m. um staðsetningu íbúðanna, sem dreifa skal um hús á lóðinni, endanleg stærð þeirra og greiðslu kaupverðs.

Kaupréttur skal boðinn skriflega til Félagsbústaða samhliða því að teikningar verði lagðar inn til byggingarfulltrúans í Reykjavík. Kaupréttarhafi skal svara því innan 45 daga frá því að kauprétturinn er boðinn hvort hann ætli að nýta sér hann.

5. gr.

Kvöð um leiguíbúðir o.fl.

Í samræmi við áform Reykjavíkurborgar um félagslega blöndun verður sú kvöð á lóðina að 20% íbúða skuli vera leiguíbúðir, stúdentaíbúðir, leiguíbúðir Félagsbústaða hf., búseturéttaríbúðir og/eða íbúðir fyrir aldraða. Þær íbúðir sem Félagsbústaðir hafa kauprétt að, sbr. 4. gr., eru hluti þessara íbúða.

Þessa skal getið í deiliskipulagstillögu og útbúin skal sérstök yfirlýsing sem þinglýst verður sem kvöð á núverandi lóð. Í eignaskiptayfirlýsingu skal skilgreint hvaða íbúðir falli undir þessa kvöð.

6. gr.

Listskreyting

Aðilar eru sammála um að veitt verði sérstöku fé til listskreytinga í almenningsrýmum á svæðinu eða á húsum á skipulagsreitnum. Hlutdeild lóðarhafa til listskreytinga verður 10.000.000 kr. Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að leggja fram jafnháa fjárhæð til listskreytinga á skipulagssvæðinu. Samráð skal haft um val og útfærslu á listskreytingum.

7. gr.

Framsal

Lóðarhafa er óheimilt að framselja aukin lóðarréttindi að lóðinni Stekkjarbakki 4-6, landeignanúmer L180655, skv. samkomulagi þessu, áður en greiðslur samkvæmt 3. og 6. gr. hafa verið greiddar.

Kvöð um framsal er óheimilt nema að fenginni staðfestingu Reykjavíkurborgar á nýjum framsalshafa. Þessa skal getið á veðbandayfirliti fasteignarinnar Stekkjarbakki 4-6, landeignanúmer L180655.

8. gr.

Uppsögn

Lóðarhafi mun leggja fram tillögu að deiliskipulagi lóðar innan tveggja ára frá undirritun samkomulags þessa. Náist ekki samkomulag um þá tillögu skulu aðilar leita allra mögulegra leiða til þess að ná samkomulagi um deiliskipulag lóðar enda taki tillagan mið af þéttingaráformum Reykjavíkurborgar í aðalskipulagi í samræmi við nýhönnuð hverfi borgarinnar. Hafi nýtt deiliskipulag ekki verið staðfest innan tveggja ára frá því að tillaga lóðarhafa var lögð fram er hvorum aðila um sig heimilt einhliða að

segja samkomulagi þessu upp með þriggja mánaða fyrirvara. Sé samkomulaginu sagt upp af hálfu Reykjavíkurborgar skal fyrri lóðarleigusamningur halda gildi sínu.

9. gr.
Lagnir

Komi til þess vegna stækkunar og uppbyggingar á lóðinni Stekkjarbakki 4-6 að flytja þurfi spennistöð eða lagnir veitustofnanna skal lóðarhafi bera kostnað við þann flutning.

Heimilt er að þinglýsa samkomulagi þessu á lóðina Stekkjarbakki 4-6, landeignanúmer L180655.

Samkomulag þetta er með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

Reykjavík, 15. júní 2021

F.h. Reykjavíkurborgar með fyrirvara
um samþykki borgarráðs

F.h. Haga hf.

Vitundarvottar að rétttri
dags., undirskrift og fjárræði aðila:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 22. júní 2021

R16080049

61363

Borgarráð

Fækkun bensínstöðva - Samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Álfabakki 7 í Reykjavík

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt samkomulag Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignasjóðs annars vegar og Olíuverzlunar Íslands ehf. hins vegar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Álfabakki 7 í Reykjavík, dags. 16. júní 2021.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Álfabakki 7 í Reykjavík, dags. 16. júní 2021.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík, annars vegar og hins vegar Olíuverslun Íslands ehf., kt. 500269-3249, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, hér eftir nefndur lóðarhafi, gera með sér svofellt

samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Álfabakki 7 í Reykjavík

1. gr.

Inngangur

Olíuverslun Íslands ehf., lóðarhafi að lóðinni Álfabakki 7, landeignanúmer L111717, hefur hug á frekari uppbyggingu og breyttri nýtingu á lóðinni.

Af því tilefni gera Reykjavíkurborg annars vegar og Olíuverslun Íslands ehf. hins vegar með sér samkomulag þetta.

Á lóðinni Álfabakki 7 stendur þjónustustöð með 4 dælum fyrir 8 bifreiðar samtímis. Lóðin er skilgreind sem viðskipta- og þjónustulóð og er alls 3.728 m² að flatarmáli samkvæmt Þjóðskrá Íslands.

Hugmyndir lóðarhafa um uppbyggingu á lóðinni Álfabakki 7 gera ráð fyrir að byggðar verði íbúðir á lóðinni, auk atvinnu- og þjónustuhúsnæðis. Áform lóðarhafa eru í samræmi við fyrirliggjandi hugmyndir um nýtt deiliskipulag lóðar. Heimilt verði að setja upp sjálfsafgreiðslustöð á lóð Alfabakka 7 eða Stekkjarbaka 4-6 með 2 eldsneytisdælum fyrir 4 bifreiðar samtímis.

Hin fyrirhugaða uppbygging fellur undir samþykktá húsnæðisáætlun fyrir Reykjavíkurborg, sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar 6. júní 2017 og almenn samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum, sem samþykkt var á fundi borgarráðs 31. janúar 2019. Eins tekur samkomulag þetta hliðsjón af samþykkt borgarráðs um „samningsmarkmið til grundvallar í viðræðum borgaryfirvalda við rekstraraðila og lóðarhafa bensinstöðvalóða í Reykjavík“.

2. gr.

Deiliskipulagsgerð og lóðarsamningur

Lóðarhafi mun láta vinna nýja deiliskipulagstillögu fyrir lóðina Álfabakki 7. Tillagan verði unnin í samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar. Sjá hugmyndir lóðarhafa í fylgiskjali 1.

Reykjavíkurborg mun láta vinna breytingar á aðalskipulagi verði þörf á því.

Lóðin Álfabakki 7 er 3.728 m² og verður að mestu óbreytt að stærð og lögun eftir deiliskipulagsbreytingu.

Hefðbundinn lóðaleigusamningur fyrir Álfabakki 7, sem verður leigulóð, verður gefinn út, þegar greiðsla skv. 3. gr. hefur verið greidd. Jafnframt verður núverandi lóðaleigusamningur fyrir lóðinni felldur úr gildi.

Breytt fyrirkomulag lóðar, nýting, byggingarmagn og nýtt deiliskipulag fyrir Álfabakki 7 er háð samþykki skipulags- og samgönguráðs og borgarráðs.

3. gr.

Byggingarréttur og gatnagerðargjald

Fyrirliggjandi hugmyndir gera ráð fyrir að á lóðinni Álfabakki 7 verði byggð blönduð byggð íbúðarhúsnæðis auk verslunar- og þjónustuhúsnæðis. Gert er ráð fyrir að nýting og skipulag lóðar taki

mið af þéttingaráformum Reykjavíkurborgar í aðalskipulagi og nýtingu nýlegra uppbyggingarreita innan borgarinnar í samræmi við það.

Vegna breyttrar hagnýtingar og aukins byggingarmagns á lóðinni mun lóðarhafi ekki greiða sérstaklega til Reykjavíkurborgar vegna innviða og byggingarréttar í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um fækkun bensínstöðva.

Lóðarhafi greiðir gatnagerðargjald og önnur lögbundin skipulags-, framkvæmda-, byggingarleyfis- og tengigjöld vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni. Inneign gatnagerðargjalda kemur til frádráttar viðbótar gatnagerðargjaldi.

Gjalddagi gatnagerðargjalds fyrir lóðina Álfabakka 7 er við samþykkt embættis byggingarfulltrúa á byggingaráformum á viðkomandi byggingarreit og reiknast samkvæmt gildandi gjaldskrá gatnagerðargjalda hverju sinni.

4. gr.

Sala íbúða til Félagsbústaða hf.

Í samræmi við samningsmarkmið Reykjavíkurborgar samþykkir lóðarhafi að Félagsbústaðir hf. hafi kauprétt á 5% íbúðum í húsum á lóðinni. Íbúðirnar geta verið allt að þriggja herbergja. Miðað skal við í kaupunum að stærð einstaklings- og tveggja herbergja íbúða sé á bilinu 45-60 m² að birtu flatarmáli að geymslu meðtalinni hvers stærð skal vera í samræmi við sambærilegar íbúðir, þó ekki stærri en 4 m². Miðað skal við að stærð þriggja herbergja íbúða sé á bilinu 60-80 m² að birtu flatamáli að geymslu meðtalinni hvers stærð skal vera í samræmi við sambærilegrar íbúðir, þó ekki stærri en 4 m². Félagsbústaðir hafa val um tegund íbúða. Íbúðirnar skal afhenda tilbúnar og skal frágangur þeirra, efnisval og gæði vera sambærilegt við aðrar íbúðir að svipaðri stærð í sömu húsum. Bílastæði í bílageymslu fylgir ekki þessum íbúðum.

Kaupverð hvers birts fermetra í íbúð og geymslu er umsaminn 470.000 kr. (virðisaukaskattur innifalinn). Framangreint kaupverð á m² er miðað við byggingarvísitölu septembermánaðar 2019 og skal breytast í samræmi við þróun vísitölu þessarar frá undirskriftardegi til greiðsludags.

Komi til endurskoðunar á ákvæðum um verðviðmiðun í lögum um almennar íbúðir þar til kaupréttur er nýttur, getur lóðarhafi farið fram á endurskoðun á fjárhæð kaupverðs skv. 2. mgr.

Komi til kaupa skal kaupsamningur gerður um hverja íbúð þegar byggingarnefndarteikningar hafa verið samþykktar. Í kaupsamningi verða nánari ákvæði um kaupin, þ.á.m. um staðsetningu íbúðanna, sem dreifa skal um hús á lóðinni, endanleg stærð þeirra og greiðslu kaupverð.

Kaupréttur skal boðinn skriflega til Félagsbústaða samhliða því að teikningar verði lagðar inn til byggingarfulltrúans í Reykjavík. Kaupréttarhafi skal svara því innan 45 daga frá því að kauprétturinn er boðinn hvort hann ætli að nýta sér hann.

5. gr.

Kvöð um leiguíbúðir o.fl.

Í samræmi við áform Reykjavíkurborgar um félagslega blöndun verður sú kvöð á lóðinni að 20% íbúða skuli vera leiguíbúðir, stúdentaíbúðir, leiguíbúðir Félagsbústaða hf., búseturéttaríbúðir og/eða íbúðir fyrir aldraða. Þær íbúðir sem Félagsbústaðir hafa kauprétt að, sbr. 4. gr., eru hluti þessara íbúða.

Þessa skal getið í deiliskipulagstillögu og útbúin skal sérstök yfirlýsing sem þinglýst verður sem kvöð á núverandi lóð. Í eignaskiptayfirlýsingu skal skilgreint hvaða íbúðir falli undir þessa kvöð og skal sérstakri kvöð þinglýst á þær íbúðir.

6. gr.

Listskreyting

Aðilar eru sammála um að veitt verði sérstöku fé til listskreytinga í almenningsrýmum á svæðinu eða á húsum á skipulagsreitnum. Hlutdeild lóðarhafa til listskreytinga verður 2.000.000 kr. Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að leggja fram jafnháa fjárhæð til listskreytinga á skipulagssvæðinu. Samráð skal haft um val og útfærslu á listskreytingum.

7. gr.

Framsal

Lóðarhafa er óheimilt að framselja lóðarréttindi að lóðinni Álfabakki 7, landeignanúmer L111717 áður en greiðslur samkvæmt 3. og 6. gr. hafa verið greiddar.

Kvöð um framsal er óheimilt nema að fenginni staðfestingu Reykjavíkurborgar á nýjum framsalshafa. Þessa skal getið á veðbandayfirliti fasteignarinnar með sérstakri yfirlýsingu til þinglýsingar Álfabakka 7, landeignanúmer L111717.

8. gr.

Uppsögn

Lóðarhafi mun leggja fram tillögu að deiliskipulagi lóðar innan tveggja ára frá undirritun samkomulags þessa. Náist ekki samkomulag um þá tillögu skulu aðilar leita allra mögulegra leiða til þess að ná samkomulagi um deiliskipulag lóðar enda taki tillaga mið af þéttingaráformum Reykjavíkurborgar í aðalskipulagi í samræmi við nýhönnuð hverfi borgarinnar. Hafi nýtt deiliskipulag ekki verið staðfest innan tveggja ára frá því að tillaga lóðarhafa var lögð fram er hvorum aðila um sig heimilt einhliða að segja því upp með þriggja mánaða fyrirvara.

9. gr.

Lagnir

Komi til þess vegna stækkunar og uppbyggingar á lóðinni Álfabakki 7 að flytja þurfi spennistöð eða lagnir veitustofnanna skal lóðarhafi bera kostnað við þann flutning.

Heimilt er að þinglýsa samkomulagi þessu á lóðina Álfabakki 7, landeignanúmer L111717.

Samkomulag þetta er með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

Reykjavík, 15. júní 2021

F.h. Reykjavíkurborgar með fyrirvara
um samþykki borgarráðs

F.h. Ólíuverzlunar Íslands ehf.

Vitundarvottar að rétttri
dags., undirskrift og fjárræði aðila:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

BORGARRÁÐ

Ár 2021, fimmtudaginn 24. júní, var haldinn 5629. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 09:05. Viðstödd voru auk borgarstjóra, Líf Magneudóttir, Pawel Bartoszek, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, og Marta Guðjónsdóttir. Einnig sátu fundinn áheyrnarfulltrúarnir Sanna Magdalena Mörtudóttir, Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir fulltrúar, auk borgarstjóra, tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 354/2021 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Hildur Björnsdóttir og Heiða Björg Hilmisdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Þorsteinn Gunnarsson, Ebba Schram, Pétur Ólafsson og Ívar Vincent Smáráson. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Petta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 16. júní 2021, um kosningu sjö borgarráðsfulltrúa og sjö til vara á fundi borgarstjórnar þann 15. júní 2021. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir var kjörin formaður borgarráðs. R18060082
2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 18. júní 2021, sbr. samþykkt borgarstjórnar frá 15. júní 2021 á tillögu um að fella niður reglulega fundi borgarstjórnar í júlí og ágúst nk. og að borgarráð fari með heimildir borgarstjórnar á þeim tíma. R21060117
3. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 18. júní 2021, sbr. samþykkt borgarstjórnar frá 15. júní 2021 á tillögu þar sem borgarráði er falið að afgreiða til fullnaðar verkefni vegna alþingiskosninga þann 25. september 2021 sem kunna að heyra undir verksvið borgarstjórnar. R20090044
- Kl. 9.09 tekur Heiða Björg Hilmisdóttir sæti á fundinum og aftengist fjarfundarbúnaði.
4. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 24. júní 2021:

Lagt er til að borgarráð samþykki tilboð að nafnvirði 3.000 m.kr., á ávöxtunarkröfunni 4,50%, í grænan óverðtryggðan skuldabréfaflokk borgarsjóðs RVKNG 40 1, sem eru 3.073 m.kr. að markaðsvirði. Ofangreind tillaga var tekin fyrir og samþykkt á fundi fjárfstýringarhóps þann 23. júní 2021.

Trúnaðarmerkt greinargerð fylgir tillögunni. R20120178

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Enn eru tekin lán. Nú upp á þrjú þúsund milljónir til viðbótar fyrri lánum. Skuldsetning borgarinnar eykst stórum þrátt fyrir mettekjur og hámarksútsvar.

Halldóra Káradóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

5. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. júní 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 9. júní 2021 á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða, svæði 1, ásamt fylgiskjölum. R21060192
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Verið er að samþykkja í auglýsingu áfanga 1 og 2 af uppbyggingu við stærsta þróunar- og uppbyggingarsvæði Reykjavíkur, í kringum Elliðaárvog og

Ártúnshöfða. Áætlað er að á svæði þessa borgarhluta rísi allt að 8.000 íbúðir sem munu hýsa álíka fjölda íbúa og Grafarvogur eða um 20.000 manns en á sjöfalt minna svæði. Um er að ræða fyrsta hverfi Reykjavíkur sem rís alfarið innan borgarmarkanna. Á svæðinu er gert ráð fyrir þéttri, blandaðri byggð sem gefur kost á búsetu, atvinnu og þjónustu innan hverfis. Jafnframt er gert ráð fyrir skilvirkum tengingum almenningsgangna með kjöraðstæðum fyrir bíllausan lífsstíl. Við Krossamýratorg verður ein af meginstöðvum borgarlínu með lifandi borgarkjarna í nálægð við almenningsgarð á stærð við Austurvöll. Heildarfjöldi íbúða innan áfanga 1 og 2 er um 3500. Stefnt er að því að deiliskipulagsáætlanirnar fyrir Ártúnshöfða og Elliðavog fái BREEAM umhverfisvottun. Leiðarljós allrar skipulagsvinnu er að styðja við markmið borgarinnar í loftslagsmálum sem stuðla að sjálfbærri borgarþróun. Staðsetning svæðisins er einstök. Nálægð við strandlengjuna og útivistarsvæði Elliðaárdals skapar svæðinu mikla sérstöðu í borginni.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er um stórt og fjölmennt hverfi að ræða. Mikilvægt er að huga að samgönguframkvæmdum svo sem Sundabraut til að létta á umferð sem mun létta verulega á aukinni umferð um Ártúnsbrekku. Þá þarf að huga að tímasetningu grunnskóla og leikskóla til að grunnþjónusta verði til staðar þegar hverfið fer að byggjast upp. Enn stendur malbikunarstöðin Höfði í vegi fyrir uppbyggingu á svæðinu og þá er óljóst hvort og hvenær áætlaðar landfyllingar verði heimilaðar. Huga þarf að framkvæmdaáætlun til að forðast misræmi í uppbyggingu hverfisins og þjónustu við íbúa.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Frá upphafi 20. aldar hafa miklar landfyllingar verið gerðar við strandlengju Reykjavíkurborgar og í dag eru náttúrulegar og óskertar fjörur lítil hluti strandsvæði borgarinnar. Áætlað er að fara í 13 hektara landfyllingu austanmegin á ósasvæði Elliðaá og reisa þar íbúabyggð. Er stærðin á landfyllingunni langt yfir þeim mörkum sem krefst umhverfismats. Lýst er yfir miklum áhyggjum vegna villtra fiskitegunda í Elliðaám og er ljóst að um mikið og stórtækt inngríp er að ræða í þá einstöku náttúruferlu sem árnar eru inni í miðri höfuðborg landsins. Áætlað er að reisa 6.000 íbúða byggð í Elliðaárvogi og á Ártúnshöfða og er tæplega 100.000 fermetra atvinnuhúsnæði kynnt til sögunnar. Ekki er útfært hvaða rekstri er gert ráð fyrir á svæðinu með 1.000–1.500 störfum. Uppbygging atvinnurekstrar er sjálfsprottin og getur aldrei gerst með valdboði stjórnvalds. Á sama tíma er verið að ryðja atvinnurekstri í burtu með 150 störfum. Mikil mengun er í jarðvegi á þessu svæði – bæði olíumengun og mengun frá Malbikunarstöðinni Höfða. Engar lausnir eru í sjónmáli hvernig á að fjarlægja mengaðan jarðveg t.d. þar sem skólar eiga að koma. Öll þessi uppbygging byggir á sjálhverfu sjónarmiði borgarstjóra og meirihlutans um borgarlínu. Komi hún ekki er uppbyggingin á svæðinu í uppnámi.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Byggja á allt að 3.500 íbúðir í 1. og 2. áfanga og 8.000 íbúðir þegar allt er komið. Sagt er að þörf sé á landfyllingu til norðurs. Auðvitað er engin þörf á landfyllingu. Þessi borgarhluti stendur samkvæmt deiliskipulaginu án nokkurra landfyllinga eins og fram hefur komið. Hætta ætti því við landfyllingar á svæði 1 og 2. Þétting byggðar tekur oft of mikinn toll á náttúru að mati fulltrúa Flokks fólksins. Þetta má sjá á Geirsnefi og bökkum Elliðaáa, austan- og vestanverð ósasvæði hennar. Allt of mikið er manngert, búin til gerviveröld. Af hverju mega ekki fágætir fjörubútar fá að vera í friði? Ósnortnar fjörur eru ekki orðnar margar í Reykjavík. Með þessu er gengið á lífríkið. Bakkarnir til sjávar meðfram Sævarhöfða eru þegar manngerðir. Geirsnef gæti orðið borgargarður, en þar á Borgarlína að skera Geirsnef í tvennt. Landfyllingar eru auk þess enn í mati. Hvað iðnaðarsvæðinu viðkemur þá felst

breytingin í því að minnka skipulagssvæðið, malbikunarstöðin og bílasölur eiga að víkja skv. skipulaginu. Fækkun bílastæða á svæðinu er viðkvæmt mál fyrir stóran hóp. Samráð þarf að vera við borgarbúa um það.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir, Björn Axelsson og Ámundi V. Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

6. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. júní 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 9. júní 2021 á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða, svæði 2, ásamt fylgiskjölum. R21060193
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Verið er að samþykkja í auglýsingu áfanga 1 og 2 af uppbyggingu við stærsta þróunar- og uppbyggingarsvæði Reykjavíkur, í kringum Elliðavog og Ártúnshöfða. Áætlað er að á svæði þessa borgarluta rísi allt að 8.000 íbúðir sem munu hýsa álfka fjölda íbúa og Grafarvogur eða um 20.000 manns en á sjöfalt minna svæði. Um er að ræða fyrsta hverfi Reykjavíkur sem rís alfarið innan borgarmarkanna. Á svæðinu er gert ráð fyrir þéttri, blandaðri byggð sem gefur kost á búsetu, atvinnu og þjónustu innan hverfis. Jafnframt er gert ráð fyrir skilvirkum tengingum almenningsgangna með kjöraðstæðum fyrir bíllausan lífsstíl. Við Krossamýratorg verður ein af meginstöðvum borgarlínu með lifandi borgarkjarna í nálægð við almenningsgarð á stærð við Austurvöll. Heildarfjöldi íbúða innan áfanga 1 og 2 er um 3500. Stefnt er að því að deiliskipulagsáætlanirnar fyrir Ártúnshöfða og Elliðavog fái BREEAM umhverfisvottun. Leiðarljós allrar skipulagsvinnu er að styðja við markmið borgarinnar í loftslagsmálum sem stuðla að sjálfbærri borgarþróun. Staðsetning svæðisins er einstök. Nálægð við strandlengjuna og útivistarsvæði Elliðaárdals skapar svæðinu mikla sérstöðu í borginni.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er um stórt og fjölmennt hverfi að ræða. Mikilvægt er að huga að samgönguframkvæmdum svo sem Sundabraut til að létta á umferð sem mun létta verulega á aukinni umferð um Ártúnsbrekku. Þá þarf að huga að tímasetningu grunnskóla og leikskóla til að grunnþjónusta verði til staðar þegar hverfið fer að byggjast upp. Enn stendur malbikunarstöðin Höfði í vegi fyrir uppbyggingu á svæðinu og þá er óljóst hvort og hvenær áætlaðar landfyllingar verði heimilaðar. Huga þarf að framkvæmdaáætlun til að forðast misræmi í uppbyggingu hverfisins og þjónustu við íbúa.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Frá upphafi 20. aldar hafa miklar landfyllingar verið gerðar við strandlengju Reykjavíkurborgar og í dag eru náttúrulegar og óskertar fjörur lítill hluti strandsvæði borgarinnar. Áætlað er að fara í 13 hektara landfyllingu austanmegin á ósasvæði Elliðaá og reisa þar íbúabyggð. Er stærðin á landfyllingunni langt yfir þeim mörkum sem krefst umhverfismats. Lýst er yfir miklum áhyggjum vegna villtra fiskitegunda í Elliðaám og er ljóst að um mikið og stórtækt inngrip er að ræða í þá einstöku náttúruveru sem árnar eru inni í miðri höfuðborg landsins. Áætlað er að reisa 6.000 íbúða byggð í Elliðaárvogi og á Ártúnshöfða og er tæplega 100.000 fermetra atvinnuhúsnæði kynnt til sögunnar. Ekki er útfært hvaða rekstri er gert ráð fyrir á svæðinu með 1.000–1.500 störfum. Uppbygging atvinnurekstrar er sjálfsprottin og getur aldrei gerst með valdboði stjórnvalds. Á sama tíma er verið að ryðja atvinnurekstri í burtu með 150 störfum. Mikil mengun er í jarðvegi á þessu svæði – bæði olíumengun og mengun frá Malbikunarstöðinni Höfða. Engar lausnir

eru í sjónmáli hvernig á að fjarlægja mengaðan jarðveg t.d. þar sem skólar eiga að koma. Öll þessi uppbygging byggir á sjálfhverfu sjónarmiði borgarstjóra og meirihlutans um borgarlínu. Komi hún ekki er uppbyggingin á svæðinu í uppnámi.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Allt undirlag er á landfyllingu. Byggja á allt að 3500 íbúðir í 1. og 2. áfanga og 8.000 íbúðir þegar allt er komið. Sagt er að „þörf“ sé á landfyllingu til norðurs. Auðvitað er engin „þörf“ á landfyllingu. Þessi borgarhluti stendur samkvæmt deiliskipulaginu án nokkurra landfyllinga eftir því sem fram hefur komið. Þétting byggðar tekur of mikinn toll af náttúru að mati fulltrúa Flokks fólksins. Þetta má sjá á Geirsnefi og bökkum Elliðaáa, austan- og vestanverð ósasvæði hennar. Allt of mikið er manngert. Ósnortnar fjörur eru ekki orðnar margar í Reykjavík. Með þessu er gengið á lífríkið. Bakkarnir til sjávar með fram Sævarhöfða eru þegar manngerðir. Geirsnef gæti orðið borgargarður, en þar á Borgarlína að skera Geirsnef í tvennt. Landfyllingar eru auk þess enn í mati. Varðandi iðnaðarsvæðið þá felst breytingin í því að minnkar skipulagssvæðið, malbikunarstöðin og bílasölur eiga að víkja skv. skipulaginu. Fækka á bílastæðum um 70% samnýta bílastæða en það er viðkvæmt mál fyrir stóran hóp.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir, Björn Axelsson og Ámundi V. Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

7. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. júní 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 9. júní 2021 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals vegna svæðis norðan Miklubrautar, ásamt fylgiskjölum. R21060188
Samþykkt með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að minnka Elliðaárdalinn eins og hann er skilgreindur í gildandi deiliskipulagi sem nemur 10 hekturum, eða 100.000m². Hér er gengið enn frekar á grænu svæðin í borginni.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir, Björn Axelsson og Ámundi V. Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

8. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. júní, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 9. júní 2021 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða – iðnaðarsvæði, ásamt fylgiskjölum. R21060190
Samþykkt.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir, Björn Axelsson og Ámundi V. Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

9. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 23. júní 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 23. júní 2021 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir svæði I í Breiðholti vegna Arnarbakka, ásamt fylgiskjölum. R21060196
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Í Arnarbakka er fyrirhugað að reisa um 90 íbúðir, jafnt námsmannaíbúðir sem almennar íbúðir í þremur fjölbylishúsum. Áfram verður gert ráð fyrir þjónustu og verslun á jarðhæð sem mun eflast með fleiri íbúum í nágrenninu. Að auki er ráðgert að koma fyrir matjurtagarði í glerhúsum til almennra nota á svæðinu. Mikilvægt er að huga að því að hjólastæði séu staðsett sem mest á jarðhæðum og við innganga til að tryggja gott aðgengi.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgin keypti gamlan verslunar- og þjónustukjarna við Arnarbakka fyrir þremur árum síðan fyrir hálfan milljarð króna og stóð þá til að „efla hverfiskjarnann við Arnarbakka, bæta þjónustu og standa að samfélagslegri uppbyggingu á reitnum.“ Stefnt var að því að „úrsérgengnir verslunarkjarnar yrðu endurlífgaðir“. Lítið hefur gerst á kjörtímabilinu í þessum efnum. Nú stendur til að rífa þjónustukjarnann sem keyptur var og byggja fjölbylishús í staðinn. Þó mikil þörf sé fyrir íbúðir í borginni skýtur það skökku við að fallið sé frá upphaflegum áformum um að endurlífga verslunar- þjónustukjarnann og leggja þess í stað höfuðáherslu á íbúðablokkir.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Taka má undir að Arnarbakki 2 og 4 hafi lítið varðveislugildi. Nýta má svæðið mun betur en nú er gert. Almenningssvæði á jarðhæðum og íbúðir á efri hæðum er ágæt stefna en framtíðarspár um umferð verða að vera raunhæfar. Sagt er að aðkoma að Arnarbakka 2 og 4 sé góð og áfram verði hægt að keyra snúningssvæðið við Breiðholtsskóla. Þetta er hæpin fullyrðing því að við uppbyggingu íbúða mun umferð vaxa, (65 stúdentaíbúðir, + 25 venjulegar íbúðir + athafnasvæði í neðstu hæðum) meðfram Breiðholtsskóla. Í gögnum er áætlað að bílferðum fækki um 15% sem er ekki raunhæft. Allsendis óvíst er hvort deilibílanotkun nái flugi hér eins og í erlendum borgum. Einnig er sagt að árið 2019 hafi hlutfall bílferða verið 74%, hjólréiða 5%, gangandi 14%, almenningsgangna 5% og annars 2%. Með því að fækka bílferðum um 15% fyrir 2040 er áætlað að hlutfall gangandi og hjólandi verði 25%. Er ekki verið að ofátla hér? Byrja þarf á réttum enda t.d. byrja á að gera göngu- og hjólastíga þannig að þeir beri umferð fleiri farartækja og sjá hvort það dragi úr bílanotkun. Ef það gengur vel er alltaf hægt að fækka bílastæðum eftir á.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir, Björn Axelsson og Ámundi V. Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

10. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 23. júní 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 23. júní 2021 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir svæði III, Fell, í Breiðholti vegna Völvufells, Drafnarfells, Eddufells og Yrsufells, ásamt fylgiskjölum. R21060202
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir allt að 175 íbúðum, þar með talið námsmannaíbúðum, nýjum raðhúsum næst Suðurfelli, auk þess sem gert er ráð leikskóla. Endurhönnun hverfishlutans gerir ráð fyrir góðum tengingum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur á fyrirliggjandi stígakerfi ásamt því að gert er ráð fyrir fegrun götunnar Völvufells með gróðursetningu trjáa. Tillögurnar styrkja svæðið að okkar mati og styðja við þá verslun og þjónustu sem fyrir er í Drafnarfelli.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða að endurbæta hluta af Fellahverfinu, Völvufell. Byggingar hafa ekki mikið varðveislugildi og þess vegna er hægt að byggja allt upp að nýju. En hér

er, sem og við Arnarbakka, gert ráð fyrir samgöngubrúun sem ekki er víst að gangi eftir. Veruleg íbúafjölgun verður í Völvufelli ef áætlanir ganga eftir. Í gögnum segir: „Vinna skal samgöngumat ef tækifæri eru til að fækka bílastæðum, á stærri byggingarreitum eða hverfum, byggingarreitum með blandaðri landnotkun, á byggingarreitum í nágrenni við góðar almenningsamgöngur“ „Kortið sýnir einnig 20 mínútna svæði fyrir hjólandi en miðað er við 16,3 km/klst hjólahraða sem er meðalhraði í Kaupmannahöfn“. Hér er gert ráð fyrir að hröð umferð verði á göngustígum, en það er óraunhæft nema stígar verði teknir algerlega í gegn. Rangt er að hjólastígar séu góðir og talsvert er í að þeir verði gerðir viðunandi. Samanburður við hjólastígakerfið í Kaupmannahöfn á ekki við hér enda það allt annað og betra. Kallað hefur verið eftir viðgerðum á gangstéttum í hverfinu og var það langalgengasta athugasemdin í þessum málaflokki á íbúafundi. Varasamt er að fækka bílastæðum verulega áður en önnur góð samgöngutækifæri verða til að mati fulltrúa Flokks fólksins.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir, Björn Axelsson og Ámundi V. Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

11. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 21. júní 2021, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út kaup á búnaði til endurnýjunar á gangbrautarljósum 2021 í samstarfi við Vegagerðina. Kostnaðaráætlun 2 er 45 m.kr. R21060194

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út kaup á búnaði til endurnýjunar á gangbrautarljósum 2021 í samstarfi við Vegagerðina. Lagt er til að gangbrautarljós sem boðin verða út verði snjallgangbrautir þannig að tæknin sé notuð til að auka öryggi, ekki síst í skammdeginu. Um er að ræða búnað á níu gangbrautarljósum. Þar af eru átta alfarið í eigu Reykjavíkurborgar en eitt alfarið í eigu Vegagerðarinnar. Áætlaður kostnaður vegna kaupa á búnaði er 50 m.kr. Þar af er hluti Reykjavíkurborgar um 45 m.kr. Útboðið taki mið af nýlegum úrskurðum um lögmati útboða borgarinnar.

Breytingartillagan er felld með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Erindi umhverfis- og skipulagssviðs er samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Nútímaleg gangbrautarljós og góðar göngubrúveranir er góð þjónusta við gangandi og hjólandi vegfarendur og skipta því miklu máli. Það er ofboðslega mikilvægt að huga vel að aðgengi og algildri hönnun alla leið. Hafa þarf skynjara eða tryggja að enginn kantur takmarki aðgengi að hnöppum. Huga þarf að hljóðmerkjum, nægilega löngum tæmingartíma fyrir þau sem eiga erfiðara með að komast hratt yfir og að skoðað sé hvernig hægt er að koma betur til skila þegar tæmingartíminn stendur fyrir, til dæmis með blikkandi grænum merkjum eða gulu ljósi. Endurnýjun gangbrautarljósa mun fara fram við Bústaðaveg við Grímsbæ, Álfheima við Sólheima, Hofsvallagötu við Túngötu, Lönguhlíð við Blönduhlíð, Hofsvallagötu við Neshaga, Réttarholtsveg við Langagerði, Skeiðarvog við Sólheima, Sóleyjargötu við Bragagötu og á Suðurströnd við Selbraut.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að endurnýja gagnbrautarljós, en það hefði verið skynsamlegra að fara alla leið og innleiða snjallgangbrautir.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Á meðan Reykjavíkurborg unir ekki niðurstöðu kærunefndar úrskurðarmála þá er haldið áfram að kaupa inn búnað á ólöglegum forsendum fyrir tugi milljóna. Hér er enn eitt dæmið um það. Áfram er keyrt án tillits til samkeppnislaga. Hvað verður um þennan búnað ef borgin neyðist til að taka upp kerfi sem gefur raunverulegan möguleika á því að fleiri aðilar komast að borðinu? Þá er þessi búnaður ónothæfur og tugum milljóna kastað út um gluggann. Það er lágmarkskrafa að allur umferðarljósastýringarbúnaður sem keyptur er inn sé samhæfður núverandi- og framtíðar umferðarstýringum, til að koma í veg fyrir að borgin læsist inni með ónothæfan búnað.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn óskaði eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út í samstarfi við Vegagerðina kaup á búnaði til endurnýjunar á gangbrautarljósum 2021. Fulltrúi Flokks fólksins leggur áherslu á og ítrekar að borgaryfirvöld fylgi lögum og reglum um útboð og vísar í því sambandi til nýlegs úrskurðar um lögmati útboða borgarinnar.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir og Ámundi V. Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

12. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 21. júní 2021, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir vegna breytinga og endurbóta á Barónsstíg við Sundhöll Reykjavíkur, ásamt fylgiskjölum. Kostnaðaráætlun 2 er 30 m.kr. R21060195
Frestað.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir og Ámundi V. Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

13. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 21. júní 2021, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir við gatnagerð og yfirborðsfrágang á Sjómannaskólareit, ásamt fylgiskjölum. Kostnaðaráætlun 2 er 200 m.kr. R21060235
Samþykkt.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir og Ámundi V. Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

14. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 27. maí 2021, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að hefja kaup á vinnu við viðhald og þróun á hönnunarkerfi Reykjavíkurborgar, ásamt fylgiskjölum. R21050301
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Ekki eru lagðar fram neinar upplýsingar um kostnað og því ómögulegt að samþykkja málið.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg er ekki hugbúnaðarfyrirtæki. Reykjavíkurborg er sveitarfélag sem samkvæmt sveitarstjórnarlögum ber að halda uppi lögbundinni þjónustu og grunnþjónustu. Sú þjónusta er í molum. Áætlað er að 10 milljarðar fari á næstu

þremur árum í „stafræna umbreytingu“. Hvað er eiginlega í gangi hjá þessum meirihluta? Samstæðan skuldar hátt í 400 milljarða og er rekin á lánum. Borgarsjóður er yfirskuldsettur og áætlað er að taka rúmlega 34 milljarða króna rekstrarlán á árinu. Reykjavíkurborg er eins og áður segir ekki hugbúnaðarfyrirtæki heldur sveitarfélag. Nú er lagt fyrir borgarráð að fara í kaup á hönnunarkerfi og aðgangsvef fyrir Reykjavíkurborg. Kostnaðaráætlanir fylgja ekki og er borgarráð því að samþykkja óútfylltan tékka alveg blint. Slíkt er alls ekki boðlegt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Þjónustu- og nýsköpunarsvið óskar heimildar til að hefja kaup á vinnu við þróun á hönnunarkerfi Reykjavíkurborgar. Fulltrúi Flokks fólksins veltir fyrir sér í þessu sambandi hvort ekki er skynsamlegra að kanna hvort til sé hönnunarkerfi sem uppfyllir þær kröfur sem hér um ræðir. Þetta verður að skoða áður en farið er út í þróa eða smíða nýtt kerfi. Sambærileg kerfi eru í notkun víða. Fulltrúi Flokks fólksins telur að þjónustu- og nýsköpunarsvið eigi að nýta sér það sem nú þegar er til í stafrænum lausnum.

Óskar J. Sandholt, Þröstur Sigurðsson og Ólafur Sólímánn Helgason taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

15. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 4. júní 2021, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að hefja undirbúning og innkaup á nýjum innri innkaupa- og aðgangsvef fyrir borgina, ásamt fylgiskjölum. R21060047
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Ekki eru lagðar fram neinar upplýsingar um kostnað og því ómögulegt að samþykkja málið.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg er ekki hugbúnaðarfyrirtæki. Reykjavíkurborg er sveitarfélag sem samkvæmt sveitarstjórnarlögum ber að halda uppi lögbundinni þjónustu og grunnþjónustu. Sú þjónusta er í molum. Áætlað er að 10 milljarðar fari á næstu þremur árum í „stafræna umbreytingu“. Hvað er eiginlega í gangi hjá þessum meirihluta? Samstæðan skuldar hátt í 400 milljarða og er rekin á lánum. Borgarsjóður er yfirskuldsettur og áætlað er að taka rúmlega 34 milljarða króna rekstrarlán á árinu. Reykjavíkurborg er eins og áður segir ekki hugbúnaðarfyrirtæki heldur sveitarfélag. Nú er lagt fyrir borgarráð að fara í kaup á hönnunarkerfi og aðgangsvef fyrir Reykjavíkurborg. Kostnaðaráætlanir fylgja ekki og er borgarráð því að samþykkja óútfylltan tékka alveg blint. Slíkt er alls ekki boðlegt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins vill koma því á framfæri vegna beiðni þjónustu- og nýsköpunarsviðs um heimild til kaupa á áframhaldandi þróun og vinnu við heimasmiðað hönnunarkerfi Reykjavíkurborgar, að kannski hefði verið skynsamlegra og hentugra fyrir borgina að kaupa tilbúið hönnunarkerfi í stað þess að eyða miklum tíma og fjármagni í uppfinningu, þróun og vinnu við að smíða sitt eigið kerfi. Það hlýtur að vera til staðlað og samræmt hönnunarkerfi í notkun annars staðar hjá borgum eða jafnvel sveitarfélögum af svipaðri stærð og Reykjavíkurborg. Fulltrúi Flokks fólksins telur að skoða hefði átt að fara í þá vinnu fyrst og bera svo saman kostnað við kaup á tilbúnu kerfi við þann kostnað sem áætla má að verði við þetta heimasmiðaða hönnunarkerfi þjónustu- og nýsköpunarsviðs þegar það kerfi verður tilbúið.

Óskar J. Sandholt, Þröstur Sigurðsson og Ólafur Sólímánn Helgason taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

16. Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 11. júní 2021 ásamt skýrslu stjórnenda í barnavernd á höfuðborgarsvæðinu um stöðu barna með fjölþættan vanda. R21060132

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Sveitarfélögin hafa allt frá árinu 2012 óskað eftir faglegri og fjárhagslegri aðstoð frá ríkinu vegna málefna barna með fjölþættan vanda. Fjöl margar nefndir hafa starfað og ljóst er að til þess að lausn komist á málið þarf ríkið að koma til móts við sveitarfélögin. Nú árið 2021 liggur ennþá ekki ljóst fyrir hvar kostnaður vegna þjónustu við börn með fjölþættan vanda skuli liggja og ekki eru heldur fyrir hendi þau fjölbreyttu úrræði sem ljóst er að full þörf er á. Kostnaður sem áður lá hjá ríkinu hefur nú færst alfarið yfir á sveitarfélögin án þess að því hafi fylgt nokkuð fjármagn. Ríkið getur ekki skorast undan ábyrgð á þjónustu við börn með fjölþættan vanda og ljóst er að hluti þjónustunnar er á ábyrgð ríkisins s.s. geðheilbrigðisþjónusta. Borgarráð skorar á félags- og barnamálaráðherra og heilbrigðisráðherra að hlusta á ákall sveitarfélaganna og vinna að farsælli lausn málsins sem fyrst.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Nauðsynlegt er að koma á fjölbreyttum úrræðum sem henta þeim börnum sem hér um ræðir. Það gengur ekki að ríkið skorist undan fjárhagslegri og félagslegri ábyrgð og að einkarekin úrræði fylli í eyðurnar sem hafa myndast. Mikilvægt er að sú þjónusta sem þörf er á, sé til staðar. Ríki og sveitarfélög þurfa að vinna saman að farsælli lausn og börn og fjölskyldur þeirra eiga ekki að þurfa að lenda á milli í kerfi sem þjónar ekki þörfum þeirra. Fulltrúi sósíalista vísar einnig til bókunar velferðarráðs frá 16. júní s.l. þar sem skorað er á félags- og barnamálaráðherra og félagsmálaráðuneytið að hlusta á ákall sveitarfélaganna og vinna að farsælli lausn málsins sem fyrst börnum til heilla.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Sameinast þarf um að sinna þessum stóra og mikilvæga málaflokki. Sveitarfélög standa ekki ein undir að sinna málefnum barna með fjölþættan vanda. Óvissa er mikil sem snýr að kostnaði vegna þjónustu við börn með fjölþættan vanda og reynist það börnum og foreldrum þeirra mikið áhyggjuefni.

Regína Ásvaldsdóttir og Katrín Helga Hallgrímsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

17. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 9. júní 2021, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 8. júní 2021 á tillögu um breytingu á reglum um leikskólaþjónustu, ásamt fylgiskjöllum. R21060134
Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Einn stærsti vandi leikskólamála í Reykjavík er biðlisti. Ekki hefur tekist að finna lausn á honum. Það verður að fara að finna lausn enda ekki boðlegt foreldrum og börnum í Reykjavík ár eftir ár. Foreldrar þurfa einnig að geta treyst á að börn sín komist að þegar 18 mánaða aldri er náð. Fram kemur í gögnum að horft sé til þess að börn í ungarnaleikskólum fari í leikskóla fyrir eldri börn á því ári sem þau verða þriggja ára. Spurning er hvort þetta gæti ekki verið sveigjanlegt. Sum börn eru kannski tilbúin fyrr og önnur síðar. Um þetta finnst fulltrúa Flokks fólksins að

foreldrar ættu að hafa ákvörðunarvald. Almennt um þessar breytingar finnst fulltrúa Flokks fólksins að auka mætti sveigjanleika og auka vægi foreldra við ákvarðanatöku eins og hægt er.

Helgi Grímsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

18. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 9. júní 2021, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 8. júní 2021 á tillögu um breytingu á reglum um styrkveitingar í þróunar- og nýsköpunarsjóði, ásamt fylgiskjölum. R21060135
Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn leggur til breytingar á reglum um styrkveitingar í þróunar- og nýsköpunarsjóði. Almennt er það mat fulltrúa Flokks fólksins að styrkur skuli ekki greiddur að fullu fyrir en lokaskýrsla liggur fyrir og verkefni er lokið að fullu. Það hefur færst í vöxt að veita styrki sem er vel. Það er mikilvægt að mati fulltrúa Flokks fólksins að reglur um styrkveitingar eigi að vera samræmdar milli sviða í stað þess að sviðin útfæri þær hver á sinn hátt, enda gæti útfærslan þá annars orðið afar mismunandi.

Helgi Grímsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

19. Lagt fram bréf velferðarsviðs, dags. 21. júní 2021, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs og velferðaráðs frá 8. júní 2021 á tillögu um tímabundna fjölgun sérfræðinga til að vinna úr áhrifum COVID-19 á börn og unglinga, ásamt fylgiskjölum. R21060073
Frestað.

20. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð veiti umhverfis- og skipulagssviði heimild til að efna til opinnar hönnunar- og framkvæmdasamkeppni um samþættan leik- og grunnskóla með aðstöðu fyrir starfsemi frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar í Skerjafirði, skv. meðfylgjandi drögum að forsoð. Samkeppnin yrði haldin í samstarfi við Arkitektafélag Íslands. Skipuð verður dómnefnd sem semur samkeppnislýsingu, annast yfirferð tillagna og skilar niðurstöðum sínum til Reykjavíkurborgar. Áætlað er að niðurstaða samkeppninnar geti legið fyrir um mitt ár 2022.

Greinargerð fylgir tillögunni. R21060197

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Í Skerjafirði er nú að rísa íbúðabyggð fyrir allt að 1400 íbúðir. Bygging á nýjum samþættum leik- og grunnskóla með aðstöðu fyrir starfsemi frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar er hluti af uppbyggingu Skerjafjarðar. Gert er ráð fyrir áfangaskiptingu byggingarinnar eftir því sem að íbúum í Skerjafirði fjölgar. Hér er verið að samþykkja að hefja undirbúning að hönnunar- og framkvæmdasamkeppni um mannvirkid.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Engar upplýsingar eru um hver kostnaður er af þessari opnu hönnunar- og framkvæmdasamkeppni og því ekki hægt að samþykkja hana. Þó er ljóst að þetta mun kosta milljónir, ef ekki milljónatugi. Þessi vinnubrögð eru verulega ámælisverð, en því miður ekki einsdæmi.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Samþykkt var að borgarráð veiti umhverfis- og skipulagssviði heimild til að efna til opinnar hönnunar- og framkvæmdasamkeppni um samþættan leik- og grunnskóla með aðstöðu fyrir starfsemi frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar í Skerjafirði. Mjög margir óvissuþættir eru uppi um hið nýja hverfi s.s. lögmæti landfyllingar sem nú er í umhverfismati. Ekkert tillit er tekið til öryggishlutverks flugvallarins í Vatnsmýrinni en ljóst er að hann er ekki á förum. Umferðarmál eru óleyst. Alþingi samþykkti árið 2004 að stefnt skuli að friðlýsingu fjöru og grunnsævis Skerjafjarðar og hefur Náttúrufræðistofnun áréttað þær hugmyndir. Hafrannsóknarstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun hafa allar í umsögnum til Reykjavíkurborgar undirstrikað verndargildi fjörunnar. Það er alveg ljóst að ef farið verður í þessar framkvæmdir eiga þær eftir að hafa mikinn umferðarþunga í för með sér sem hlýst af stórum vörubílum og steypubílum, bæði keyrslu í landfyllingu og ekki síður á uppbyggingartíma. Minnt er á að olíumengun er í jörð á þessu svæði og þá fer borgarstjóri og meirihlutinn af stað með plön um uppbyggingu á leik- og grunnskóla auk frístundaheimils og félagsmiðstöðvar.

Helgi Grímsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

21. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að hafin verði undirbúningur að nýjum leikskóla í Völvufell í samræmi við hugmyndir í drögum að deiliskipulagi Breiðholts III. Leikskólinn gæti verið allt að 10 deildir og útileiksvæðið verði jafnframt opið almenningi utan leikskólatíma. Umhverfis- og skipulagssviði er falið að sjá um undirbúning í samráði við skóla- og frístundasvið og leikskólana í Efra Breiðholti. R21060090

Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fyrir borgarráð er tillaga meirihlutans að hafinn verði undirbúningur að nýjum leikskóla í Völvufell, í samræmi við hugmyndir í drögum að deiliskipulagi Breiðholts III. Sameina á, í hinum nýja skóla tvo skóla, Ösp og Holt. Leikskólinn gæti verið allt að 10 deildir og útileiksvæðið verði jafnframt opið almenningi utan leikskólatíma. Umhverfis- og skipulagssviði er falið að sjá um undirbúning í samráði við skóla- og frístundasvið og leikskólana í Efra Breiðholti. Fulltrúi Flokks fólksins vill að hugmyndin að tillögunni sé vel kynnt og að þeir, sem málið snertir, séu hafðir með frá byrjun. Nú reynir á vönduð og fagleg vinnubrögð meirihlutans og að haft verði samráð við alla þá sem málið snertir og að samráð verði ekki aðeins í formi tilkynninga um hvernig hlutirnir eigi að vera.

Helgi Grímsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

22. Lögð fram leiðrétt skýrsla stýrihóps um Elliðaárdal, dags. 15. júní 2021, sbr. 38. lið fundargerðar borgarráðs frá 10. júní 2021 ásamt fylgiskjöllum. R20110182

Á fundi borgarráðs 10. júní 2021 voru eftirtaldar bókanir lagðar fram:

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillögurnar tíu sem stýrihópurinn leggur til endurspegla virðingu fyrir dalnum og lífríkinu sem þar er. Meðal tillagna er að borgin og OR geri samning um skil fyrirtækisins á dalnum, að haldin verði hönnunarsamkeppni um gerð áningar- og útivistarsvæðis, flýtingu á aðskilnaði göngu- og hjólastíga í dalnum. Þá leggur

hópurinn til að stíflan standi áfram enda friðað mannvirki en hún verði gerð aðgengileg. Auk þess eru lagðar til skynsamlegar mótvægisáðgerðir, svo sem vöktun á lífríki, úrbætur til varnar mengun, góð vatnsgæði og æskilega vatnsstöðu. Hópnunum er þakkað fyrir skynsamlegar niðurstöður og er borgarstjóra því falið að framfylgja tillögum stýrihópsins með forystu Orkuveitunnar.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa gert skýra kröfu um að lónið verði fyllt að nýju og það án frekari tafa. Borgin er eigandi Elliðaánna og fer með 93% eignarhlut í Orkuveitu Reykjavíkur. Þess vegna er þessi niðurstaða meirihluta hópsins að fylla ekki lónið að nýju óskiljanleg, enda kemur hún hvorki til móts við íbúa né lífríkið á staðnum. Þess utan er alveg skýrt að ekki var farið að lögum þegar lónið var tæmt varanlega en lónið er hluti að gildandi deiliskipulagi og því óheimilt að tæma það varanlega. Það er mat skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar að lög hafi verið brotin. Á þetta er m.a. bent í séráliti Björns Gíslasonar, borgarfulltrúa og fulltrúa í starfshópnum.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er þyngra en tárur taki að Árbæjarlón hafi verið tæmt í skjóli nætur. Vönduð skýrsla starfshóps um Elliðaárdal var lögð fram á fundinum þar sem málin voru reifuð. Það er álit borgarfulltrúa Miðflokksins að án tafar verði farið í að leiðrétta þá ólögmetu framkvæmd, að tæma Árbæjarlónið, og að yfirborði lónsins verði aftur komið í það horf sem það á að vera samkvæmt deiliskipulagi, og það hefur verið í meira en hundrað ár.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í þessari skýrslu er ekki tekin skýr afstaða til stíflunnar. Hún er friðuð, hún hefur verið varanlega tæmd og fyrir liggur að Orkuveita Reykjavíkur er hætt raforkuframleiðslu í Elliðaám. Hvort stíflan fari eða veri, og veri hún, hvort þá verði gert eitthvað með hana er allt opið eftir því sem fram kemur í skýrslunni. Fulltrúi Flokks fólksins fagnar því sem fram kemur að nauðsynlegt er að hafa enn viðameira samráð og við fleiri en áður til að komast hjá óþarfa árekstrum. Tryggja verður alvöru samtal, samráð og upplýsingaflæði á meðal lykilaðila, íbúa og áhugafólks um dalinn. Það er afstaða fulltrúa Flokks fólksins að varðveita náttúru eins og hægt er. Því miður hefur verið gengið freklega á græn svæði, fjörur og aðra náttúru í borgarlandinu. Nú þegar er Elliðaárdalurinn heilmikið mótaður af mönnum og náttúran hefur vikið. Skoðun fulltrúa Flokks fólksins er að náttúran eigi að njóta vafans og unnið verði að því að Elliðaárnar renni eins og áður en þær voru virkjaðar. Ef heldur sem horfir með þá stefnu sem meirihlutinn rekur þá mun að lokum hvergi finnast ósnortin náttúra í borgarlandinu.

- Kl. 11.30 viku Eypór Laxdal Arnalds af fundinum og Jórunn Pála Jónasdóttir tekur þar sæti.

23. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita borgarstjóra heimild til að undirrita hjálagðan samning fyrir hönd Reykjavíkurborgar um gjöf til stofnunar Listasafns Nínu Tryggvadóttur. Jafnframt er lagt til að borgarráð samþykki að stofna Listasafn Nínu Tryggvadóttur sem stofnun Reykjavíkurborgar samkvæmt hjálagðri samþykkt. Samþykkt fyrir safnið verði send forsætisnefnd til umfjöllunar. R21060076

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Nína Tryggvadóttir er einn af ástsælustu listamönnum þjóðarinnar. Hér er verið að samþykkja stofnun safnsins ásamt samningi á um 1.500 verkum eftir listakonuna. Þá mun gefandi, Una Dóru Copley sem er dóttir Nínu, arfleiða safnið af öllum sínum eignum. Safnið verður staðsett í austurhluta Hafnarhússins.

Huld Ingimarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

24. Lagt fram bréf menningar- og ferðamálasviðs, dags. 18. júní 2021, sbr. samþykkt menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs frá 14. júní 2021 á samstarfssamningi við Samband íslenskra myndlistarmanna um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Muggtengslasjóð fyrir myndlistarmenn, ásamt fylgiskjölum. R21060077
Samþykkt.

Huld Ingimarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

25. Lagt fram bréf menningar- og ferðamálasviðs, dags. 21. júní 2021, sbr. samþykkt menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs frá 14. júní 2021 á samstarfssamningi um rekstur Iðnó, ásamt fylgiskjölum. R21060187
Samþykkt.

Huld Ingimarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

26. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 21. júní 2021, þar sem óskað er eftir að leigusamningur vegna Vonarstrætis 3 verði samþykktur. R21050148
Samþykkt.

Huld Ingimarsdóttir og Óli Jón Hertervig taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

27. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögur starfshóps um rekstur mannvirkja í Úlfarsárdal sbr. hjálagða skýrslu dags. 21. júní 2021. Í tillögum starfshópsins felst að sameiginlegur rekstur mannvirkja sem hýsa þjónustu skóla- og frístundasviðs, íþrótt- og tómstundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs verði hjá fjármála- og áhættustýringarsviði eða nánar tiltekið á eignaskrifstofu sviðsins. Eignaskrifstofu verði falið að útfæra tillögur starfshópsins með nánari hætti og hrinda í framkvæmd þeim verkefnum sem nauðsynleg eru til að þær nái fram að ganga, sbr. niðurstöður skýrslunnar.

Greinargerð fylgir tillögunni. R20090163
Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Mannvirkið í Úlfarsárdal er metnaðarfullt og mun rúma margt og marga. Tryggja þarf strax, að hópur eins og eldri borgarar, hafi aðkomu að ákveðnu rými þar sem þeir geta komið saman til tómstunda, eða gera hvaðeina sem þeim langar að gera saman. Sé það ekki skilgreint strax er hættu á að þessi hópur gleymist og verði út undan. Húsið er fyrir alla í hverfinu og á starfsemi þess að taka mið af og mótast af þörfum, vonum og væntingum íbúanna á hverjum tíma.

Halldóra Káradóttir og Óli Jón Hertervig taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

28. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 20. júní 2021, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki viðauka við samkomulag milli Reykjavíkurborgar og Kópavogs um afnot af svæðum í Fossvogsdal undir íþróttastarfsemi, ásamt fylgiskjöllum. R21060179
Samþykkt.

Halldóra Káradóttir og Óli Jón Hertervig taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

29. Lögð fram tillaga borgarstjóra, dags. 21. júní 2021, að viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar vegna fjárfestingaráætlunar A-hluta. Greinargerð fylgir tillögunni. R21030150
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Halldóra Káradóttir, Óli Jón Hertervig, Ámundi V. Brynjólfsson og Jón Valgeir Björnsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

30. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, þar sem minnisblað um áfangaskil samningaviðræðna við rekstaraðila og lóðarhafa eldsneytisstöðva í Reykjavík um uppbyggingu á ýmsum lóðum er sent borgarráði til kynningar. R16080049

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða samninga um fækkun á jarðefnaeldsneytisdælum úr 109 í 73 eða um 33% ásamt fækkun bensínstöðva í Reykjavík. Samningarnir sem hér er verið að samþykkja fela í sér að um þriðjung þeirra bensínstöðva í Reykjavík verði lokað og annars konar uppbygging eigi sér þar stað. Þetta er hluti af loftslagsáætlun borgarinnar og Græna planinu. Bensínstöðvarnar sem um ræðir eru Álfheimar 49, Álfabakki 7, Egilsgata 5, Ægissíða 102, Stóragerði 40, Skógarsel 10, Elliðabraut 2, Rofabær 30, Birkimelur 1, Skógarhlíð 16 og Suðurfell 4. Samtímis er gefið lóðarvilyrði fyrir fjölorkustöð á Esjumelum og uppbyggingu í Stekkjarbakka 4-6. Hér er stigið stórt skref í bættari og grænni landnýtingu í Reykjavík með verulegri fækkun bensínstöðva.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að unnt sé að fækka bensínstöðvum og nýta land undir frekari uppbyggingu. Um það er ekki deilt. Hér er hins vegar verið að semja við einkaaðila um uppbyggingu á mörgum reitum án þess að farið hafið fram umræða um útfærsluna í skipulags- og samgönguráði. Hér er um stórt og mikið hagsmunamál að ræða sem þarf að vanda mun betur en að leggja það fyrir fund borgarráðs í sumarfrí borgarstjórnar sem trúnaðarmál.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Nú hefur komið í ljós að fækkun bensínstöðva á höfuðborgarsvæðinu snerist ekki um umhverfismál og orkuskipti eins og sjá má hér þegar málið var tekið fyrir 9. maí 2019, https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/23_r16080049_-_samningsmarkmid_vegna_bensinstodvaloda.pdf Fækkunin snerist um að úthluta dýrmætum lóðum á besta stað í borginni til valdra aðila til að viðhalda þéttingar- og þrengingarstefnu borgarinnar, sem hefur fengið falleinkunn í skýrslum OECD, Sameinuðu þjóðanna og WHO. Það er ekki Reykjavíkurborgar að greiða upp tekjufall olúfélaganna af orkuskiptum með gjafagjöfningum.

Óli Jón Hertervig og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

31. Lögð fram tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, varðandi rammasamkomulag Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignasjóðs annars vegar og Olíuverzlunar Íslands ehf. og Haga ehf. hins vegar vegna fyrirhugaðra breytinga á aðstöðu eldsneytisstöðva Olís og ÓB, ásamt fylgiskjölum. R16080049

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að unnt sé að fækka bensínstöðvum og nýta land undir frekari uppbyggingu. Um það er ekki deilt. Hér er hins vegar verið að semja við einkaaðila um uppbyggingu á mörgum reitum, án þess að farið hafið fram umræða um útfærsluna í skipulags- og samgönguráði. Hér er um stórt og mikið hagsmunamál að ræða sem þarf að vanda mun betur en að leggja það fyrir fund borgarráðs í sumarfrí borgarstjórnar sem trúnaðarmál.

Óli Jón Hertervig og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

32. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt samkomulag Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignasjóðs annars vegar og Olíuverzlunar Íslands ehf. hins vegar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Álheimar 49 í Reykjavík. R16080049

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að unnt sé að fækka bensínstöðvum og nýta land undir frekari uppbyggingu. Um það er ekki deilt. Hér er hins vegar verið að semja við einkaaðila um uppbyggingu á mörgum reitum, án þess að farið hafið fram umræða um útfærsluna í skipulags- og samgönguráði. Hér er um stórt og mikið hagsmunamál að ræða sem þarf að vanda mun betur en að leggja það fyrir fund borgarráðs í sumarfrí borgarstjórnar sem trúnaðarmál.

Óli Jón Hertervig og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

33. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt samkomulag Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignasjóðs annars vegar og Olíuverzlunar Íslands ehf. hins vegar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Álfabakki 7 í Reykjavík, dags. 16. júní 2021. R16080049

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að unnt sé að fækka bensínstöðvum og nýta land undir frekari uppbyggingu. Um það er ekki deilt. Hér er hins vegar verið að semja við einkaaðila um uppbyggingu á mörgum reitum, án þess að farið hafið fram umræða um útfærsluna í skipulags- og samgönguráði. Hér er um stórt og mikið hagsmunamál að ræða sem þarf að vanda mun betur en að leggja það fyrir fund borgarráðs í sumarfrí borgarstjórnar sem trúnaðarmál.

Óli Jón Hertervig og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

34. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt samkomulag Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignasjóðs annars vegar og Olíuverzlunar Íslands ehf. hins vegar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Egilsgata 5 í Reykjavík, dags. 15. júní 2021. R16080049

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að unnt sé að fækka bensínstöðvum og nýta land undir frekari uppbyggingu. Um það er ekki deilt. Hér er hins vegar verið að semja við einkaaðila um uppbyggingu á mörgum reitum, án þess að farið hafið fram umræða um útfærsluna í skipulags- og samgönguráði. Hér er um stórt og mikið hagsmunamál að ræða sem þarf að vanda mun betur en að leggja það fyrir fund borgarráðs í sumarfrí borgarstjórnar sem trúnaðarmál.

Dóra Björt Guðjónsdóttir vîkur af fundinum við afgreiðslu málsins.

Óli Jón Hertervig og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

35. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt lóðarvilyrði til Olíuverzlunar Íslands ehf. fyrir lóð á Esjumelum fyrir fjölorkustöð. R16080049

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að unnt sé að fækka bensínstöðvum og nýta land undir frekari uppbyggingu. Um það er ekki deilt. Hér er hins vegar verið að semja við einkaaðila um uppbyggingu á mörgum reitum, án þess að farið hafið fram umræða um útfærsluna í skipulags- og samgönguráði. Hér er um stórt og mikið hagsmunamál að ræða sem þarf að vanda mun betur en að leggja það fyrir fund borgarráðs í sumarfrí borgarstjórnar sem trúnaðarmál.

Óli Jón Hertervig og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

36. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt samkomulag Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignasjóðs annars vegar og Haga hf. hins vegar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Stekkjarbakki 4-6 í Reykjavík, dags. 15. júní 2021. R16080049

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að unnt sé að fækka bensínstöðvum og nýta land undir frekari uppbyggingu. Um það er ekki deilt. Hér er hins vegar verið að semja við einkaaðila

um uppbyggingu á mörgum reitum, án þess að farið hafið fram umræða um útfærsluna í skipulags- og samgönguráði. Hér er um stórt og mikið hagsmunamál að ræða sem þarf að vanda mun betur en að leggja það fyrir fund borgarráðs í sumarfrí borgarstjórnar sem trúnaðarmál.

Óli Jón Hertervig og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

37. Lögð fram tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, varðandi rammakomulag Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignasjóðs annars vegar og Festi hf. og Krónan ehf. hins vegar vegna fyrirhugaðra breytinga á aðstöðu eldsneytisstöðva N1, ásamt fylgiskjöllum. R16080049

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að unnt sé að fækka bensínstöðvum og nýta land undir frekari uppbyggingu. Um það er ekki deilt. Hér er hins vegar verið að semja við einkaaðila um uppbyggingu á mörgum reitum, án þess að farið hafið fram umræða um útfærsluna í skipulags- og samgönguráði. Hér er um stórt og mikið hagsmunamál að ræða sem þarf að vanda mun betur en að leggja það fyrir fund borgarráðs í sumarfrí borgarstjórnar sem trúnaðarmál.

Óli Jón Hertervig og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

38. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálaga samkomulag Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignasjóðs annars vegar og Festi hf. hins vegar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Ægisíða 102 í Reykjavík, dags. 27. maí 2021. R16080049

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að unnt sé að fækka bensínstöðvum og nýta land undir frekari uppbyggingu. Um það er ekki deilt. Hér er hins vegar verið að semja við einkaaðila um uppbyggingu á mörgum reitum, án þess að farið hafið fram umræða um útfærsluna í skipulags- og samgönguráði. Hér er um stórt og mikið hagsmunamál að ræða sem þarf að vanda mun betur en að leggja það fyrir fund borgarráðs í sumarfrí borgarstjórnar sem trúnaðarmál.

Óli Jón Hertervig og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

39. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálaga samkomulag Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignasjóðs annars vegar og Festi hf. hins vegar um Hringbraut 12 í Reykjavík, dags. 27. maí 2021. R16080049

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að unnt sé að fækka bensínstöðvum og nýta land undir frekari uppbyggingu. Um það er ekki deilt. Hér er hins vegar verið að semja við einkaaðila

um uppbyggingu á mörgum reitum, án þess að farið hafið fram umræða um útfærsluna í skipulags- og samgönguráði. Hér er um stórt og mikið hagsmunamál að ræða sem þarf að vanda mun betur en að leggja það fyrir fund borgarráðs í sumarfrí borgarstjórnar sem trúnaðarmál.

Óli Jón Hertervig og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

40. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt samkomulag Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignasjóðs annars vegar og Festi hf. hins vegar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Stóragerði 40 í Reykjavík, dags. 27. maí 2021. R16080049

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að unnt sé að fækka bensínstöðvum og nýta land undir frekari uppbyggingu. Um það er ekki deilt. Hér er hins vegar verið að semja við einkaaðila um uppbyggingu á mörgum reitum, án þess að farið hafið fram umræða um útfærsluna í skipulags- og samgönguráði. Hér er um stórt og mikið hagsmunamál að ræða sem þarf að vanda mun betur en að leggja það fyrir fund borgarráðs í sumarfrí borgarstjórnar sem trúnaðarmál.

Óli Jón Hertervig og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

41. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt samkomulag Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignasjóðs annars vegar og Festi hf. hins vegar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Skógarsel 10 í Reykjavík, dags. 27. maí 2021. R16080049

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að unnt sé að fækka bensínstöðvum og nýta land undir frekari uppbyggingu. Um það er ekki deilt. Hér er hins vegar verið að semja við einkaaðila um uppbyggingu á mörgum reitum, án þess að farið hafið fram umræða um útfærsluna í skipulags- og samgönguráði. Hér er um stórt og mikið hagsmunamál að ræða sem þarf að vanda mun betur en að leggja það fyrir fund borgarráðs í sumarfrí borgarstjórnar sem trúnaðarmál.

Óli Jón Hertervig og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

42. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt samkomulag Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignasjóðs annars vegar og Festi hf. hins vegar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Elliðabraut 2 í Reykjavík, dags. 27. maí 2021. R16080049

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að unnt sé að fækka bensínstöðvum og nýta land undir frekari uppbyggingu. Um það er ekki deilt. Hér er hins vegar verið að semja við einkaaðila um uppbyggingu á mörgum reitum, án þess að farið hafið fram umræða um útfærsluna í skipulags- og samgönguráði. Hér er um stórt og mikið hagsmunamál að ræða sem þarf að vanda mun betur en að leggja það fyrir fund borgarráðs í sumarfrí borgarstjórnar sem trúnaðarmál.

Óli Jón Hertervig og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

43. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt samkomulag Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignasjóðs annars vegar og Krónan ehf. hins vegar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Rofabæ 39 í Reykjavík, dags. 27. maí 2021. R16080049

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að unnt sé að fækka bensínstöðvum og nýta land undir frekari uppbyggingu. Um það er ekki deilt. Hér er hins vegar verið að semja við einkaaðila um uppbyggingu á mörgum reitum, án þess að farið hafið fram umræða um útfærsluna í skipulags- og samgönguráði. Hér er um stórt og mikið hagsmunamál að ræða sem þarf að vanda mun betur en að leggja það fyrir fund borgarráðs í sumarfrí borgarstjórnar sem trúnaðarmál.

Óli Jón Hertervig og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

44. Lögð fram tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, varðandi rammisamkomulag Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignasjóðs annars vegar og Skeljungs hf. hins vegar vegna fyrirhugaðra breytinga á aðstöðu eldsneytisstöðva Skeljungs og Orkunnar, ásamt fylgiskjöllum. R16080049

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að unnt sé að fækka bensínstöðvum og nýta land undir frekari uppbyggingu. Um það er ekki deilt. Hér er hins vegar verið að semja við einkaaðila um uppbyggingu á mörgum reitum, án þess að farið hafið fram umræða um útfærsluna í skipulags- og samgönguráði. Hér er um stórt og mikið hagsmunamál að ræða sem þarf að vanda mun betur en að leggja það fyrir fund borgarráðs í sumarfrí borgarstjórnar sem trúnaðarmál.

Óli Jón Hertervig og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

45. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt samkomulag Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignasjóðs annars vegar og Skeljungs hf. hins vegar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Birkimelur 1 í Reykjavík, dags. 15. júní 2021. R16080049

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að unnt sé að fækka bensínstöðvum og nýta land undir frekari uppbyggingu. Um það er ekki deilt. Hér er hins vegar verið að semja við einkaaðila um uppbyggingu á mörgum reitum, án þess að farið hafið fram umræða um útfærsluna í skipulags- og samgönguráði. Hér er um stórt og mikið hagsmunamál að ræða sem þarf að vanda mun betur en að leggja það fyrir fund borgarráðs í sumarfrí borgarstjórnar sem trúnaðarmál.

Óli Jón Hertervig og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

46. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt samkomulag Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignasjóðs annars vegar og Skeljungs hf. hins vegar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Skógarhlíð 16 í Reykjavík, dags. 16. júní 2021. R16080049

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að unnt sé að fækka bensínstöðvum og nýta land undir frekari uppbyggingu. Um það er ekki deilt. Hér er hins vegar verið að semja við einkaaðila um uppbyggingu á mörgum reitum, án þess að farið hafið fram umræða um útfærsluna í skipulags- og samgönguráði. Hér er um stórt og mikið hagsmunamál að ræða sem þarf að vanda mun betur en að leggja það fyrir fund borgarráðs í sumarfrí borgarstjórnar sem trúnaðarmál.

Óli Jón Hertervig og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

47. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2021, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt samkomulag Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignasjóðs annars vegar og Skeljungs hf. hins vegar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Suðurfell 4 í Reykjavík, dags. 16. júní 2021. R16080049

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að unnt sé að fækka bensínstöðvum og nýta land undir frekari uppbyggingu. Um það er ekki deilt. Hér er hins vegar verið að semja við einkaaðila um uppbyggingu á mörgum reitum, án þess að farið hafið fram umræða um útfærsluna í skipulags- og samgönguráði. Hér er um stórt og mikið hagsmunamál að ræða sem þarf að vanda mun betur en að leggja það fyrir fund borgarráðs í sumarfrí borgarstjórnar sem trúnaðarmál.

Óli Jón Hertervig og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

48. Lagður fram dómur Landsréttar í máli nr. 35/2020. R18060204

49. Lagður fram dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. 2712/2020. R20040154

50. Lagðir fram úrskurðir kærufndar útboðsmála í málum nr. 1/2020, 17/2020 og 44/2020. R21010081

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Viðskipti borgarinnar við dótturfélög sín hafa ítrekað verið úrskurðuð ólögleg. Þrátt fyrir þessa úrskurði heldur borgin uppteknum hætti og hefur fellt tillögu Sjálfstæðismanna í borgarstjórn um að viðskiptin yrðu boðin út. Ekkert er gert til að bæta þetta ráðslag. Það er algerlega óboðlegt

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Lögð er fram kippa af úrskurðum kærunefndar útboðsmála í málum tengdum Orku náttúrunnar sem féllu Reykjavíkurborg í óhag. Eru þessir úrskurðir mikill áfellingisdómur yfir innkaupamálum borgarinnar. Samanlagður kostnaður vegna stjórnvaldssektar og málskostnaðar kæranda var 18,5 milljón og að auki er kveðið á um skaðabótaskyldu Reykjavíkur í einu málanna. Á borgarráðsfundi var upplýst um, að í morgun hafi verið þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur stefna á hendur fyrirtæki, sem hafði betur fyrir kærunefndinni í ólöglegu útboði á sviði ljósastýringarmála. Langt er seilst hjá borginni að stefna þeim sem hafa betur hjá kærunefndinni vegna ólöglegra útboða.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Þessir úrskurðir kosta stjórnvaldssekt til ríkisins, 8 milljónir og 1,5 milljón í málskostnað vegna orkukaupa, og hafa þau áhrif að taka þarf upp samninga í orkukaupum. Í LED málinu þarf borgin að greiða 3 milljónir í sekt og bætur og í samningum um hleðslustöðvar þarf að greiða 4 milljónir í stjórnvaldssekt og 2 milljónir í málskostnað. Samning um hleðslustöðvar þarf að taka upp að nýju. Samtals 18,5 milljónir eru farnar í súginn vegna lélegrar stjórnsýslu. Fulltrúi Flokks fólksins vill spyrja aftur hvort þeir sem annast þessi mál hjá borginni kunni að þurfa endurmenntun eða frekari fræðslu? Vegna þessa er núna ekkert rukkað fyrir hleðslu á rafhleðslustöðvum.

Eyþóra Kristín Geirsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

51. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 21. júní 2021, varðandi yfirlit yfir fyrirspurnir og tillögur í borgarráði, ásamt fylgiskjölum. R21050170

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er áfellingisdómur yfir borgarstjóra og meirihlutanum að sjá yfirlit yfir fyrirspurnir og tillögur frá borgarfulltrúum. Fimm fyrirspurnir frá 2019 liggja ósvaraðar frá borgarfulltrúa Miðflokksins og tólf frá 2020. Meginreglan er sú að svara beri fyrirspurnum innan mánaðar frá því þær eru lagðar fram. Þetta er algjörlega óásættanlegt fyrir kjörna fulltrúa sem hafa ríkt eftirlitshlutverk með störfum borgarstjóra og meirihlutans. Er því skorað á skrifstofustjóra borgarstjórnar að fá svör við útiliggjandi fyrirspurnum fyrir 1. ágúst nk.

52. Lögð fram á nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um endurskoðun á reglum og samþykktum vegna spilakassa, sbr. 31. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. mars 2021. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu borgarstjórnar, dags. 7. júní 2021. R21030282
Samþykkt að vísa tillögunni frá.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fram kemur að ekki sé tilefni til að taka tillöguna til frekari skoðunar m.a. vegna þess að Reykjavík hafi ekki sett sér reglur eða samþykktir um rekstur spilakassa sem unnt er að endurskoða í samræmi við markmið tillögunnar. Tillögunni er því vísað frá. Borgin hefur ýmsar heimildir til að setja reglur eða samþykktir sem gætu komið í veg fyrir áframhaldandi rekstur spilakassa í borginni, eða a.m.k. dregið úr

slíkri starfsemi. Lögreglusamþykkt Reykjavíkur kveður m.a. á um að enginn megi reka leiktækjastað eða þess háttar starfsemi gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, sbr. 27. gr. lögreglusamþykktar. Þá fellur rekstur spilakassa undir slíka starfsemi, sbr. 2. gr. lögreglusamþykktar. Fram kemur í svari að Reykjavík getur ákveðið hvar heimilt er að reka slíka starfsemi. Jafnvel þótt engar reglur hafi verið settar um rekstur spilakassa af hálfu borgarinnar þá eru í gildi ýmsar samþykktir sem hægt er að breyta og gera þar með ítarlegri kröfur til rekstraraðila hyggist þeir reka spilakassa. Hægt væri t.d. að gera kröfu um að ekki megi selja áfengi eða veitingar í spilasölum eða að ekki megi reka spilakassa í rými þar sem fari fram veitingasala eða áfengissala. Skoða má hvort slík reglusetning myndi rúmast innan heimilda borgarinnar.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflakks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi sósíalísta styður þessa tillögu heilshugar og mikilvægt er að beina því til Alþingis að breytingar verði gerðar varðandi rekstur spilakassa svo að koma megi í veg fyrir slíkan rekstur, enda mjög skaðsamur þeim með spilafíkn líkt og umræður síðustu missera hafa sýnt fram á.

53. Lögð fram fundargerð fjölmeningarráðs frá 14. júní 2021. R21010020
54. Lögð fram fundargerð innkaupa- og framkvæmdaráðs frá 10. júní 2021. R21010004
55. Lagðar fram fundargerðir íbúaráðs Breiðholts frá 7. og 16. júní 2021. R21010025
56. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Kjalarness frá 19. júní 2021. R21010029
57. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Laugardals frá 14. júní 2021. R21010030
58. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Vesturbæjar frá 16. júní 2021. R21010032
59. Lögð fram fundargerð mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs frá 10. júní 2021. R21010005

Áheyrnarfulltrúi Flakks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 16. lið fundargerðarinnar:

Tillögu fulltrúa Flakks fólksins um að standa vörð um alla minnihlutahópa í borginni hefur verið vísað frá í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði. Það er mjög sjaldan sem mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð hefur fjallað um málefni eldri borgara og vill fulltrúi Flakks fólksins beita sér fyrir að málefni þeirra fái þar meiri forgang. Eldri borgarar er hópur fólks sem langflestir eiga eftir að tilheyra, ef Guð lofar. Þetta er fólkið sem hefur lagt sitt af mörkum til samfélagsins allt sitt fullorðinslíf og langar til að fá að lifa ævikvöldið sitt áhyggjulaust og með þeim hætti sem það sjálft kys. Hvetja þarf borgarstjórn til að taka málefni eldri borgara ofar á forgangslistann og samþykkja fleiri tillögur þeim til heilla. Það mætti sem dæmi færa rök fyrir því að, sé maður skikkaður til að hætta að vinna 70 ára þrátt fyrir fulla starfsgetu, þá sé það mannréttindabrot. Losa þarf um allar hindranir sem standa í vegi fyrir þeim sem vilja halda áfram að vinna eftir sjötugt. Huga þarf einnig að betri þjónustu til þeirra sem vilja búa heima. Þá er átt við sem dæmi að fjölga þyrfti þjónustubáttum og dýpka þá sem fyrir eru.

60. Lögð fram fundargerð menningar-, íþróttar- og tómsundaráðs frá 14. júní 2021. R21010006
61. Lögð fram fundargerð skipulags- og samgönguráðs frá 23. júní 2021. R21010008
B-hluti fundargerðarinnar er samþykktur.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 24. lið fundargerðarinnar:

Fulltrúi Flokks fólksins fékk svör við nokkrum spurningum er varðar styrk vegna glerskipta við götur þar sem umferð veldur hávaða. Svörin benda til þess að úrræðið sé kannski ekki nógu vel kynnt. Fulltrúa Flokks fólksins finnst mikilvægt að styrkur sem þessi renni til margra en ekki fárra þótt um lægri upphæðir verði þá að ræða. Það er auk þess mat fulltrúa Flokks fólksins að svona styrki eigi að tekjutengja. Þeir sem hafa efni á glerskiptum eiga að fjármagna það sjálfir en hjálpa á frekar hinum efnaminni sem hafa engin önnur ráð en að leita eftir styrkjum með vandamál af þessu tagi. Miðað við 65 desibela jafngildishávaðastig yfir sólarhringinn má búast við að við fjölda húsa víðsvegar í borginni sé hávaði. Hitt er annað mál, að það að kaupa hús í gömlum grónum hverfum hefur bæði galla og kosti. Þeir sem kaupa gömul hús vita að þau eru ekki eins vel einangruð og ný hús. Augljóst er hvaða hús eru við umferðargötur. Ekkert á að koma á óvart. Í hverfum í uppbyggingu er hins vegar erfiðara að sjá allt fyrir.

62. Lagðar fram fundargerðir skóla- og frístundaráðs frá 8. júní 2021. R21010007

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 5. lið fundargerðarinnar:

Þjónusta fyrir börn með sérstakar þjónustufarfir. Fulltrúi Flokks fólksins hefur margsinnis rætt um að nauðsynlegt sé að gera árangursmælingar á sérkennslu. Í sérkennslu eru um 30% af grunnskólabörnum án þess að árangur sé metinn. Börn kunna einnig að vera að fá mismunandi þjónustu eftir því hvar þau búa. Allt of langur tími hefur farið hjá þessum meirihluta í að koma því á blað að mæla þarf árangur og enn lengri tími líður áður en það kemst til framkvæmdar. Sérkennarar eru ofhlaðnir og undir miklu álagi. Í þeirra hópi eru börn ekki aðeins með námserfiðleika af ýmsu tagi og á ýmsum stigum heldur einnig með hegðunarvanda/raskanir. Þetta tvennt fer vissulega stundum saman en alls ekki alltaf. Barn sem ekki fær viðeigandi aðstoð við vanda sínum tapar fljótlega sjálfstrausti sínu og sjálfsöryggi og þá aukast líkur þess að birtingarmyndir þess sýni sig í hegðun og atferli. Hópur þeirra sem útskrifast án þess að geta lesið sér til gagns fer stækkandi. Löngu tímabært er að meta með kerfisbundnum hætti árangur með reglulegum hlutlægum mælingum til að greina hvort stuðningur hafi leitt til bættrar stöðu barna og ef ekki, að greina og innleiða helstu tækifæri til úrbóta.

63. Lögð fram fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 31. maí 2021. R21010015

64. Lagðar fram fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 15. apríl og 21. maí 2021. R21010013

65. Lagðar fram fundargerðir velferðarráðs frá 8. og 16. júní 2021. R21010009

66. Lagðar fram fundargerðir öldungaráðs frá 12. apríl, 3. maí og 7. júní 2021. R21010022

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 1. lið fundargerðarinnar:

Reykjavík er þátttakandi í samvinnu við alþjóða heilbrigðismálastofnunina um verkefnið Aldursvænar borgir. Meðal þess sem horft er til þegar talað er um aldursvænar borgir er húsnæðismál, samgöngur, aðgengi, heilsugæsla, félagsleg þátttaka, upplýsingaflæði, samfélagsleg þátttaka og atvinna fyrir eldri borgara. Hvar stendur Reykjavík með þessa þætti? Sennilega vel með margt, en ekki þegar kemur að samstarfi og þátttöku eldri borgara í samfélaginu. Reykjavíkmeirihlutinn lofaði að horfa til sveigjanlegra vinnuloka þegar hann tók við en ekkert bólar á slíku nú þegar ár er til kosninga. Það er löngu tímabært að leyfa þeim sem það geta og

vilja að halda áfram að sinna starfi sínu þótt sjötugsaldri sé náð. Borgin ætti líka að þrýsta á ríkið að draga úr skerðingum á lífeyri vegna atvinnutekna svo sem að frítekjumark vegna atvinnutekna yrði hækkað úr 100.000 kr. í 200.000 kr. eða afnumið alfarið. Í kjarasamningi segir að yfirmanni sé heimilt að „endurráða þann sem náð hefur 70 ára aldri í annað eða sama starf á tímavinnukaupi, allt að hálfu starfi, án þess að það hafi áhrif á rétt hans til töku lífeyris.“ Þetta er tyrfin leið.

67. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls 19 mál. R21050254

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Undir embættisafgreiðslum skrifstofu borgarstjórnar er lögð fram fundargerð 31. eigendafundar Strætó bs. Þar er fjallað um útvistun á akstri þar sem samþykkt var sú tillaga að stofna verkefnahóp og kaup á verkefnastjórnun sem hefur þann tilgang að rýna þá möguleika sem fyrir eru í útboðsmálum, og koma með tillögum til stjórnar Strætó haustið 2021. Tillögurnar eigi að fjalla um stærð og tímasetningu útboða m.t.t. þess að útboðum sé skipt upp á mismunandi ár, ásamt áhættumati á verkefninu. Hópurinn verði skipaður fulltrúum með sérfræðipækkingu á leiðakerfinu, innkaupamálum o.fl. Fulltrúi sósíalista leggst alfarið gegn útvistun á akstri hjá Strætó bs. Mikilvægt er að starfsfólk sem vinni fyrir fyrirtækið sé fastráðið hjá því en fái ekki lakari kjör hjá verktökum. Undir embættisafgreiðslum er einnig fjallað um drög að viðaukum við stofnsamninga SORPU bs. og Strætó bs. Þar er fjallað um þá tillögu að stefnuráði byggðasamlaganna verði komið á fót sem samanstandi af fulltrúum meiri- og minnihluta innan borgar- og bæjarstjórna. Gott er að auka aðkomu fulltrúa að byggðasamlögum en fulltrúi sósíalista ítrekar einnig mikilvægi þess að starfsfólk byggðasamlaganna, t.d. vagnstjórnar hjá Strætó bs. komi að ráðum sem taki ákvarðanir fyrir byggðasamlögin.

68. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019. R21050318

- Kl. 14.25 víkja Heiða Björg Hilmisdóttir og Dóra Björt Guðjónsdóttir af fundinum.

69. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að hafist verði handa sem fyrst við varðveislu og endurgerð grásleppuskúranna við Ægisíðu sem eru í afar slæmu ásigkomulagi og ekki svipur hjá sjón frá því sem áður var og lítið orðið eftir af þeim. Mikilvægt er að þessum merku menningarminjum verði bjargað en Grímsstaðavör er mikilvægur þáttur í atvinnusögu Reykjavíkur og þar eru elstu minjar um smábátáutgerð í Reykjavík. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks um endurgerð grásleppuskúranna var samþykkt samhljóða í menningar- og ferðamálaráði árið 2014 en lítið hefur verið aðhafst frá þeim tíma og betur má ef duga skal. Nú verður að bregðast við áður en þessar menningarminjar drabbast enn meira niður og hverfa. R21060238

Frestað.

70. Áheyrnarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í vinnustaðagreiningu Strætó bs. frá því 2021 er fjallað um starfsánægju og fleiri þætti í starfi. Nær vinnustaðagreiningin til alls starfsfólks Strætó bs. eða bara til þeirra sem eru fastráðnir til Strætó bs.? Um 55% af akstri Strætó bs. er á vegum verktaka; Kynnisferða og Hagvagna. Nær vinnustaðagreiningin líka til þeirra sem sinna akstri fyrir Strætó bs. en eru ráðnir inn í gegnum önnur fyrirtæki? Ef ekki er

óskað eftir niðurstöðum úr vinnustaðagreiningu, ef þær eru til staðar, hjá vagnstjórum sem aka fyrir Strætó bs. en eru ráðnir inn í gegnum Kynnisferðir og Hagvagna. R21060247

Vísað til umsagnar Strætó bs.

71. Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Samkvæmt bréfi til borgarráðs, dags. 17. maí 2021, var óskað eftir að borgarráð heimilaði þjónustu og nýsköpunarsviði að fara í innkaup til að framhalda allsherjar innleiðingu á fjarfundarbúnaði fyrir 160 milljónir. Á fundi borgarráðs 10. júní var samþykkt að fjárheimildir sviðsins hækkuðu um 54.381.000 kr. vegna reksturs fjarfundarkerfa í stjórnsýsluhúsum borgarinnar og var kostnaðaraukinn fjármagnaður af kostnaðarlið 09205 ófyrirséð. Hin svokallaða neyðarstjórn Reykjavíkur tók ákvörðun um þau útgjöld og fór þar með fram hjá borgarráði og borgarstjórn og kostnaðurinn var ekki færður í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 þrátt fyrir að stofnað hafi verið til útgjaldanna í byrjun mars 2020. Farið var í að kaupa fjarfundarbúnaðinn Cisco Webex en allur tölvu- og skjábúnaður er leigður. Óskað er eftir sundurliðuðum kostnaði tæmandi talið hvernig þessar rúmu 214 milljónir skiptast. R21050181

72. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúa Flokks fólksins barst það til eyrna nýlega að starf deildarstjóra sérkennslu í Melaskóla hefur verið lagt niður. Deildarstjórinn er talmeinafræðingur. Óskað er svara við: 1. Hvers vegna var staða deildarstjóra sérkennslu við Melaskóla lögð niður? 2. Var deildarstjóra sérkennslu Melaskóla, sem er talmeinafræðingur að mennt, boðin staða sem slíkur við skólann þegar staða hennar sem deildarstjóri var lögð niður? R21060239

Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

73. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur óskað eftir að borgarráð heimili sviðinu að hefja kaup á vinnu við viðhald og þróun á hönnunarkerfi Reykjavíkurborgar. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort ekki hefði verið skynsamlegra á sínum tíma, að í stað þess að þjónustu- og nýsköpunarsvið hafi byrjað á því að hanna sitt eigið kerfi með öllum þeim áframhaldandi þróunar og sérsmiðiskostnaði, að kanna frekar til hlítar hvort tilbúið hönnunarkerfi hafi ekki verið til sem hægt hefði verið að kaupa fullbúið? Einnig langar borgarfulltrúa Flokks fólksins að vita hvort til sé raunhæf kostnaðaráætlun fyrir þetta verkefni sem miðast við hugsanlegan heildarkostnað þegar og ef þetta heimasmiðað kerfi verði fullklárað. R21050301

Vísað til meðferðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs.

74. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur orðið þess áskynja að foreldrar barna sem eru að hefja leikskólagöngu í haust er haldið í óvissu með hvenær börn þeirra geta hafið aðlögun. Óvissa er ávallt slæm og hefur neikvæð áhrif á líðan auk þess sem það raskar því að hægt sé að skipuleggja vinnu, pössun og fleira í kringum barnið. Óskað er upplýsinga um af hverju ekki er hægt að upplýsa foreldra um þessa hluti og þeim sagt með nokkurri nákvæmni hvenær barn þeirra getur hafið aðlögun á komandi hausti. Enda þótt mönnun liggja ekki endanlega fyrir má það alls ekki bitna á þjónustuþegum. Þetta er eitt af þeim hlutum sem borgarmeirihlutinn og skóla- og frístundasvið verður að taka ábyrgð á og sjá til þess að fjölskyldur séu ekki settar í óþarfa óvissu og uppnám vegna vanda sem tengist rekstrinum. R21060245

Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

75. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Á fundi borgarráðs 24. júní var lagt fram yfirlit yfir fyrirspurnir og tillögur flokkanna sem lögð hafa verið fram í borgarráði. Fulltrúi Flokks fólksins vill þakka fyrir það á sama tíma og lagt er til að mál fulltrúa Flokks fólksins verði sett inn á heimasvæði hans á vef Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/borgarfulltruar/kolbrun-baldursdottir>. Um er að ræða öll mál, tillögur og fyrirspurnir Flokks fólksins sem birt eru í ofangreindu yfirliti. R21060246

Frestað.

Fundi slitið kl. 14:33

Líf Magneudóttir

Pawel Bartoszek
Marta Guðjónsdóttir

Jórunn Pála Jónasdóttir

USK Skipulag

Frá: Hildur Gunnarsdóttir [REDACTED]
Sent: fimmtudagur, 7. september 2023 08:27
Til: USK Skipulag
Afrit: Hrafnhildur Sverrisdóttir
Efni: Athugasemd nágranna Mjóddar

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Lokið

Sæl.

4 nöfn bættust við úr 2 húsum:
Sigríður Sunneva Vigfúsdóttir, Fornastekk 9
Guðmundur Sigbórsson, Fornastekk 9
Kristín Norðfjörð, Geitastekk 5
Sunna Guðlaugsdóttir, Þjóttuseli 3

Takk fyrir,
Hildur




Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. ágúst 2023
Mál nr. 447/2023

Efni: Umsögn Strætó bs. um Norður Mjódd – Stekkjarbakki 4-6 og Álfabakki 7 - skipulagslýsing

Strætó styður það meginmarkmið skipulagsvinnunnar að skilgreina blandaða byggð sem tekur mið af fyrirhugaðri borgarlínubiðstöð.

Borgarlínuleiðir verða hluti af heildstæðu leiðaneti almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu - Nýju leiðaneti, sem samanstendur af stofnleiðum og almennum leiðum. 6 af 8 stofnleiðum munu verða borgarlínuleiðir eftir því sem innviðir Borgarlínu byggjast upp. Mikilvægt er að huga að því að á svæðinu munu auk borgarlínuleiðarinnar C og stofnleiðarinnar G, almennu leiðirnar H, L og O, aka um svæðið. Hugsa þarf að því að skipting milli almennra leiða við borgarlínuleið og stofnleið í Mjódd verði sem bestar og að almennar leiðir geti auðveldlega ekið inn og út frá Mjódd. Meta þarf hvort þörf sé á stoppistöð á norðurhluta svæðisins líkt og er í drögum að Nýju leiðaneti. Ekki hefur verið farið í nánari vinnu á greiningu á því hvernig skiptingar í Mjódd eiga að vera í framtíðarleiðaneti og nákvæma staðsetningu biðstöðva á svæðinu heldur er einungis um skematíska teikningu að ræða í drögum að Nýju leiðaneti (sjá Mynd 1). Best er ef að allar leiðir geti ekið greiðlega að sameiginlegri skiptistöð í Mjódd.



Mynd 1. Núverandi drög að Nýju leiðaneti sýna stoppistöð á norðanverðu svæðinu en ekki er víst að þörf sé á henni, en mikilvægt er að skipting milli leiða í Mjódd verði einfaldar og þægilegar fyrir farþega

Enn er ekki ljóst hvar borgarlínan mun aka í gegnum svæðið, það getur verið að borgarlínan muni aka Stekkjarbakka að og frá Mjódd en ekki Reykjanesbraut (líkt og gert er ráð fyrir í drögum að Nýju leiðaneti).



strætó.is

Nýtt deiluskipulag ætti að sjá til þess að þéttleiki verði sem mestur næst stoppistöðvum og aðgengi að stoppistöðvum verði eins og best verður á kosið. Við óskum þess að náið samráð verði haft við Strætó við áframhaldandi gerð skipulagsins á svæðinu.

Virðingarfyllst,
Skipulagsdeild Strætó bs.

Vegna: Máls nr. 0447/2023, Norður Mjódd - Stekkjarbakki 4-6 og Álfabakki 7 - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd:

Höfundur: Sigrún Valdimarsdóttir [REDACTED]

Sent inn þann: 31.08.2023

Umsögn vegna skipulagslýsingar fyrir Norður-Mjódd – Stekkjarbakka 4-6 og Álfabakka 7

Sem íbúi í Staðarbakka hef ég gríðarlegar áhyggjur af skipulagslýsingu Norður-Mjóddar – Stekkjarbakka 4-6 og Álfabakka 7. Skuggavarp af 7 hæða byggingum mun hafa gríðarlega neikvæð áhrif á lífsgæði mín sem íbúi í Staðarbakka sem og rýra verðgildi eignar minnar og sem og nágranna minna þar sem garðar okkar snúa allir í suður, þ.e. í átt að Mjódd. Skuggavarp af 7 hæða mannvirki í Mjódd myndi því fækka mikið sólarstundum á pallinum hjá mér.

Einnig snúa áhyggjur mínar að umferðarþunga í hverfinu sem mun einnig hafa neikvæð áhrif á lífsgæði þar sem loftgæði munu versna mikið og hávaði frá umferð mun aukast til muna. Í lýsingunni er talað um 0,6 bílastæði á hverja íbúð og mun þetta auka líkur á því að bílum verði lagt í nærliggjandi götum í auknu magni og að þar muni íbúar Mjóddar vera að leita leiða til að koma fyrir bílum sínum sem næst íbúð sinni.

Innviðir í hverfinu, svo sem leikskólar, skólar, heilsugæsla sem og önnur þjónusta, býður ekki upp á svo mikla aukningu íbúa en hvergi er minnst á lausnir í þeim efnunum í skipulagslýsingu Norður-Mjóddar.

Sem íbúi í hverfinu og ekki bara í hverfinu heldur í raðhúsi sem liggur næst Mjódd er ég alfarið á móti skipulagslýsingu Norður-Mjóddar eins og hún er lögð fram og hvet ég Reykjavíkurborg til að draga hana til baka og vinna skipulag svæðisins upp á nýtt í samræmi við lög og með hagsmuni núverandi íbúa að leiðarljósi.

Mér finnst sorglegt að vita til þess að eitt best hannaða og skipulagða hverfi, sem Breiðholtið er, skuli verða eyðilagt á þennan hátt ef af þessu verður. Reykjavíkurborg ætti heldur að halda hönnunarsamkeppni þar sem unnið er með núverandi skipulag hverfisins og að allar viðbætur við það samræmist þeim mannvirkjum og skipulagi sem fyrir eru.



Umsögn

Til: Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins
Frá: Jóni Kjartani Ágústssyni, svæðisskipulagsstjóra
Efni: Norður Mjódd, Stekkjarbakki 4-6, Álfabakki 7, skipulagslýsing
Dags: 4. september 2023



Vinstri: Landnotkun skv. aðalskipulagi Reykjavíkur fengið úr kortasjá SSH og lausleg afmörkun skipulagssvæðis með rauðu. Hægri: svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 br. 2018.

Svæðisskipulagsnefnd barst bréf úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar þar sem óskað var umsagnar um ofangreint. Eftirfarandi er umsögn svæðisskipulagsstjóra með vísan í gildandi svæðisskipulag og síðari br. ásamt öðrum samþykktum áætlunum sem hafa verið unnar á vettvangi svæðisskipulags og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH).

Skipulagsleg staða: Aðalskipulag Reykjavíkur 2040


Um er að ræða skipulagslýsingu fyrir breytingu á gildandi deiliskipulagi svæðisins. Í inngangi skipulagslýsingar segir:

Núverandi landnotkun á lóðunum Stekkjarbakka 4-6 og Álfabakka 7 mun taka breytingum í samræmi við stefnu Aðalskipulags Reykjavíkur 2040. Svæðið er nú skilgreint sem miðsvæði og verður landnotkunin blandaðri heldur en áður. Til stendur að Borgarlína muni liggja í nálægð við lóðirnar í Norður Mjódd. Í vinnu vegna breytingar á deiliskipulagi verður áhersla á blandaða byggð. Á lóðunum verði komið fyrir íbúðum, matvöruverslun, atvinnustarfsemi, dvalarsvæðum og samgönguinnviðum. Breytingin felst m.a. í því að breyta byggingarreitum, lóðarmörkum, hæð húsa og fjölbreyttri landnotkun frá því sem gildandi deiliskipulag frá 199. Ekki er um stækkun lóða að ræða en lóðarmörk geta breyst.

Í aðalskipulagi kemur fram að svæðið sé skilgreint sem nýtt íbúðarsvæði, að húshæðir séu heimilaðar frá 4 – 7 hæðir og að viðmið um hámarksþéttleika taki mið af nálægð við áhrifsvæði almenningssamgangna, sem geti verið svæðisnýting á bilinu 0,6 – 1,2 (60-120 íbúðir á ha) og 1,2 – 1,5 (120-150 íbúðir á ha) en að við endanlegt mat á umfangi uppbyggingar, ákvörðunum um hæðir húsa og byggingarform í deiliskipulagi þurfi að taka mið af fjölmörgum atriðum sem snerta umhverfisgæði; svo sem dagsbirtu inni sem úti, skuggavarpi, útsýni, loftræstingu, loftgæðum, hljóðvist og sólríkum og skjólgóðum garðsvæðum og öðrum útisvæðum.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2040

Skipulagsvæðið er skilgreint sem *bæjarkjarni/miðkjarni* annars vegar og *samgöngu- og þróunarás* hins vegar samkvæmt svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Skipulagsákvæði sem varða téð svæði koma helst fram í markmiði 1.2 í svæðisskipulagi, þar sem segir m.a.: *Meginþunga vaxtar verður beint á miðkjarna og önnur samgöngu miðuð þróunarsvæði. Hlutfall íbúðabyggðar á þeim svæðum vaxi úr 30% í 66% af allri borgarbyggðinni* og að fyrrgreind svæði verði *lykilsvæði fyrir uppbyggingu blandaðrar byggðar, verslun og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu*. Í svæðisskipulagi koma fram viðmið um einkenni slíkra svæða þar sem segir m.a.: *almenningsamgöngur hafði forgang í gatnakerfi og hágæða umhverfi skuli vera fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur*, sbr. töfla 2 bls. 36, sem sveitarfélögum er ætlað útfæra og afmarka nánar í aðalskipulagi og eftir tilfellum deiliskipulagi.



Vinstri: skýringarmynd úr svæðisskipulagi sem dregur fram samspil Borgarlínu og uppbyggingu við miðkjarna og samgöngu- og þróunarás, þar sem byggð er þéttust næst stöðum Borgarlínu. Hægri: skýringarmynd úr svæðisskipulagi um skipulag umhverfis fyrir alla ferðamáta.

Skipulag og þróun skipulagssvæðisins snertir við öllum markmiðum leiðarljóss 2 í svæðisskipulagi: *Skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi*, sem kveður á um að ferðapörf verður uppfyllt á skilvirkan og fjölbreyttan máta og að fólksfjöldgun verður mætt án þess að álag á stofnvegakerfið aukist í sama hlutfalli. Eftirfarandi markmið falla undir leiðarljós 2 ásamt aðgerðum sem falla þar undir:

- 2.1: Á höfuðborgarsvæðinu verður raunhæft val um skilvirka samgöngumáta.
- 2.1: Hlutdeild almenningsamgangna í öllum ferðum innan svæðisins árið 2040 verður a.m.k. 12%.
- 2.3: Hlutdeild göngu og hjóleiða í öllum ferðum innan svæðisins árið 2040 verður a.m.k. 30%.
- 2.4: Meginstofnvegir tryggja greiða og örugga umferð fólks og vöru.

Borgarlínubrautir og stöðvar - svæðisskipulag frh.



Í svæðisskipulagsbreytingu dags. 2018 kemur fram að sveitarfélög þurf að sýna leiðir Borgarlínu í aðalskipulagi og að á þeim leiðum þurfi að útfæra sérrými fyrir Borgarlínubrautir í göturýminu, sem geti átt sér stað við gerð deiliskipulag. Í vissum tilvikum kunna aðstæður að vera þannig að ekki er unnt að útbúa sérstakar Borgarlínubrautir og ekki annað hægt en að hún blandist almennri umferð. Dæmi um slíkt er á gatnamótum. Í slíkum tilvikum þarf að leita leiða til að veita Borgarlínu forgang með öðrum leiðum s.s. ljósastýringu.

Uppbygging í kjörnum og samgöngu- og þróunarásum – svæðisskipulag frh.

Í svæðisskipulagsbreytingu frá 2018 koma fram frekari ákvæði um skipulag og uppbyggingu næst samgöngu- og þróunarás höfuðborgarsvæðisins. Þar kemur fram að forsenda þess að Borgarlína verði vel nýtt er annarsvegar nægjanlegur þéttleiki íbúa og starfa og hins vegar gott aðgengi að stöðvum. Mikilvægt er að umhverfis stöðvar í bæjarkjörnum og á samgöngumiðuðum svæðum sé nægjanlegur þéttleiki byggðar til að tryggja góðan farþegagrunn. Almenn megi gera ráð fyrir að notendur séu reiðbúnir til að ganga 400-600 m að hágæðakerfi, lengur eftir því sem tíðnin og þjónustan er meiri. Leggja þarf mikla áherslu á að skipulag þróunarása sé samgöngumiðað (e. transit-oriented) í þeim skilningi að lögð er áhersla á gott yfirbragð, þéttingu og blöndun byggðar og að umhverfið sé liðlegt þeim sem fara ferðar sinnar og sækja þjónustu fótgangandi eða hjólandi.

Viðmið um þéttleika byggðar innan áhrifasvæðis samgöngu- og þróunarás er vísað til útfærslu í aðalskipulagi sveitarfélaganna, í samræmi við aðgerð 1.2.4, sem verði útfærð enn nánar þegar kemur að deiliskipulagi og framkvæmdahönnun uppbyggingu Borgarlínu. Einnig kemur fram að þegar sveitarfélög festa legu Borgarlínu í aðalskipulag setja þau samhliða inn ákvæði um aukna svæðisnýtingu á þróunarsvæðum næst Borgarlínu. Þá skuli grein fyrir hvenær auknar uppbyggingarheimildir virkjast þannig að ekki komi til þéttingar byggða á forsendu

Borgarlínu áður en framkvæmd línu er komin á það stig að uppbygging sé tímabær. Setja skuli ákvæði sem snýr að því að sú uppbygging sem er bundin við að Borgarlína rísi virkist við framkvæmdamat línu, sem viðkomandi svæði liggur við. Í svæðisskipulagsbreytingunni segir enn fremur að til þess að þróun Borgarlínu verði farsæl er mikilvægt að sveitarfélögin setji kröfur um bíla- og hjólastæði á þróunarsvæði Borgarlínu, sem styðji við notkun almenningsamgangna til/frá svæðinu .




Vinstri. Loftmynd af skipulagssvæði. Hægri: Uppbygging Borgarlínu skv. gildandi samgöngusáttmála.

Sáttmáli um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu

Samgöngusáttmáli ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu var undirritaður 26.09.2019 og fellur skipulagssvæðið undir framkvæmdir sem þar eru tilgreindar. Gert er ráð fyrir sérrými Borgarlínu sem verði komið í þriðju lotu framkvæmda og að ný stofnleið muni ganga milli Vogabyggðar og Mjóddar, og austur í Fell og Sali. Vinna við uppfærslu samgöngusáttmála stendur nú yfir og gert er ráð fyrir að viðauki við hann verði kynntur veturinn 2023.

Stofnstígar hjólréiða – samgöngusáttmáli framhald

Samkvæmt áætlun um forgangsstöðun uppbyggingu stofnleiða hjólréiða 2020 – 2033 sem Vegagerðin og samráðshópur sveitarfélaga um uppbyggingu stofnstígs hjólréiða á höfuðborgarsvæðinu hefur unnið, er gert ráð stofnleið og tengileið hjólréiða við og meðfram skipulagssvæðinu.





Stofnstíganet höfuðborgarsvæðisins skv. tillögum verkefnahóps.

Mannlíf, byggð og bæjarrými: leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur

Síðustu misseri hafa Skipulagsstofnun og Samtök Sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu unnið að þróun leiðbeininga um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli. Verkefnið er hluti af útfærslu stefnumörkunar um byggð og bæjarrými og samgöngur sem sett er fram í landsskipulagsstefnu og svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Leiðbeiningarnar eru ætlaðar öllum sem fást við og láta sig varða skipulag, samgöngur og gæði byggðar og munu nýtast við skipulag, hönnun og uppbyggingu byggðar og bæjarrýma. Vinnslutillaga að leiðbeiningunum er nú aðgengileg á heimasíðu Skipulagsstofnunar.



Skjaskot úr leiðbeiningum sem eru aðgengilega á heimasíðu Skipulagsstofnunar.

Umsögn

Í fyrirbyggjandi samantekt hefur verið stiklað á stóru á helstu skipulagsákvæðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 og verkefnum sem hafa verið unnin á vettvangi svæðisskipulagsnefndar og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Ekki er um tæmandi samantekt að ræða og er skipulagshöfundum ráðlagt að kynna sér frekar leiðarljós og markmið svæðisskipulags og svæðisskipulagsbreytingar frá 2018, sbr. markmið 3.1. (*Alþjóðleg samkeppnisstaða höfuðborgarsvæðis verður styrkt*), markmið 4.1 (*Íbúar höfuðborgarsvæðisins eiga aðgang að fjölbreyttum útivistar*) og umfjöllun um græna geira, markmið 5.1. (*Borgarbyggðin mótist af viðmiðum 20 mínútna hverfisins*) og markmið 5.1. (*Á höfuðborgarsvæðinu verði fjölbreyttur húsnæðismarkaður sem uppfylli þarfir íbúa*).

Með vísan í ofangreint má huga að eftirfarandi þáttum við frekari mótun skipulags svæðisins:

- Útfærslu, aðbúnað og athafnarými á skipulagssvæði vegna framkvæmda samgöngusáttmála, þ.á.m. sérakreinar Borgarlínu, mögulega staðsetningu stöðva Borgarlínu og aðbúnaði umhverfis.
- og tengingar við stofnstíganet höfuðborgarsvæðisins.
- Uppbyggingu mannvirkja meðfram samgöngu- og þróunarás, ásýnd byggðar, viðmiðum um þéttleika og blöndun starfsemi.
- Hvenær auknar byggingarheimildir virkist samhliða uppbygging Borgarlínu, þ.e. ákvæði að uppbygging sé bundin við að Borgarlína rísi.
- Jafnframt er bent á að samhliða deiliskipulagsvinnu mætti greina möguleg framtíðar tækifæri fyrir bættar tengingar fyrir almenningssamgöngur og gangandi/hjólandi vestur yfir Reykjanesbraut að Skemmuvegi í Kópavogi, sem fellur einnig undir afmörkun bæjarkjarna í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Virðingarfyllt,

Jón Kjartan Ágústsson

Jón Kjartan Ágústsson
svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins